allt
HRÖNN OG STEFANÍA:
*Gefa upplýsingar um heilsugæslu*
• heilsa • brúðkaup
Í MIÐJU BLAÐSINS



SPAUGSTOFAN
*Sýna Kabarettinn Efst á spaugi í Súlnasal*
GLEÐILEG DAGSKRÁ FYRIR GÓÐA ÍSLENDINGA
FÓLK 30



!
90,9

MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
6. september 2005 - 240. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

# Lilja fær að ættleiða

**Lilja Sæmundsdóttir, konan sem dómsmálaráðuneytið synjaði um að ættleiða barn frá Kína, hefur unnið sigur. Hún hefur fengið samþykki frá ráðuneytinu eftir að hafa barist fyrir dómstólum fyrir því að jafnt gangi yfir alla.**

**ÆTTLEIÐINGAR** Lilja Sæmundsdóttir sem barist hefur fyrir því fyrir dómstólum að fá að ættleiða barn frá Kína hefur unnið sigur. Hún hefur fengið erindi þess efnis frá dómsmálaráðuneytinu að það hafi veitt henni forsamþykki til að ættleiða barn frá Kína.

„Ég er sérstaklega ánægð með að réttlætið skyldi ná fram að ganga, þannig að jafnt gangi yfir alla," sagði Lilja við Fréttablaðið í gær. „Þess vegna ákvað ég að fara með þetta alla leið. Svo er ég afar glöð yfir þessum málalokum, en það er hlutur sem ég tekst á við í rólegheitum eins og ég á að gera," bætti hún við og undirstrikaði að þar sem málið væri nú komið af opinberum vettvangi myndi hún ekki tjá sig frekar um það.

Lilja sótti um forsamþykki til ættleiðingar til dómsmálaráðuneytis. Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar mælti eindregið með því að forsamþykki til ættleiðingarinnar yrði veitt. Þá leitaði ráðuneytið til ættleiðingarnefndar með vísan til þess að þyngd umsækjanda væri yfir kjörþyngd. Nefndin mælti ekki með leyfi til ættleiðingar þrátt fyrir að fyrirliggjandi væru ítarleg læknisvottorð um heilbrigði Lilju. Ráðuneytið synjaði ættleiðingarumsókninni.

Lilja höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann felldi í dómsniðurstöðu sinni synjunarúrskurð dómsmálaráðuneytisins úr gildi. Hins vegar vísaði dómurinn frá viðurkenningarkröfu Lilju um að hún uppfyllti skilyrði til forsamþykkis, þar sem það væri í verkahring stjórnvalda en ekki dómstóla að kveða á um slíkt. Lögmaður Lilju, Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl., kærði síðarnefnda atriðið til Hæstaréttar. Jafnframt fór Ragnar Aðalsteinsson hrl. fram á endurupptöku umsóknar Lilju hjá ráðuneytinu. Nú fékk hún samþykki. Kæran til Hæstaréttar er þar með niður fallin.

„Ég hlýt að fagna því að ráðuneytið skuli hafa ákveðið að viðhafa réttar aðferðir til að komast að niðurstöðu," sagði Sigríður Rut, lögmaður Lilju. „Með því er að sjálfsögðu ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að veita forsamþykki. Hér eftir geri ég ráð fyrir að ráðuneytið muni fara að lögum þegar það er að taka afstöðu til umsókna um ættleiðingar, en ómálefnaleg sjónarmið verði ekki látin ráða för."

jss@frettabladid.is



**GRÁTIÐ Í NEW ORLEANS** Leonard Thomas grét þegar sérsveit lögreglunnar réðst inn í hús fjölskyldu hans í New Orleans. Nágrannar hans höfðu sagt að ókunnugt fólk hefði í leyfisleysi sest að í húsinu. Þurfti Thomas að leggja fram sannanir fyrir því að fjölskylda hans ætti húsið til að fá að vera þar áfram.

Sjá síður 2 og 4

Umsókn um aðild að Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna ákveðin fyrir upphaf þings:

# Utanríkisráðherrarnir vilja skýr svör

**STJÓRNMÁL** „Þetta mál er ekki búið að gera upp endanlega og því stendur umsóknin enn. Við vinnum enn í málinu," segir Davíð Oddsson utanríkisráðherra um aðildarumsókn Íslands að Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. „Það má segja að við séum að leita leiða og kanna hvort hægt sé að halda þessu áfram með miklu minni kostnaði en menn höfðu áður velt fyrir sér."

Davíð átti fund með utanríkisráðherrum Norðurlandanna fyrir rúmri viku í Danmörku. „Þeir tóku þetta mál upp við mig og ég ræddi þetta. Það er heilmikill þrýstingur af þeirra hálfu að við hverfum ekki frá þessu," segir Davíð og bætir við að ákvörðun verði tekin áður en þing kemur saman í haust.



**DAVÍÐ ODDSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA** Utanríkisráðherrar Norðurlanda vilja svör um það hvort umsókn Íslands um aðild að Öryggisráði SÞ standi.

Kjörið til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna verður ekki fyrr en 2008 en umfangsmikil kosningabarátta er fyrir höndum þangað til. Áætlað hefur verið að kostnaður við framboð Íslands verði vart minni en 600 milljónir króna en Íslendingar etja kappi við Tyrki og Austurríkismenn um sæti í Öryggisráðinu. Norðurlandaþjóðirnar hafa skipst á um að bjóða sig fram til Öryggisráðsins en þetta er í fyrsta sinn sem Ísland lýsir áhuga á setu í ráðinu. - jh

## ÞRIÐJUDAGUR

### Með pönkhljómsveit í messukaffinu

Ása Björk Ólafsdóttir var vígð til prests ásamt tveimur öðrum konum, sett í embætti annars prests Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, hélt sína jómfrúarpredikun og kom síðan öllum á óvart með því að giftast unnusta sínum Óskari Þórissyni. Allt þetta á einum degi.



TÍMAMÓT 22

### Hver er Barði?

Stuttmyndinni Who's Barði? eftir Ragnar Bragason hefur verið boðið til keppni á hinni virtu, alþjóðlegu kvikmyndahátíð Atlantic Film Festival. Í myndinni var fylgst með Barða og er útkoman þrælskemmtileg og kemur margt óvænt í ljós.



MENNING 82

### Guðjón verður ekki kærður

Stjórn knattspyrnudeildar Keflavíkur mun ekki kæra Guðjón Þórðarson fyrir samningsrof eins og talað var um að gera þegar Guðjón sagði starfi sínu lausu þrem dögum fyrir fyrsta leik í Landsbankadeildinni.



ÍÞRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARVIÐRI VESTAN TIL** og á Vestfjörðum. Rigning eða súld sunnan og austan til og sumstaðar á annesjum nyrðra. Hiti 3-11 stig, hlýjast suðvestan til.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL KVENNA 25–45 ÁRA
Heilsan er dýrmæt




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005.



**ELDUR Á FISKISLÓÐ** Lögreglan rannsakar eldsupptök.

Íkveikjur í höfuðborginni:

# Lögregla leitar brennuvargs

**BRUNAR** Lögreglan í Reykjavík svipast um eftir brennuvargi eftir ítrekaða íkveikju í iðnaðarhúsnæði við Fiskislóð, að morgni sunnudags og mánudags.

Þá er talið líklegt að kveikt hafi verið í pappakössum sem geymdir voru í kyndiklefa í Melabúðinni aðfaranótt sunnudags.

Aðfaranótt mánudags var maður handtekinn í miðbænum grunaður um að hafa kveikt í rusli í porti við skemmtistaðinn Pravda í Lækjargötu í Reykjavík. Sá var hins vegar í haldi lögreglu þegar aftur var kveikt í á Fiskislóðinni.

Sjá síðu 18 - óká

Raftækjakeðjan Merlin:

# Baugur meðal fjárfesta

**VIÐSKIPTI** Líklegt er að Baugur verði meðal þeirra fjárfesta sem munu koma að kaupum á dönsku verslanakeðjunni Merlin.

Sverrir Berg Steinarsson, fyrrverandi forstjóri Dags Group, leiðir hóp fjárfesta sem eiga í viðræðum við FDP sem á Merlin. Tap hefur verið á rekstrinum og nam tapið í fyrra 1,3 milljörðum króna.

Sverrir Berg er annar aðaleigandi Dags Group ásamt Róberti Melax sem aftur hefur átt í nánu samstarfi við Karl Wernersson, eiganda Milestone. Talið er að Milestone sé í hópi íslensku fjárfestanna. Ef af kaupum verður er meiningin að nýta reynsluna af rekstri BT-verslananna til að snúa við rekstri Merlin.

- hh / sjá síðu 21

Frjáls íbúðalán
4,15%
verðtryggðir vextir
FRJÁLSI
Himinn og haf/SÍA



## SPURNING DAGSINS

*Rúnar, voru þeir farnir að lykta?*

„Nei, það var ekki orðið svo slæmt.“

Rúnar Arnarsson er formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, sem brá á það ráð á dögunum að auglýsa eftir þvottavélum og öðrum heimilistækjum fyrir erlenda leikmenn Keflavíkur.

Davíð Oddsson ávarpar flokksfulltrúana í Reykjavík:

# Er í framboði meðan annað er ekki tilkynnt

**STJÓRNMÁL** Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gaf engar yfirlýsingar um framtíð sína í stjórnmálum þegar hann ávarpaði fjölmennan fund Varðar – fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík í gær.

Orðrómur hefur verið uppi um að Davíð hyggist standa upp úr sæti formanns Sjálfstæðisflokksins á landsfundi flokksins sem haldinn verður eftir um sex vikur.

„Ég hef ekki gefið neina tilkynningu um annað. Meðan það stendur er það þannig,“ sagði Davíð þegar blaða- og fréttamenn spurðu hann eftir fundinn í gær hvort hann ætlaði að bjóða sig fram til formanns flokksins.

Aðspurður um það hvort hann skuldaði flokksmönnum svar á hvorn veginn sem það yrði sagði Davíð að landsfundurinn væri endapunkturinn.

„Ég þarf ekki að gefa neitt út fyrr en þar. Á landsfundinum eru allir í kjöri. Það er óbundin kosning. Þessi fundur nú var aðeins um borgarmálin og prófkjörið,“ sagði Davíð.

Samþykkt var á fulltrúaráðsfundinum í gær að halda prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík 4. og 5. nóvember vegna borgarstjórnarkosninganna næsta vor. **- jh**



**DAVÍÐ ODDSSON MEÐ FRÉTTAMÖNNUM VIÐ VALHÖLL** Fundur fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Valhöll var fjölmennur og var allt eins búist við að Davíð hygðist ræða pólitíska framtíð sína nú þegar sex vikur eru til landsfundar flokksins.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BÖRNIN HJÁLPA TIL Á HOFI** Ísabella Ösp, Arnór og Klara Rún voru iðin við störf á leikskólanum Hofi við Gullteig í Reykjavík í gær.

Leikskólar:

## Vantar 120 starfsmenn

**LEIKSKÓLAR** Um eitt hundrað starfsmenn vantar enn til að fullmanna leikskólana í Reykjavík, segir Gerður G. Óskarsdóttir sviðstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Á leikskólum Kópavogsbæjar vantar starfsmenn í um tuttugu stöður í sextán leikskóla bæjarins.

Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, segir ástandið með versta móti í ár. Fleiri en einn starfsmann vanti á suma leikskólana en aðrir séu fullmannaðir. Hún segir engar tölur tækar um hve mörg börn bíði þess að komast að vegna manneklunnar. **- gag**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HRAÐAKSTUR Á SUÐURLANDI** Lögreglan á Vík í Mýrdal hafði tekið alls sex ökumenn fyrir of hraðan akstur á þjóðveginum laust eftir hádegi í gær en fjöldinn þykir mikill þar á bæ svo snemma dags.

**EIGNASPJÖLL Í KEFLAVÍK** Framin voru eignaspjöll á tveimur bifreiðum í Keflavík í gærnótt og er um töluverðar skemmdir að ræða á báðum bílum. Lögregla rannsakar málið en tjónvaldurinn er ófundinn.

# Tvær konur fundnar en einnar enn leitað

**Lilja Aðalbjörg Ólafsdóttir Hansch og Karly Jóna Kristjónsdóttir Legere eru fundnar. Þær voru báðar heilar á húfi heima eftir fellibylinn Katrínu. Halldór Gunnarsson bankaði upp á hjá þeim. Einnar konu, Ritu Daudin, er leitað.**

**HAMFARIR** Einnar íslenskrar konu, Ritu Daudin, er saknað eftir að fellibylurinn Katrín reið yfir New Orleans og nágrenni fyrir rúmri viku. Rita er 67 ára gömul og býr í hverfinu Metairie í New Orleans.

Hilmar Skagfield, ræðismaður Íslendinga í Tallahassee, segir lögreglumenn leita Ritu en úthverfið þar sem hún búi sé á kafi í vatni eftir fellibylinn.

Lilja Aðalbjörg Ólafsdóttir Hansch sem leitað var frá fyrsta degi fannst heil á húfi í heimili sínu í Gulfport á sunnudagsmorgun. Karly Jóna Kristjónsdóttur Legere, kölluð Systa, eiginmaður hennar og tvær uppkomnar dætur komu svo í leitirnar um miðjan dag í gær. Þeirra hafði verið leitað frá því í fyrradag.

Halldór Gunnarsson, sem býr í Long Beach í Mississippi, bankaði fyrst upp á hjá Lilju: „Henni leið vel. Ég spurði hvort hana vantaði eitthvað en hún kvað svo ekki vera.“ Halldór hóf leit að Lilju eftir að mágur hennar hafði samband við hann og bað um aðstoð við leitina. Í kjölfarið hafði utanríkisráðuneytið samband við Halldór og bað hann að leita að Systu. Hún býr ásamt fjölskyldu sinni í Diamond Head, um 75 kílómetra norðaustur af New Orleans sem fór illa í óveðrinu. Þangað hélt Halldór í gær.

„Miklar skemmdir urðu á bílskúrnum við heimili Systu en húsið stóð. Henni leið mjög vel og var að leggja sig þegar ég fann hana. Hvorki amaði neitt að henni né að fjölskyldu hennar,“ sagði Halldór sem hafði ekki sofið í tvo sólarhringa vegna leitarinnar að íslensku konunum.



**SNÝR HEIM Í MATAIRIE-HVERFIÐ Í NEW ORLEANS** Hér sést bandaríska konan Carroll Zehner heilsa hamstrinum sínum þegar hún sneri heim eftir fellibylinn. Hún býr rétt eins og Rita í hverfinu Matairie í New Orleans sem er umlukið vatni.

Halldór mun ekki leita að Ritu: „Það er miklu erfiðara fyrir mig að komast til New Orleans því búið er að loka þjóðveginum. Ég hef því aðeins getað leitað hér í kring. Ég myndi þó keyra til Kaliforníu og leita að fólki þar, ef þyrfti og ég gæti, því það er sannarlega þess virði að geta fært ættingjum svona gleðifréttir.“

Systkini Lilju, Jakob og Helga, voru að vonum ánægð að heyra að systir þeirra væri óhult. „Þetta er sannarlega mikill léttir,“ segir Jakob sem hafði ráðgert að halda utan í dag og leita sjálfur að henni.

bergsteinn@frettabladid.is
gag@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FÓLK SNÝR AFTUR HEIM** Allt að 30 kílómetra langar bifraðir mynduðust á þjóðvegi númer 61 þegar fólk sneri aftur heim til Jefferson Parish sem er rétt utan við New Orleans.

Danir áhyggjufullir:

## Lifa skemur en aðrir í Evrópu

**DANMÖRK** Danir lifa skemur en aðrir Evrópubúar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá OECD og er áfengisdrykkju og of lítilli lyfjanotkun kennt um. Íslendingar, Norðmenn og Svíar eru hins vegar meðal fimm langlífustu þjóða Evrópu.

Töluverð umræða hefur verið í Danmörku um hreyfingarleysi þjóðarinnar. Hrundið hefur verið af stað átaki til þess að fá öll börn á skólaaldri til að hreyfa sig í að minnsta kosti klukkustund á dag. Þá hefur Friðrik krónprins hvatt þjóð sína til þess að hreyfa sig meira og draga um leið úr notkun bílsins og lyftunnar. **- ks**

Aron Pálmi Ágústsson:

## Enn bið á lausn

**DÓMSMÁL** Aroni Pálma Ágústssyni verður ekki sleppt úr stofufangelsi í Texas eins og vonir stóðu til fyrr en í fyrsta lagi um miðjan þennan mánuð.

Afreiðslu mála á borð við hans hefur verið frestað vegna aðgerða fylkisstjórnarinnar í kjölfar fellibyljarins Katrínar.

Von er á þúsundum flóttamanna til Texas frá þeim héruðum sem verst urðu úti þegar Katrín gekk yfir suðurhluta Bandaríkjannau. Hafa stjórnvöld sett allan kraft í það verkefni og verður Aron því að bíða enn um sinn eftir að komast til Íslands. **- aöe**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FRÁ SLYSSTAÐNUM** Tilkynning um slysið barst lögreglu um klukkan tvö en maðurinn var á tvítugsaldri.

Banaslys við Vagnhöfða:

## Féll í sandsíló

**SLYS** Ungur maður lést í vinnuslysi við Vagnhöfða skömmu eftir hádegi í gær eftir að hann féll ofan í sandsíló. Var hann úrskurðaður látinn þegar sjúkra- og slökkviliði tókst að ná honum út.

Óvíst er um tildrög slyssins en bæði rannsóknardeild lögreglu og Vinnueftirlitið fara með rannsókn þess. **- aöe**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SLASAÐIST Á VÉLHJÓLI** Ungur piltur fótbrotnaði þegar hann ók utan í vegaskilti á vespu sem hann hafði ekki tilskilinn aldur til að aka í Vestmannaeyjum seinnipartinn í gær. Var hann fluttur á slysadeild suður til Reykjavíkur.




Lilja Aðalbjörg Ólafsdóttir Hansch er fundin:

## Leið eins og á eyðieyju

**HAMFARIR** Lilja Aðalbjörg Ólafsdóttir Hansch segir það versta við fellibylinn hafa verið að missa sambandið heim og ná ekki í systur sína Helgu Hrönn. Henni hafi liðið eins og á eyðieyju fyrstu dagana því hjálpin var engin. Lilja lá á útidyrahurðinni í þrjár klukkustundir til að halda henni aftur á meðan fellibylurinn geisaði.

„Þetta er ekki bara rok eins og heima á Íslandi. Þrátt fyrir að vera í sterkbyggðu steinhúsi skjálfa veggirnir,“ sagði Lilja þegar símasambandið við heimili hennar var nýkomið á. Enn var rafmagnslaust. Fyrstu þrjá dagana eftir fellibylinn Katrínu var einnig vatnslaust.

„Þá drakk ég það sem var í ísskápnum, en vegna rafmagnsleysis varð maturinn í honum fljótt ónýtur.“ Lilja segir útgöngubann í gildi eftir klukkan sjö á kvöldin. Fyrir þann tíma þurfi þurfi fólk að versla og taka bensín. Hvor röðin um sig taki þrjár klukkustundir.

„Við erum mjög heppin hérna,“ segir Lilja spurð um aðstæðurnar: „Þakið er hálft farið og allt það, en þetta bjargast. Maður bjargar sér.“ **- gag**



**LILJA ÓLAFSDÓTTIR HANSCH** Lilja segir að sér hafi mestum áhyggjum valdið að ná ekki símasambandi heim til fjölskyldu sinnar.

# Innlit/Útlit

Hefst í kvöld kl. 21!



ENNEMM / SÍA / NM18022

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 05.09.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,12 | 61,42 |
| Sterlingspund | GBP | 113 | 113,54 |
| Evra | EUR | 76,67 | 77,67 |
| Dönsk króna | DKK | 10,28 | 10,34 |
| Norsk króna | NOK | 9,793 | 9,851 |
| Sænsk króna | SEK | 8,249 | 8,297 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5607 | 0,5639 |
| SDR | XDR | 90,79 | 91,33 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**106,8203**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Efnahagsleg áhrif fellibylsins Katrínar:

# Hagvöxtur minnkar um allan heim

**LONDON, AP** Afleiðinga fellibylsins Katrínar á Mexíkóflóa mun gæta um allan heim á næsta ári að mati hagfræðinga. Ástæðurnar eru að hækkandi olíuverð hefur áhrif á efnahagskerfi um allan heim.

Peter Morici, prófessor í Maryland-háskóla, fylgist með samlegðaráhrifum alþjóðaviðskipta og segir að neytendur um allan heim þurfi að eyða meiri fjármunum í allt frá olíu til flugmiða. „Hækkandi olíuverð í Bandaríkjunum hefur hækkandi áhrif á olíuverð í Evrópu og Asíu,“ segir Morici. „Bandarískt efnahagskerfi hægir á sér, Bandaríkjamenn kaupa færri vörur frá Evrópu og þannig veldur bandaríska efnahagskerfið samdrætti í efnahag Evrópuríkja,“ segir hann.

Morici segir að eftirköst fellibylsins hafi alvarlegustu efnahagslegu afleiðingar á hagvöxt í heiminum frá því Íraksstríðið hófst og að neytendur verði að venja sig við þá hugsun að verð lækki ekki fljótlega að nýju. Hækkanirnar séu til langframa. - sda



**FRÁ NEW ORLEANS** Hækkandi olíuverð í kjölfar fellibylsins í suðurríkjum Bandaríkjanna hefur áhrif á efnahagskerfi um allan heim.

Japanar:

## Bjóða olíu til hjálpar

**TÓKÝÓ, AP** Japanar íhuga að ganga á olíuforða sinn og senda hluta af neyðarbirgðum sínum til Bandaríkjanna vegna olíuskorts sem þar hefur myndast í kjölfar fellibylsins Katrínar sem reið yfir Mexíkóflóa.

Olíuvinnslustöðvar, innflytjendur og heildsalar í Japan eru skyldugir til að eiga 70 daga olíuforða, en markið verður lækkað verði ákveðið að senda hluta birgðanna til Bandaríkjanna.

Í síðustu viku ákváðu 26 ríki sem eiga aðild að Alþjóðaorkumálastofnuninni að senda tvær milljónir tunna á dag úr varaforða sínum til Bandaríkjanna. ■

Taílendingar aðstoða:

## Senda lækna og hrísgrjón

**BANGKOK, AP** Taílendingar ætla að senda að minnsta kosti 60 lækna og hjúkrunarfræðinga til hjálpar á flóðasvæðunum í suðurríkjum Bandaríkjanna. Auk þess verða birgðir af hrísgrjónum sendar til hamfarasvæðanna.

Taílendingar sögðust í bréfi til Bush Bandaríkjaforseta hafa áhyggjur af matarskorti í kjölfar flóðanna og buðust til að senda hrísgrjón. ■



**MANNI BJARGAÐ** Sérfræðingar í skipulagningu hjálparstarfa hafa verið sendir frá Evrópu.

Evrópubúar senda aðstoð:

## Tjöld og teppi á flóðasvæðin

**PARÍS, AP** Fimm sérfræðingar í skipulagi hjálparstarfa á vegum franska Rauða krossins flugu til Bandaríkjanna í gær. Í fyrradag komu tólf sérfræðingar frá sex öðrum Evrópulöndum til flóðasvæðanna til að aðstoða við skipulagninguna.

Fyrsta sending með hjálpargögnum fór frá Frakklandi í gær. Tjöld, teppi, læknaútbúnaður ásamt fleiru var sent frá bækistöðvum franska hersins á frönsku eyjunni Martiník í Karíbahafinu. ■



**HÖRMUNGAR AF VÖLDUM KATRÍNAR ERU MIKLAR** Hópar fólks hafa loks hafist handa við það hörmulega starf að safna saman líkum af götum borgarinnar. Ótölulegur fjöldi líka er enn á floti í flóðvatninu, í byggingum eða liggur á víðavangi.

# Lík fljóta í vatninu eða eru á víðavangi

**Nauðsynlegt er að flytja alla íbúa frá New Orleans svo að uppbyggingarstarf geti hafist. Óleyfilegt að nokkur verði eftir svo hreinsunarstarf gangi sem best. Fjöldi fólks neitar að yfirgefa heimili sín. Líkum safnað af götum borgarinnar.**

**HAMFARIR** Meirihluti fórnarlamba fellibylsins í New Orleans hefur nú verið fluttur frá borginni. Leitarfólk fer nú hús úr húsi til þess að reyna að finna fólk á lífi sem þarfnast hjálpar og svo flytja megi hvern einasta íbúa borgarinnar á brott.

Lögreglan skaut á hóp byssumanna og drap að minnsta kosti tvo. Byssumennirnir skutu á hóp viðgerðarmanna sem voru á leið yfir brú í borginni. Dregið hefur úr glæpum og ofbeldi eftir að þúsundir þjóðvarðarliða voru fluttar til borgarinnar til að koma á lögum og reglu. Flestir þjófnaðanna sem nú eiga sér stað eru framdir í neyð og er litið fram hjá því ef nauðstaddir stela sér matvælum eða drykkjarvörum til þess beinlínis að halda lífi.

Hópar fólks hafa loks hafist handa við það hörmulega starf að safna saman líkum af götum borgarinnar. Ótölulegur fjöldi líka er enn á floti í flóðvatninu, fastur í byggingum eða liggur á víðavangi. Yfirvöld vara við því að tala látinna geti farið að hækka all ískyggilega og óttast að mannfall geti skipt þúsundum.

Björgunarmenn standa frammi fyrir þeim vandræðum að fjöldi fólks neitar að yfirgefa húsnæði sitt. Sumir segjast vilja vernda eigur sínar, en aðrir vilja ekki yfirgefa gæludýr sín sem ekki eru leyfð í neyðarskýlunum.

Haft er eftir aðstoðarinnanríkisráðherra Bandaríkjanna, Michael Chertoff, í Washington Post að engum verði leyft að vera eftir. „Við munum ekki leyfa það að fólk dvelji í húsum sínum vikum og mánuðum saman meðan við dælum vatni úr borginni og hreinsum hana,“ sagði hann. Borgarstjóri New Orleans, Ray Nagin, tók undir orð Chertoff og sagði það öryggisatriði að allir yfirgæfu borgina.

sda@frettabladid.is

Ríkisstjóri Texas:

## Fleiri fylki taki við fólki

**AUSTIN, AP** Ríkisstjórinn í Texas ætlar að kanna hvort hægt sé að flytja hluta fórnarlamba fellibyljarins, sem safnast hafa saman í Texas, til annarra ríkja sem hafa boðið hafa aðstoð.

Þegar hafa um 250 þúsund manns flúið til Texas og fjölgar ört. „Neyðarskýli standa auð í öðrum ríkjum meðan þúsundir flykkjast til Texas daglega. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að sinna þörfum þeirra sem hingað koma en við þurfum aðstoð frá öðrum ríkjum,“ segir Rick Perry ríkisstjóri. ■



**FÓRNARLÖMB Á VERGANGI** Grikkir ætla að senda tvö skemmtiferðaskip til að hýsa þúsundir fórnarlamba fellibylsins.

Grikkir bjóða aðstoð:

## Lána tvö lystiskip

**AÞENU, AP** Gríska ríkisstjórnin tilkynnti í gær að Bandaríkjastjórn hefði samþykkt að send yrðu tvö skemmtiferðaskip til að hýsa fórnarlömb flóðanna í suðurríkjum Bandaríkjanna. Vonast er til að skipin geti hýst þúsundir manna í nokkra mánuði.

Grikkir hafa einnig boðið fram aðstoð hjálparstarfsmanna úr slökkviliðum landsins sem hafa reynslu af því að bjarga fórnarlömbum úr jarðskjálftum og öðrum náttúruhamförum. Einnig hafa Grikkir boðist til að senda margs konar hjálpargögn. ■





**Viðskiptakort**

**einstaklinga**

**Nánari upplýsingar í síma:**

**591 3100**

hausverk / SÍA

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**VESTFIRÐINGAR FAGNA**

Fari veðrið á Vestfjörðum og reyndar vestan til á landinu á þann veg sem spár gera ráð fyrir gæti þessi dagur orðið býsna fallegur þar. Reyndar verður nokkuð vindasamt á landinu almennt séð og þar á meðal vestra en birtan skilar sér ávallt í betra lundarfari hjá landanum. Það hygg ég að sé alveg klárt. Svei mér þá ef Vestfirðingar, þessir jaxlar, fái ekki dálitla uppbót á sumarið!!

**HORFUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU:**

Fremur hæg norðaustlæg átt. Hætt við lítilsháttar vætu í morgunsárið en um og eftir hádegi ætti að rofa ágætlega til. Hiti 5-10 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Yfirleitt nokkur vindur en hægari á Vestfjörðum.

*» miðvikudagur*




Nokkur vindur, breytileg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C heiðskírt | París | 24°C skýjað-skúr | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Osló | 22°C heiðskírt | Berlín | 26°C heiðskírt | Milano | 23°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 21°C heiðskírt | Frankfurt | 29°C heiðskírt | New York | 24°C heiðskírt |
| Helsinki | 17°C hálfskýjað | Madríd | 25°C hálfskýjað | San Francisco | 20°C heiðskírt |
| London | 25°C skýjað-skúr | Barcelona | 26°C skúrir | Orlando/Flórída | 32°C skýjað-skúr |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



BETRA
VERÐ
fyrir heimilið
GUSTAVSBERG
Vnr.13002300/10
Salerni
Gustavsberg
Nordica salerni
með innbyggðum
S-stút 7,5 cm
eða með P-stút.
19.900
28.340
GUSTAVSBERG
22.995
Vnr.13002330
Salerni
16.900
Gustavsberg Nordic,vegghengd
skál, án setu, 50 cm.
GUSTAVSBERG
17.475
Vnr.13005162
Handlaug
12.900
Gustavsberg handlaug í borð 56X40 cm.
Bestu BYKO kaupin
ÞAÐ BESTA SEM VIÐ BJÓÐUM
GÆÐAVÖRUR
11.900
15.900
Vnr.15334651
Sturtutæki
Grohe sturtutæki Auto 2000
hitastýrt með brunaöryggi.
8.167
Vnr.15321233
Handlaugartæki
5.900
Grohe Atlanta 2 handlaugartæki með lyftitappa.
GROHE
Vatn og vellíðan
6.490
9.916
Vnr.15334358
Baðtæki
15.900
21.900
Grohe AUTO 2000 baðtæki,
hitastýrt með brunaöryggi.
GROHE
Vatn og vellíðan
Vnr.15328669
Sturtusett
Grohe sturtusett EXQ.
Stöng, stillanlegur
handúðari, barki 1500
mm og sápuskál.
Vnr.15333464
Eldhústæki
Grohe eldhústæki
Eurosmart.
9.900
13.900
BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR



## KJÖRKASSINN

*Á að styrkja foreldra ungra barna sem vilja vera heima?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 74% |
| Nei | 26% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú fundið fyrir aukaverkunum vegna lyfjatöku?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Flugslys í Indónesíu:

# Á annað hundrað létust

**INDÓNESÍA, AP** Þota í innanlandsflugi hrapaði niður í íbúðahverfi í Indónesíu aðeins fáeinum sekúndum eftir flugtak með þeim afleiðingum að í það minnsta 131 létust, margir þeirra voru á jörðu niðri. Fimmtán farþegar lifðu flugslysið af og sátu þeir allir aftast í vélinni.

Slysið var í suðurhluta borgarinnar Medan í Súmötru og var annað mannskæða flugslysið í Indónesíu á síðustu níu mánuðum. Þotan var af gerðinni Boeing 737-400 og var frá Mandala flugfélaginu á leið til Jakarta. Skýjað var og lítið skyggni þegar vélin flaug inn í húsaröð og rann því næst eftir fjölfarinni umferðargötu. Fréttastofa í Indónesíu segir að vélin hafi flogið á rafmagnsvíra en ekki sé ljóst hvort það hafi valdið slysinu.

Eldur kviknaði í þotunni við slysið og stóðu á annan tug íbúðarhúsa í ljósum logum. Þá kviknaði í að minnsta kosti í tíu bílum.

Alls voru 116 farþegar og áhöfn um borð í vélinni en talið er að rúmlega 100 farþegar hafi látist og að minnsta kosti þrjátíu á jörðu niðri. **- sda**



**RÚSTIR EFTIR FLUGSLYS** Þota hrapaði á íbúðabyggð skömmu eftir flugtak í borginni Medan í Indónesíu. Um hundrað farþegar létust og að minnsta kosti þrjátíu á jörðu niðri.

Piltur í gæsluvarðhaldi:

## Neitar annarri stunguárásinni

**LÖGREGLA** Gæsluvarðhald yfir pilti, sem talinn er hafa stungið tvo aðra með hnífi í miðborg Reykjavíkur á Menningarnótt, hefur verið framlengt allt til föstudagsins 14. október.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, kvað rannsókn málsins ganga vel, en fátt um hana að segja að sinni. Í skjölum lögreglu sem lögð voru fyrir Hæstarétt vegna fyrri gæsluvarðhaldsúrskurðar kemur fram að pilturinn vilji ekki kannast við að hafa stungið nema einn um nóttina og neitar því að hafa lagt til hans tvisvar, heldur hljóti hnífurinn að hafa skoppað. **- óká**

Bandaríkin:

## Nýr forseti Hæstaréttar



**JOHN ROBERTS** Nýr forseti hæstaréttar Bandaríkjanna.

**WASHINGTON, AP** George Bush Bandaríkjaforseti hefur tilnefnt John Roberts sem nýjan forseta Hæstaréttar. Roberts tekur við af William H. Rehnquist sem lést fyrir skömmu. Ákvörðun Bush kom á óvart, því John Roberts var ekki einn þeirra sem nefndir höfðu verið sem hugsanlegir eftirmenn Rehnquists, sem Bush tilnefndi sem hæstaréttardómara í júlí. Bush þarf nú að tilnefna nýjan hæstaréttardómara.

Roberts er eindreginn fylgismaður Bush forseta og var lögfræðilegur ráðgjafi George Bush eldri. **- sda**

## KÓSÓVÓ

**FORSETI MEÐ KRABBAMEIN**
Ibrahim Rugova, forseti sjálfsstjórnarhéraðsins Kósóvó, skýrði frá því í gær að hann væri með krabbamein í lungum en ætlar ekki að segja af sér embætti. Forsetinn, sem er 61 árs, sagðist ætla að halda áfram að berjast fyrir sjálfstæði Kósóvó frá Serbíu, nú sex árum eftir lok stríðsins í Júgóslavíu.

# Vill að læknar reki sjúkrahús

**Spítali sem rekinn er af læknum myndi skapa faglega samkeppni, bætta þjónustu við sjúklinga og aukið starfsöryggi lækna. Þetta segir Tómas Helgason prófessor sem vill sjá slíkan spítala. Framkvæmdastjóri lækninga Landspítala - háskólasjúkrahúss er ósammála.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknar þurfa nú þegar að hefjast handa við undirbúning sjúkrahúsreksturs á eigin vegum eða í samvinnu við fjárfesta.

Þetta segir prófessor Tómas Helgason, fyrrum sviðsstjóri geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, í grein sem hann ritar í nýtt Læknablað og nefnir að slíkur rekstur gæti verið í byggingu Borgarspítalans. Læknar hins sjálfstæða spítala gætu samið við Tryggingastofnun um kaup á þjónustu af honum eins og á Landspítalanum.



**TÓMAS HELGASON** Gagnrýnir framkvæmdastjórn LSH harðlega.



**JÓHANNES M. GUNNARSSON** Hafnar gagnrýninni.

„Kæmi þá gæluverkefni Landspítalans, DRG-kerfið, loks að góðum notum til að verðleggja þjónustuna,“ segir Tómas. Hann segir að með tilkomu sjúkrahúss, sem læknar rækju myndi skapast „fagleg samkeppni og þjónusta við sjúklinga batna, starfsöryggi lækna myndi aukast, stjórnunarvandi Landspítalans leysast og draga mætti úr því byggingarmagni, sem ætlunin er að reisa í þrengslunum við Hringbraut.“

Jóhannes M. Gunnarsson, framkvæmdastjóri lækninga Landspítalans, er honum ekki sammála.

„Það má ekki gleyma hvers vegna spítalarnir voru sameinaðir og rökunum fyrir því,“ segir hann. „Þau rök gilda áfram. Sameiningin var gerð til að ná hagkvæmni stærðar og komast upp í þá stærðargráðu sem gefur mönnum færi á að fullnægja kröfum samfélagsins annars vegar og reglna Evrópusambandsins hins vegar um það að veita mönnum nægjanlega hvíld frá vinnu. Til þess þarf að ná ákveðnum fjölda. Ég tel, burtséð frá því hvað mönnum fannst um sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala á sínum tíma, útilokað að reyna að nálgast þessi markmið nema með þetta sem eina hjörð.“

Tómas fjallar í grein sinni um það sem hann nefnir stjórnunarvanda Landspítalans. Hann segir að sá vandi skapist fyrst og fremst af einokunaraðstöðu hans og því að framkvæmdastjórn spítalans telji að reka eigi hann eins og einkafyrirtæki, sem hún ráði og reki eftir eigin geðþótta.

„Starfsmenn þora því ekki að hafa uppi gagnrýni af ótta við að verða atvinnulausir og sjúklingar verða að sætta sig við þá þjónustu sem einokunarspítalinn býður.“

Jóhannes kvaðst ekki vilja eyða orðum að þessum fullyrðingum, öðrum en þeim að þær væru fjarri öllu sanni.

jss@frettabladid.is



**Í FOSSVOGI** Spítali sem rekinn er af læknum gæti verið í byggingu Borgarspítalans, segir Tómas Helgason í grein sinni.


PAS



NÝJAR HAUSTVÖRUR
STR. 36 - 56

Rita

BÆJARLIND 6,
SÍMI 554-7030

EDDUFELL 2,
SÍMI 557-1730




**ENGIR STÖÐUMÆLAR Á AKUREYRI** Þóra Ákadóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, og Guðmundur Jóhannsson, formaður umhverfisráðs bæjarins, fjarlægðu fyrir skömmu síðasta stöðumælinn í bænum.

Sjálfstæðismenn vilja gjaldfrjáls bílastæði í Reykjavík:

# Vilja stöðumælana burt úr miðbænum

**BORGARMÁL** Stöðumælar verða fjarlægðir í miðborginni og tekið upp svokallað skífukerfi ef tillaga sem sjálfstæðismenn leggja fram í borgarstjórn í dag verður samþykkt.

Með skífukerfinu er bíleigendum gert kleift að leggja ókeypis í tiltekin stæði í ákveðinn tíma. Þá verða þeir að setja skífu eða miða í framrúðu bílsins sem gefur til kynna hvað klukkan var þegar bílnum var lagt. Ef fólk virðir ekki sett tímatakmörk á það á hættu að þurfa að greiða sekt.

„Kaupmenn í miðborginni eru flestir ósáttir við núverandi fyrirkomulag og benda á ójafna samkeppnisstöðu þar sem viðskiptavinir þeirra séu skattlagðir á meðan verslanir í öðrum hverfum auglýsi óspart að hjá þeim séu næg ókeypis bílastæði og engar sektir,“ segir í greinargerð með tillögu sjálfstæðismanna. „Skífukerfið hefur gefist vel á Norðurlöndunum, Þýskalandi og víðar um heim. Fyrir skömmu var slíkt kerfi tekið upp í miðbæ Akureyrar og hafa viðtökurnar verið góðar.“

Áætlað er að tekjur borgarinnar vegna stöðubrota muni nema um 450 milljónum króna á þessu ári. **- th0**

Rúðubrjótar á Selfossi:

## Skemmdarvarga leitað

**LÖGREGLA** Vegfarandi á Selfossi tilkynnti um eld í blaðabunka við aðalinngang Fjölbrautaskóla Suðurlands um miðnætti á sunnudagskvöld. Lögregla segir að fundist hafi eldspýta í blaðabunkanum og telur að kveikt hafi verið í. Tjón var óverulegt en vegna hitans kom sprunga í eina rúðu.

Fyrr um kvöldið höfðu verið brotnar rúður í Vallaskóla við Sólvelli á Selfossi og telur lögregla ekki útilokað að þar hafi sömu skemmdarvargar verið á ferð. Þar bar lögreglu að garði um klukkan tíu um kvöldið, eftir að brothljóð höfðu heyrst, en greip í tómt.

Lögreglan á Selfossi vinnur að rannsókn málanna tveggja. **- óká**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**TVÖ FÍKNIEFNAMÁL Í FIRÐINUM**
Lögreglan í Hafnarfirði hefur til rannsóknar tvö fíkniefnamál sem upp komu í bænum aðfaranótt mánudags. Maður var handtekinn með fimm grömm af því sem talið er amfetamín og í bíl tveggja annarra fundust þrjú grömm af kannabisefnum. Allir voru handteknir og yfirheyrðir.





**Saga Steinsen, 17 ára**

Ég hafði litið sem ekkert sjálfstraust en eftir námskeiðið varð það margfalt meira. Í dag lít ég á sjálfa mig alveg eins og ég lít á aðra, með jákvæðari og opnum huga. Ég lærði að hlusta og virði skoðanir annarra. Nú horfi ég á björtu hliðarnar og lífið brosir við mér.

# ÁTT ÞÚ UNGLING SEM ÞARF AÐ ...

## Dale Carnegie þjálfun fyrir unglinga

Næsta kynslóð er þjálfun sem er ætluð öllum unglingum sem hafa áhuga á að ná langt í lífinu.

## www. naestakynslod.is

Hafðu samband við skrifstofu Dale Carnegie í síma 555 7080 og fáðu nánari upplýsingar um Næstu kynslóð.

## 14-17 ára

**Kynningarfundur fimmtud. 22. sept.**
(æskilegt að foreldrar mæti með)
Kl. 20.00 í Þróttaraheimilinu í Laugardal
(við hliðina á gervigrasinu)
Námskeið hefst mánudaginn 26. sept.

## 18-22 ára

**Kynningarfundir mánudag 19. sept. og fimmtudag 22. sept.**
Kl. 20.00 í Þróttaraheimilinu í Laugardal
(við hliðina á gervigrasinu)
Námskeið hefst mánudaginn 26. sept.

**... vera einbeittari í námi?**

**... geta staðið sig vel í vinnu?**

**... vera jákvæðari?**

**... eiga auðveldara með að eignast vini?**

**... vera sáttari við sjálfan sig?**

næsta kynslóð

**Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.**



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er bæjarstjóri á Álftanesi?*

2 *Hvaðan eru foreldrar ungfrúar Englands, Hammasa Kohistani?*

3 *Hvaða flokk leiðir Angela Merkel í Þýskalandi?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Réttarhöld vegna morðs á Íslendingi í Suður-Afríku:

# Hin grunuðu komu fyrir dómara

**DÓMSTÓLAR** Parið sem grunað er um að hafa myrt athafnamanninn Gísla Þorkelsson í Suður-Afríku, Desireé Oberholzer 43 ára og Willi Theron 28 ára, hefur lagt fram beiðni um að fá lögfræðiaðstoð. Þau voru leidd fyrir dómara í gær, en að sögn Andys Pieke talsmanns lögreglu í Boksburg í Suður-Afríku gerðist ekki annað en að málinu var frestað um sinn.

„Talið var að taka ætti fyrir beiðni þeirra um lausn gegn tryggingu, en það var víst bara misskilningur,“ segir Pieke og bætir við að næst verður málið tekið fyrir í dómi eftir rúma viku. „Þau verða þá búin að fá umbeðna aðstoð og gæti svo sem verið að þau fari fram á að vera látin laus gegn tryggingu, en það er þó ekki víst.“

Lík Gísla, sem var 54 ára gamall, fannst 10. júlí falið í tunnu fylltri steinsteypu þannig að aðeins sá í fætur þess. Krufning staðfesti að hann hafði verið skotinn í höfuðið. Theron og Oberholzer hafa verið kærð fyrir morð, þjófnað, svik og fyrir að hindra framgang réttvísinnar. **- óká**



GÍSLI ÞORKELSSON



**ALÞJÓÐAFLUGVÖLLURINN Í JÓHANNESARBORG** Fólkið sem grunað er um að hafa myrt Gísla Þorkelsson, athafnamann í Suður-Afríku, er talið hafa tekið á móti honum á alþjóðaflugvellinum í Jóhannesarborg í lok maí. Hann var þá að koma frá Bandaríkjunum þar sem hann heimsótti systur sína og hitti uppkominn son sinn.

Jóhann Karl og Soffía:

# Konungshjón hittu páfann

**VATIKANIÐ, AP** Benedikt páfi XVI átti fund í gær með spænsku konungshjónunum, en Spánverjar leyfðu nýlega samkynhneigðum að ganga í heilagt hjónaband andstætt vilja kaþólsku kirkjunnar.

Jóhann Karl konungur og Sofia drottning heimsóttu páfann í sumardvalarstað hans í Vatíkaninu sem stendur í Alban-hæðunum sunnan af Róm. Talsmenn páfa opinberuðu ekki hvað páfinn og konungshjónin ræddu um á fundi sínum en sjónvarp Vatíkansins sýndi páfann heilsa þeim og spjalla við þau við skrifborðið sitt.

Spánn er þriðja ríkið, þar sem kaþólikkar eru í miklum meirihluta, sem lögleiðir hjónaband samkynhneigðra og fylgdi þar með í fótspor Hollendinga og Belga. ■



**GÓRILLA MEÐ UNGA** Mannapar eru í útrýmingarhættu um allan heim.

Alþjóðleg ráðstefna í Kongó:

# Mannöpum bjargað

**KONGÓ, AP** Alþjóðleg ráðstefna til bjargar mannöpum hófst í Kongó í gær. Vonast var til að hægt væri að komast að samkomulagi um alþjóðlega áætlun sem stuðlar að verndun þeirra.

Górillur, sjimpansar og órangútanapar eru af tegund mannapa og eru í útrýmingarhættu um allan heim, meðal annars vegna veiða. Talið er að aðeins séu um 400 þúsund dýr eftir í Afríku og Asíu en fjöldi þeirra hljóp á milljónum á nítjándu öld.

Fulltrúar 23 ríkja mættu á ráðstefnuna, flestir frá Afríkuríkjum, en einnig frá Indónesíu og Malasíu. ■



**SÉÐ TIL SUÐVESTURS FRÁ ÚLFARSFELLI** 900 íbúðir í sérbýli og fjölbýli verða á þessu landsvæði í fyrsta áfanga.

# Átök um lóðir undir Úlfarsfelli

**Alfreð Þorsteinsson segir Gísla Martein Baldursson boða lóðaskortsstefnu. Úthlutað verður lóðum fyrir 450 íbúðir við Úlfarsfell fyrir næstu áramót.**

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavíkurborg undirbýr að fullum krafti 450 sérbýlis- og fjölbýlishúsalóðir undir Úlfarsfelli fyrir næst áramót. „Borgin kemur þarna til móts við óskir borgarbúa um aukið lóðaframboð. Það skýtur því skökku við þegar Gísli Marteinn Baldursson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, vill hætta lóðaúthlutun við Úlfarsfell. Það er ekkert annað en lóðaskortsstefna sem hann boðar með þessu,“ segir Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi R-listans.

Gísli Marteinn hefur gagnrýnt mjög þessar fyrirætlanir borgaryfirvalda. „Þarna á að úthluta lóðum fyrir alls 900 íbúðir í fyrsta áfanga. Ég stend við það sem ég hef sagt. Úlfarsfell á ekki að vera í forgangi því við höfum nægt rými annars staðar. Til dæmis Geldinganes sem er í betri tengslum við aðra borgarhluta þegar Sundabrautin kemur. Ég get nefnt Mýrargötuskipulagið sem unnið er að. Og þess utan eigum við að beina sjónum okkar að vestari byggðum eins og í Örfirisey og Vatnsmýrinni. Það er hagkvæmara og umhverfisvænna fyrir borgina að byggja á þessum stöðum því það er engin lausn komin enn á samgöngumálum til og frá Úlfarsfellinu,“ segir Gísli Marteinn, en hann telur að lóðaframboð verði nægt þótt úthlutun yrði frestað við Úlfarsfell.

Alfreð segir að borgaryfirvöld hafi haft á stefnuskrá að þétta byggð vestan Elliðaánna en jafnframt viljað gefa kost á lóðum á eftirsóttum stöðum eins og við Úlfarsfell. „Þetta er í skjólsælum suðurhlíðum líkt og Fossvogsdalurinn og á áreiðanlega eftir að verða eftirsótt íbúðahverfi. Núverandi Vesturlandsvegur annar aukinni umferð til og frá þessu svæði fyrstu árin. Fjarlægðin þaðan í miðborgina er ekkert meiri en í nýbyggðum hverfum Kópavogs og Garðabæjar. Ég skil ekki þennan málflutning Gísla Marteins. Hann hefur greinilega ekki kynnt sér málið nægilega vel,“ segir Alfreð Þorsteinsson. Hann kveðst þess fullviss að með auknu framboði á lóðum lækki verð þeirra frá því sem nú er.

**johannh@frettabladid.is**



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** „Gísli Marteinn boðar lóðaskortsstefnu með þessum tillögum.“



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** „Nærtækara er að bjóða lóðir á Geldinganesi.“



**Ford**Explorer 4x4



# Núna Haust uppskera 200.000 í afslátt á meðan birgðir endast. Komdu í dag.

Veldu Exp

# Nýtt ta gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vest
bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og
þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess a
sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Ís
Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

**Það er munur á Explorer og Land Cruise**

Besta einkunn sem hver jeppi getur hlotið eru
draumarnir um að fá að njóta hans hvern dag
- að vera á draumajeppanum. Vinsælasti draum
er Ford Explorer enda mest seldi jeppi í heimi.
Hinsvegar hefur Toyota Land Cruiser verið draum
Íslendinga, hingað til, enda sterkur torfærujepp
byggður á grind með hátt og lágt drif eins og Ex
Í gegnum tíðina hefur Land Cruiser hrifið okku
drifið á tinda landsins en staðlaðir breytingapa
þjónustulund starfsfólks P. Samúelssonar ehf.
torfæruna að spennandi viðfangsefni í krafti d
innar, sumar sem vetur.

Nú er öldin önnur. Gömul tákn eru fallin. Og n
við. Íslendingar velja nú aðra eiginleika en áð
mið hafa verið tekin í átt að þægindum, mýkt
öryggi sem sést á auknum vinsældum Explo
fæst núna á hagstæðu verði. Sala á óbreytt
Cruiser hefur aukist sem er önnur vísbendi
viðhorf og auknar kröfur um þægindi. Reynda
að bera Land Cruiser saman við Explorer þar

**f gæðalista staðalbúnaðar XLT Sport:**

álfskipting.
ýrt stöðugleikastýrikerfi.
ýrð veltivörn.
lágt drif.
. 245/65R17 dekk.
ðrun, framan og aftan.
emlar (ABS).
r fyrir ökumann og
msætum.
ruise Control).
með fjarstýringu.
g með plussáklæði.
mannssæti.
nstuðara.

Rafdrifnar rúður, framan og aftan.
Rafknúnir útibaksýnisspeglar.
Tvískiptur afturhleri.
Gangbretti.
Ford útvarp með geislaspilara.
Litað gler að aftan.
Loftkæling.
Geymsluhólf milli sæta.
Toppbogar.
Útihitamælir og áttaviti.
Stokkur í lofti með lesljósum.
Baksýnisspegill með dimmingu.
Leðurklætt stýrishjól.
Heimreiðarljós.

**únaður í Eddie Bauer:**

g með leðuráklæði
sæti.
með minni.
m.
ri fyrir hljómtæki,
hraðstilli.

Ford Audio System með 6 diska geislaspilara og 5 hátölurum.
Aksturstölva.
Samlit stigbretti.
Tölvustýrð loftkæling.
Klæðning á hliðum í „beige“ lit.

**l í Limited:**

Krómaðar felgur.
Krómaðir þakbogar.
Samlit klæðning á hliðum.

GCI ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu haustuppskeruna
## Skoðaðu Ford Explorer í bílaverslun Brimborgar



**Ford Explorer XLT Sport 4,0i V6 sjálfskiptur**

| | |
|---|---|
| Listaverð | 4.190.000 kr. |
| Afsláttur | -200.000 kr. |
| Uppskeruverð 3.990.000 kr. | |
| Bílasamningur 41.500 kr. | |
| Rekstrarleiga 74.400 kr. | |



**Ford Explorer Eddie Bauer 4,6i V8 sjálfskiptur**

| | |
|---|---|
| Listaverð | 4.675.000 kr. |
| Afsláttur | -200.000 kr. |
| Uppskeruverð 4.475.000 kr. | |
| Bílasamningur 46.500 kr. | |
| Rekstrarleiga 84.200 kr. | |



**Ford Explorer Limited 4,6i V8 sjálfskiptur**

| | |
|---|---|
| Listaverð | 4.795.000 kr. |
| Afsláttur | -200.000 kr. |
| Uppskeruverð 4.595.000 kr. | |
| Bílasamningur 47.800 kr. | |
| Rekstrarleiga 87.800 kr. | |

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**ÞINGKOSNIGNAR Í JAPAN** Umhverfisráðherra Japana, Yuriko Koike úr Frjálslynda demókrataflokknum, heldur ræðu á götum Tókýó. Kosningabaráttan er í hámarki í Japan því kosningar til neðri deildar japanska þingsins fara fram á næstunni. Yurio Koike sækist eftir endurkjöri í kjördæmi sínu í Tókýó.

Norskir kaupsýslumenn vilja bjarga stjórn Bondeviks:

# Styrkja svo stjórnin haldi

**NOREGUR** Hópur norskra kaupsýslumanna leggur nú allt kapp á að fá kjósendur Hægriflokksins til þess að kjósa Vinstriflokkinn og reyna þannig að tryggja áframhaldandi hægristjórn í landinu í kjölfar þingkosninganna eftir viku.

*Norsku* ÞINGKOSNINGARNAR

Vinstriflokkurinn er lítill frjálslyndur flokkur með tvo þingmenn. Nái hann fjögurra prósenta fylgi í kosningunum gæti hann fengið allt að sex þingsæti til viðbótar en það gæti dregið mjög úr sigurlíkum rauðgræna bandalagsins með Verkamannaflokkinn í fararbroddi.

Stein Erik Hagen kaupsýslumaður hefur þegar látið um tvær og hálfa milljón króna í kosningasjóð Vinstriflokksins og kveðst vilja jafna metin við norska Alþýðusambandið sem hann segir að hafi látið 130 milljónir króna í kosningasjóði rauðgræna bandalagsins.

Fleiri hafa látið fé af hendi rakna í sjóði Vinstriflokksins með það fyrir augum að tryggja áframhaldandi setu hægristjórnar Bondeviks. Þeirra á meðal Christen Sveaas kaupsýslumaður sem lagði fjórar milljónir króna í kosningasjóðinn í fyrradag. - jh



**RÆDDU SAMAN** Lars Sponheim, formaður Vinstriflokksins, ræðir við Sten Erik Hagen kaupsýslumann.

Hryðjuverkið í Beslan:

# Pútín vill rannsókn

**MOSKVA, AP** Rússneskir saksóknarar fóru til Beslan í gær eftir að Pútín Rússlandsforseti fyrirskipaði rannsókn á öllum þáttum gíslatökumálsins í barnaskólanum í Beslan sem átti sér stað fyrir ári er alls 331 létu lífið, flest börn.

Saksóknararnir áttu að funda með eftirlifendum og öðrum íbúum Beslan, þar á meðal fulltrúum mæðra barna sem létu lífið í barnaskólanum. Mæðurnar hafa gagnrýnt harðlega rannsókn málsins til þessa en á fundi þeirra með Pútín í síðustu viku lofaði hann að verða að bón þeirra um að rannsaka málið til hlítar. ■

Filippseyska þingið:

# Ákveður örlög forsetans

**FILIPPSEYJAR, AP** Stjórnarandstaðan í Filippseyjum varaði við því á þinginu í gær að frávísun á máli Arroyo forseta myndi leiða til þess að ókyrrðin og upplausin sem ríkt hefur mánuðinn sem mál hennar hefur staðið yfir myndi versna til muna.

Arroyo hefur meðal annars verið sökuð um kosningasvindl. Þingmenn undirbúa nú umræður og atkvæðagreiðslu um hvort fara eigi að ákvörðun þingnefndar um að vísa máli forsetans frá.

## PERSAFLÓI

**KAFBÁTUR OG FLUTNINGASKIP REKAST Á** Bandarískur kjarnorkuknúinn kafbátur og tyrkneskt flutningaskip rákust á í Persaflóa aðfaranótt mánudags. Engan sakaði.

Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi leggur fram tillögu í borgarstjórn:

# Höfuðborgarsvæðið sameinist

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sveitarfélögin sjö á höfuðborgarsvæðinu verða sameinuð ef Frjálslyndi flokkurinn nær sínu fram. Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi flokksins, leggur í dag fram tilllögu í borgarstjórn um að borgaryfirvöld gangi til viðræðna við fulltrúa hinna sex sveitarfélaganna með sameiningu í huga.

„Augljósar landfræðilegar ástæður mæla með sameiningu Reykjavíkur, Seltjarnarness og Kópavogs og þar sem Kjalarnes hefur þegar sameinast höfuðborginni liggur beint við að Mosfellsbær geri það líka,“ segir í greinargerð með tillögunni. Ólafur F. telur að sameining Reykjavíkur og Mosfellsbæjar muni greiða fyrir lagningu Sundabrautar.

„Á sama hátt myndi sameining sveitarfélaganna Álftaness, Garðabæjar og Hafnarfjarðar við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu flýta fyrir bættum samgöngum um sunnanvert höfuðborgarsvæðið,“ segir í greinargerðinni. „Síðast en ekki síst myndi sameining sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu leysa marga hnúta ef finna Reykjavíkurflugvelli nýjan stað á höfuðborgarsvæðinu.“

Ólafur F. telur mikið hagræði felast í því að sameina yfirstjórn höfuðborgarsvæðisins og draga úr yfirbyggingu stjórnsýslunnar. - th



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Borgarfulltrúi frjálslyndra telur mikla hagræðingu felast í sameiningu sveitarfélaga.





SÝNINGARSALUR
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR
HRAÐÞJÓNUSTA

**C180K** 143 hestöfl, beinskiptur. Verð 3.175.000 kr. • **C200K** 163 hestöfl, sjálfskiptur. Verð 3.595.000 kr. • **C230K** 192 hestöfl, sjálfskiptur. Verð 3.875.000 kr.

Réðst á lækni í mars:

# Fjóra mánuði í varðhaldi

**DÓMSTÓLAR** Maður sem setið hefur í gæsluvarðhaldi í rúma fjóra mánuði fyrir að hóta og ráðast á prófessor í réttarlæknisfræði í mars, var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald, til 30. september.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður mannsins, segir hann hafa kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Maðurinn, sem er 34 ára gamall, sætir einnig ákæru, með öðrum 43 ára gömlum manni, fyrir að hafa um nokkurt skeið fram til nóvemberloka árið 2003 staðið að framleiðslu amfetamíns í söluskyni. Málin voru sameinuð í síðustu viku. **- óká**

Fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna hefja fjársöfnun:

# Milljarðar króna hafa safnast

**HOUSTON, AP** Tveir fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna, George Bush eldri og Bill Clinton, hafa lagt fjársöfnun til handa fórnarlamba fellibylsins Katrínar lið. Fjársöfnunin er með sama sniði og sú sem hrundið var af stað eftir flóðbylgjurnar við Indlandshaf og nefnist Bush-Clinton Katrínarsjóðurinn.

„Við höfum mestan áhuga á því að bretta upp ermarnar og hefjast handa,“ sagði Bush. „Við þurfum öll að vinna saman til að ná markmiði okkar.“

Bush og Clinton heimsóttu fórnarlömb flóðanna sem hafast við í flóttamannaskýlum í Houston í Texas. Clinton sagði að hann og Bush hefðu ekki afráðið að leggja söfnuninni lið sitt vegna þess að þeim þætti alríkisstjórnin ekki vera að standa sig heldur til að fylla upp í þar sem aðstoð yfirvalda nær ekki til og hjálpa fólki sem annars gæti orðið útundan.

Milljarðar íslenskra króna hafa þegar safnast og hafa stórfyrirtæki í Bandaríkjunum ekki látið sitt á eftir liggja.

Meginmarkmið sjóðsins verður að hjálpa fólki að koma undir sig fótunum að nýju eftir hamfarirnar. **- sda**



**BILL CLINTON OG GEORGE BUSH ELDRI** Meginmarkmiðið er að hjálpa fólki að koma undir sig fótunum að nýju eftir hamfarirnar.



**MÓTMÆLI Í ÚKRAÍNU** Mótmælendur úr úkraínska Sósíalistaflokknum í stympingum við lögreglu þegar þeir reyna að fara með kornpoka í úkraínska stjórnarráðið í Kíev í gær. Aðgerðirnar voru mótmæli gegn breytingum á landbúnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar sem þeir halda fram að skaði úkraínska bændur og þorp.

Þrjú hundruð flóttamenn:

# Náðust á gúmmíbátum

**MADRÍD, AP** Spænska lögreglan handsamaði þrjú hundruð afríska flóttamenn sem gerðu tilraun til að komast til Spánar á gúmmíbátum um helgina. Þetta er mesti fjöldi flóttamanna sem náðst hefur á Spáni á þessu ári.

Flóttamennirnir voru flestir karlmenn og meirihlutinn frá Marokkó. Þúsundir flóttamanna reyna að komast yfir Gíbraltarsund frá Afríku til Spánar á hverju ári. ■

## ÁSTRALÍA

**RÚTUSLYS Í ÁSTRALÍU** Tveir létust og fleiri en tuttugu slösuðust alvarlega í rútuslysi suður af Sydney í Ástralíu í gær. Nær allir farþegar voru taívanskir ferðamenn. Rútan rann út af veginum og valt niður bratta hlíð.

Tillaga um sameiningu fellur í grýttan jarðveg hjá bæjarstjórum á höfuðborgarsvæðinu:

# Engin ástæða til að sameinast

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórar Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar taka illa í tillögu Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa Frjálslynda flokksins, um að sameina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segir að tillagan beri vott um að Ólafur F. sé orðinn miðstýringarsinni.

„Ég tel ekki neina ástæðu til að sameina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Gunnar I. „Ef það yrði gert yrði til 185 þúsund manna sveitarfélag sem væri mjög miðstýrt, líkt og ríkið. Það verður líka að vera ákveðin samkeppni milli sveitarélaga um þjónustu. Sú samkeppni deyr ef þetta yrði gert.“

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, segist telja að tillaga Ólafs F. myndi falla í afar grýttan jarðveg á Seltjarnarnesi.

„Seltjarnarnesbær hefur veitt sínum íbúum góða þjónustu á betri kjörum en nágrannasveitarfélögin. Það er því alveg ljóst að sameining myndi ekki koma Seltirningum til góða.“

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, segir ekki koma til greina að Reykjavík innlimi Mosfellsbæ.

„Sameinað sveitarfélag yrði allt of stórt gagnvart sveitarfélögunum á landsbyggðinni. Það væri miklu frekar að kanna möguleikann á því að búa til þrjú álíka stór sveitarfélög á svæðinu sem gætu keppt hvort við annað um þjónustu.“ **- th**



**ÆTLAR EKKI AÐ LÁTA LYKLANA AF HENDI** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, hyggst ekki láta lyklana að bæjarstjóraskrifstofunni af hendi. Hann vill ekki sameiningu.





Mercedes-Benz er yfirburðabíll. Í honum fara saman klassísk hönnun, gæði, þægindi og ending sem gera hann einstakan.

Nýr C-Class er kraftmikill, lipur og sameinar kosti fjölskyldu- og sportbíls. Komdu við í ÖSKJU og kynntu þér nýjan C-Class.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is




**FORSETAKOSNINGAR Í EGYPTALANDI** Egypskir borgarar ganga undir auglýsingaskilti sem vekur athygli á hinum níræða forsetaframbjóðanda Ahmed el-Sabahi, leiðtoga al-Ummah, eða Þjóðarflokksins. Kjósendur geta valið milli tíu frambjóðenda í forsetakosningunum sem fram fara á morgun, þar á meðal er forseti Egyptalands, Hosni Mubarak. Þetta er í fyrsta sinn í sögu landsins sem fleiri en einn sækjast eftir forsetaembætti.

Málaferli vegna fyrirtækja tengdum Frjálsri fjölmiðlun:

# Framhaldsákæra kom of seint

**DÓMSTÓLAR** Lögfræðingar þriggja sakborninga í máli ríkislögreglustjóra á hendur feðgunum Sveini R. Eyjólfssyni og Eyjólfi Sveinssyni og átta öðrum fóru í gær fram á að framhaldsákæru sem lögð var fram í málinu yrði vísað frá. Ákært er fyrir umboðssvik og vanskil á virðisauka- og vörsluskóttum í rekstri fjölda fyrirtækja, en málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður eins sakborninga, segir framhaldsákæruna sem lögð var fram í gær til komna af augljósum villum í ákærunni sem komið hafi í ljós eftir að málið var þingfest í lok júní. „Þær voru leiðréttar með þessari framhaldsákæru, en gallinn er bara sá að lögin gera ráð fyrir að framhaldsákærur skuli gefnar út þremur vikum eftir að gallar koma í ljós. Núna er hins vegar liðinn lengri tími og því fáir kostir aðrir hjá dómara en að vísa þessu frá,“ segir hann og bætir við að með því verði sakaragiftum á hendur stórs hluta sakborninga einnig vísað frá.

Frávísunarkrafan verður tekin fyrir í héraðsdómi 19. þessa mánaðar.

- óká



**Í RÉTTARSAL Í GÆR** Sveinn Andri Sveinsson var einn lögmanna sem fóru fram á frávísun framhaldsákæru sem lögð var fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, eftir að tilskilinn frestur til þess var út runninn.

Slys í Njarðvík:

# Skar sig á púls

**LÖGREGLA** Óskað var aðstoðar sjúkraliðs og lögreglu í húsi í Njarðvík vegna manns með slagæðablæðingu laust eftir klukkan hálf tólf á sunnudagskvöldið.

Að sögn lögreglu hafði maður verið að opna kassa með hnífi, en slysast til að stinga honum í handlegginn á sér og skarst við það á púls. Maðurinn var í fyrstu fluttur á sjúkrahús í Keflavík og síðan á Landspítala í Fossvogi í Reykjavík.

Aðfaranótt mánudags var að sögn lögreglu tíðindalítil. Þó bárust næturvaktinni tvö ölvunarútköll og eitt vegna heimilisófriðar.

- óká






# Þeir minni eru á móti

**Íbúar fjögurra stóru þéttbýlisstaðanna við Eyjafjörð eru hlynntari sameiningu en íbúar smærri og dreifðari byggða. Sameining dregur úr kostnaði við stjórnsýslu en annar verulegur sparnaður er ekki fyrirsjáanlegur í náinni framtíð.**

**SAMEINING** Umfangsmesta sameiningarkosningin, með tilliti til fjölda sveitarfélaga, 8. október næstkomandi snýst um sameiningu níu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu.

Það eru: Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarbær, Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.

Samkvæmt viðhorfskönnun Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri (RHA) síðasta vetur voru Akureyringar og Siglfirðingar mjög jákvæðir í garð sameiningar en íbúar Grýtubakkahrepps og Eyjafjarðarsveitar voru henni mjög andsnúnir. Naumur meirihluti íbúa Ólafsfjarðar og Dalvíkurbyggðar voru hlynntir sameiningu en heldur fleiri íbúar Svalbarðsstrandarhrepps, Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps voru henni andsnúnir. Til að stórsameining við Eyjafjörð nái fram að ganga þarf meirihluti íbúa sex sveitarfélaga að vera henni fylgjandi.

Litlar líkur eru á að afstaða íbúa Eyjafjarðarsveitar og Grýtubakkahrepps breytist. Bæði sveitarfélögin njóta nálægðarinnar við Akureyri í þjónustu, verslun og afþreyingu á sama tíma og lítill áhugi er fyrir því að færa ákvörðunarvaldið úr héraði til Akureyrar. Auk þess vilja íbúar Grenivíkur, sem teljast til Grýtubakkahrepps, ógjarnan missa forræði yfir aflaheimildum sem bærinn á og metnar eru á 500 til 600 milljónir króna.

Ljóst er að sameining skilar fjárhagslegum ávinningi í minni kostnað við stjórnsýslu. Í stað átta bæjar- og sveitarstjóra, auk eins starfandi oddvita, verður einn bæjarstjóri. Í stað 65 sveitarstjórnamanna er gert ráð fyrir 15 manna bæjarstjórn og nefndarsætum fækkar um 350.

Verði framkvæmd sameiningar á þá lund sem skýrslur vinnuhópa gefa til kynna er hins vegar vandséð hvar annar verulegur sparnaður eða hagræðing næst fram í náinni framtíð. Allir vinnuhóparnir leggja áherslu á mild áhrif sameiningar; engum starfsmönnum sveitarfélaganna verður sagt upp, engum skóla lokað og þjónusta við íbúa á almennt ekki að verða lakari.

kk@frettabladid.is



**AKUREYRI SÍÐLA SUMARS** Til að stórsameining við Eyjafjörð nái fram að ganga þarf meirihluti íbúa sex sveitarfélaga að vera henni fylgjandi en um 70 prósent íbúanna í sameinuðu sveitarfélagi yrði búsettur á Akureyri.

**FJÖLDI ÍBÚA Í SVEITARFÉLÖGUNUM:**

| | |
|---|---|
| Akureyrarbær | 16.450 |
| Arnarneshreppur | 183 |
| Eyjafjarðarsveit | 993 |
| Dalvíkurbyggð | 1.946 |
| Grýtubakkahreppur | 393 |
| Hörgárbyggð | 390 |
| Ólafsfjarðarbær | 980 |
| Siglufjarðarkaupstaður | 1.386 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 365 |
| **Samtals:** | **23.086** |

Heimild: Hagstofa Íslands.
Tölur frá 1. desember 2004







Lögreglan á Selfossi:

## Fann fíkniefni á skemmtistað

**LÖGREGLA** Skemmtistaður á Selfossi var rýmdur eftir að lögregla fann þar fíkniefni og tól til neyslu þeirra við eftirlit aðfaranótt laugardags.

Málið er til rannsóknar og efnin í greiningu, en að sögn lögreglu á Selfossi voru fáir inni á staðnum, starfsfólk og örfáir aðrir.

Í greinargerð á lögregluvefnum kemur fram að starfsmenn skemmtistaðarins voru taldir eigendur þeirra tóla til fíkniefnaneyslu sem fundust og því áleit lögregla nauðsynlegt að loka staðnum til að gera þar frekari leit. - óká

Íslenska sjávarútvegssýningin hefst á morgun:

# Ein stærsta sýning fyrir sjávarútveg

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslenska sjávarútvegssýningin 2005 verður sett á morgun klukkan tíu og stendur í fjóra daga, til 10. september.

Sýningin hefur verið haldin á þriggja ára fresti síðan 1984 og verður nú líkt og 2002 haldin í íþróttahúsinu Smáranum í Kópavogi. Talsmenn sýningarinnar gera ráð fyrir svipuðum gestafjölda og síðast, en það var stærsta sýningin frá upphafi og voru gestirnir rúmlega 18.000 talsins.

Fjölmiðlafyrirtækið Nexus Commercial Fishing stendur að sýningunni. „Sýningin er mjög mikilvæg fyrir bæði framleiðendur og notendur,“ segir Bjarni Þór Jónsson, fulltrúi Nexus á Íslandi. „Þarna sjá menn á einum stað allt það nýjasta í þessum geira.“

Um 800 fyrirtæki verða með sýningarbása í Smáranum. Sýningarrýmið er alls 13.000 fermetrar undir þaki og auk þess er útirými.

Sýningin er alþjóðleg og hefur gegnum tíðina unnið sér sess sem einn helsti viðburður heimsins fyrir allt sem tengist sjávarútvegi. Sýnendur eru frá 37 löndum og eru margir hverjir komnir langt að.

Heimasíða sýningarinnar er www.icefish.is. - grs



**UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM** Verið er að ljúka uppsetningu sýningarbása í Smáranum í Kópavogi áður en sýningin opnar í fyrramálið.



**NORSKU KONUNGSHJÓNIN** Konungshjónin eru á leið í opinbera heimsókn til Washington.

Noregskonungur:

## Heimsækir Washington

**OSLÓ, AP** Haraldur Noregskonungur og Sonja drottning fara í opinbera heimsókn til Washington í næstu viku. Konungurinn afhjúpar þar styttu af móður sinni heitinni, Mörtu krónprinsessu.

Styttan er úr bronsi og er eftir norska myndhöggvarann Kirsten Kokkin. Hún er gjöf frá Bandaríkjamönnum af norskum uppruna til að minnast hundrað ára sjálfstæðis Noregs.

Marta var eiginkona Ólafs V. konungs og flúði til Bandaríkjanna ásamt þremur börnum sínum þegar Þjóðverjar hernámu Noreg í síðari heimsstyrjöldinni. ■

Kína og Evrópusambandið:

## Samkomulag um fatnað

**BRUSSEL, AP** Fulltrúar Evrópusambandsins og Kínverja hafa náð samkomulagi um innflutning á kínverskri vefnaðarvöru til Evrópusambandsríkjanna. Samkvæmt samningnum verður heimilt að flytja inn kínverskar vefnaðarvörur, sem hafa verið kyrrsettar á landamærum Evrópusambandsins um nokkra hríð.

Leyfilegt verður að flytja 75 milljónir flíkur frá Kína til Evrópusambandsins og er það töluvert meira en áður var leyft. Samkomulagið er undir því komið að ríki Evrópusambandsins samþykki það fyrir sitt leyti. ■

**BRETLAND**

**TVEIR FÓRUST Í FLUGSLYSI**
Breska strandgæslan fann flugvélarflak á Írlandshafi í gær og var lík eins manns í vélinni. Annars manns er enn saknað. Flugvélarinnar hafði verið leitað frá því á sunnudag. Slæm veðurskilyrði voru á Írlandshafi í gær, þoka og ókyrrð í lofti.



# Vantar þig...



YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR LESA FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI. **SMÁAUGLÝSING** Í FRÉTTABLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK LEIÐ SEM TRYGGIR MESTU HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU Á SKILABOÐUM ÞÍNUM. AUGLÝSINGIN ER AUK ÞESS BIRT ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á VISIR.IS.

Fíton/SÍA FI013727

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGAR
Í SÍMA **550 5000** EÐA Á **VISIR.IS.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá




Fríkirkjuvegur 3 auglýstur til sölu:

# Borgin vill fá hundrað milljónir

**FASTEIGNIR** Fulltrúar Reykjavíkurborgar vonast til að fá nálægt hundrað milljónir króna fyrir húsið við Fríkirkjuveg 3 sem auglýst hefur verið til sölu. Húsið, sem er fæðingarstaður Gunnars Thoroddsen, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur staðið autt í rúmt hálft ár eða síðan Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar var flutt í Ráðhúsið.

„Það hafa margir sýnt húsinu áhuga,“ segir Karl Georg Ragnarsson hjá umhverfis- og tæknisviði borgarinnar. „Þeir sem hafa helst áhuga er fólk sem tengist Gunnari. Síðan hafa veitingamenn haft samband við okkur sem vilja búa til ráðhúsveislusal með möguleika á að nýta garðinn. Þá hefur Fríkirkjan sýnt þessu mikinn áhuga,“ segir Karl, en þótt húsið sé friðað að utanverðu eru margir möguleikar á að breyta lóð og innviðum hússins. Brjóstmynd af Gunnari Thoroddsen stendur á lóð hússins og styttan fylgir ekki með í kaupunum. „Hún verður líklega í geymslu í vetur,“ segir Karl, „en henni verður valin nýr staður næsta vor.“

Húsið hefur verið metið á um áttatíu milljónir króna. „Við vitum að við fáum meira fyrir það,“ segir Karl. **- sgi**


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GUNNAR FER Í GEYMSLU** Brjóstmynd af Gunnari Thoroddsen stendur á lóð hússins við Fríkirkjuveg 3. Styttan verður ekki seld með húsinu og verður í geymslu í vetur þangað til henni verður fundinn nýr staður að vori.



**Á MARKAÐ** Gamla heilsuverndarstöðin við Barónsstíg verður auglýst til sölu á næstu dögum. Ekki er búið að setja verðmiða á hana.

# Heilsuverndarstöðin verður sett í sölu

**Ráðgert er að auglýsa gömlu Heilsuverndarstöðina til sölu innan tveggja vikna. Forstjóri Heilsugæslunnar, sem þar er til húsa, telur meira liggja á að finna húsnæði fyrir miðstöð heimahjúkrunar sem þarf að flytja fyrir vorið.**

**HEILSUGÆSLA** Gamla heilsuverndarstöðin við Barónsstíg verður væntanlega sett í sölu á næstu tveimur vikum, að sögn Þórhalls Arasonar hjá fjármálaráðuneytinu. Hann segir að ekki sé búið að verðmeta bygginguna, en það verði gert þannig að menn hafi hugmyndir um hvernig eigi að verðleggja hana. Hún verður seld samkvæmt samningi sem fulltrúar ríkis og borgar gerðu með sér á dögunum.

Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslunnar, telur að meira liggi á að finna nýtt húsnæði undir miðstöð heimahjúkrunar, sem nú er á Grensásvegi. Hún er í leiguhúsnæði, sem hefur verið selt. Nýi eigandinn þarf að nota húsnæðið, þannig að miðstöðin verður að víkja.

„Það verður að rýma húsnæðið fyrir næsta vor,“ segir Guðmundur. „Að auki hefur húsnæðisþörf miðstöðvarinnar aukist í tengslum við samþættingu við félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Við þurfum því heldur stærra húsnæði en það sem starfsemin er í núna.“

Hann bætir við að miðstöðin þurfi helst að vera staðsett á því svæði þar sem þjónustan er mest austan til í borginni, en þó ekki mikið austur fyrir Elliðaár. Ríkiskaup sem sér um fasteignaviðskipti af þessu tagi hefur enn ekki auglýst eftir húsnæði fyrir miðstöðina, þar sem starfsmenn fjármálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis hafa ekki gefið grænt ljós á að þarfalýsingu fyrir hana. Sumarleyfi hafi sjálfsagt sett þar strik í reikninginn.

Hvað varðar nýtt húsnæði fyrir Heilsugæsluna sem er í gömlu heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg segir Guðmundur að ekki liggi eins mikið á því. Hann hefur gert drög að þarfalýsingu fyrir nýtt húsnæði Heilsugæslunnar, en segir að betur þurfi að vinna í henni.

„Starfsmenn fjármálaráðuneytisins vilja ganga í að selja húsið,“ segir Guðmundur.“ Við höfum í sjálfu sér engan áhuga á að fara héðan út en við förum að sjálfsögðu eftir þeim ákvörðunum sem æðri embætti taka.“

**jss@frettabladid.is**

Hægriflokkarnir vinna á í Noregi:

# Stefnir í tvísýnar kosningar

**NOREGUR** Fylgiskannanir sýna lítilsháttar aukinn stuðning við hægriflokkana í Noregi þegar aðeins vika er til kosninga.

*Norsku* ÞINGKOSNINGARNAR

Í nýrri könnun Norska ríkisútvarpsins og Dagbladet hallar mjög á Miðflokkinn sem er í rauðgræna bandalaginu svonefnda með Verkamannaflokknum og Sósíalíska vinstriflokknum. Samanlagt hafa þessir flokkar haft ríflega helming kjósenda með sér eða allt að 54 prósent eða þar til nú að þeir hafa nákvæmlega helming fylgisins.

Flokkur Kjells Magne Bondevik, Kristilegi þjóðarflokkurinn, hefur ástæðu til að fagna nærri níu prósenta fylgi í könnuninni, en það er talsvert umfram það sem hann hefur mælst með að undanförnu.

Fimmtungur norskra kjósenda hyggst kjósa Framfaraflokk Carls. I. Hagen, sem veitt hefur minnihlutastjórn Bondeviks stuðning.

Þrátt fyrir sveiflurnar að undanförnu fengi Jens Stoltenberg og rauðgræna bandalagið þann fjölda þingsæta sem tryggt gæti því meirihlutastjórn. **- jh**




**SKIPTING ÞINGSÆTA**
Samkvæmt könnun NRK og Dagbladet halda Verkamannaflokkurinn, Sósíalíski vinstriflokkurinn og Miðflokkurinn 88 þingsætum af 165.



www.tolvulistinn.is
ENN MEIRI HRAÐI
VAR AÐ LENDA
TAKMARKAÐ MAGN!
Á TILBOÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
intel inside
Dothan
centrino
MOBILE TECHNOLOGY
DELL
DELL INSPIRON 6000 FARTÖLVA
INTEL DOTHAN 2MB
Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel er með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni.
DDR2 & PCI EXPRESS
Dell Inspiron hefur allt það nýjasta bæði DDR2 minni og PCI-Express brautir fyrir meiri hraða
8xDVD± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska
128MB ATI X300
Aflmikið skjákort frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík
TENGINGAR
Inspiron fartölvan kemur með 4x USB2.0, VGA, Firewire, netkort og módem
ÞYNGD OG RAFHLAÐA
Inspiron 6000 fartölvan er aðeins 3.0Kg og með Centrino tækninni endist rafhlaðan í allt að 4 tíma.
Örgjörvi 1.73GHz Pentium M Dothan740
Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache
Vinnsluminni 512MB 400MHz DDR2
Stækkanlegt í 2GB
Harðdiskur 80GB 5400RPM diskur
5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 15,4" WXGA WideScreen skjár
Breiðtjaldsskjár með 1280x800dpi
Skjákort 128MB ATI Radeon X300 mobility
Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort og stereo hátalarar
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Netkort 10/100 base netkort
Einnig innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi Windows XP Home - SP2
Á íslensku eða ensku
VERÐ 149.900
Á SÉRTILBOÐI AÐEINS Í TÖLVULISTANUM
TÖLVULISTINN
REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730
AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400
KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

## „ORÐRÉTT“

*„Ég er alveg viss um að skaðabótadómnum sem féll nýlega í Texas, eftir að maður sem notaði Vioxx lést, verður snúið við í Hæstarétti.“*

**MAGNÚS JÓHANNESSON**, LÆKNIR OG PRÓFESSOR, Í FRÉTTABLAÐINU UM AUKAVERKANIR LYFJA OG SKAÐABÓTAMÁL.

*Næsta útspil borgaryfirvalda var tillaga Dags B. Eggertsson um kaffihús í Hljómskálagarðinum „til að hleypa lífi í hann.“ Þetta er merkilegt því Reykjavíkurlistinn hefur drepið lífið í þessum garði með umgengni sinni við hann.“*

**SIGRÍÐUR DÚNA KRISTMUNDSDÓTTIR**, ÍBÚI VIÐ BJARKARGÖTU, UM HLJÓMSKÁLAGARÐINN Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGA MÖLLER SÖNGKONA

## *Lífið að komast í fastar skorður á ný*



„Börnin eru komin í skólann og lífið því að komast í fastar skorður á ný eftir talsverðan losarabrag síðsumars,“ segir Helga Mölller söngkona og flugfreyja hjá Icelandair. Hún segir sumarið hafa verið ágætt þótt það hafi haft sína galla eins og gengur. „Veðrið var nú ekkert sérstakt og golflega séð var sumarið ekki of gott, í það minnsta ekki framan af,“ segir hún en golfbakterían heltók Helgu fyrir sex árum. „Ég er í Nesklúbbnum og spila úti á Nesi og svo á ég sumarhús við Grindavík og spila talsvert þar. Annars spila ég bara úti um allt land og allan heim.“ Helga hefur ferðast mikið í starfi sínu hjá Icelandair og hin seinni ár tekur hún golfsettið með sér þegar stoppað er lengur en í nokkrar klukkustundir.

Eflaust eru fæstir landsmenn farnir að huga að jólunum en Helga Möller er ekki í þeim hópi. Jólahátíðin er enda annatími hjá henni. „Ég syng mikið á aðventunni og eins og undanfarin jól verð ég á Hótel Loftleiðum,“ segir hún. „Ég er eiginlega orðin eins og réttur á jólahlaðborðinu þar og einhverju sinni sagði Magnús Kjartansson að það ætti að pakka mér niður með jólaskrautinu. Ég er hins vegar ekki sammála því,“ segir Helga og hlær. Hún hefur haft talsvert að gera í söngnum að undanförnu og söng meðal annars í fjölmörgum brúðkaupum í sumar.

## SJÓNARHÓLL

**VIÐBRÖGÐ BANDARÍKJASTJÓRNAR VIÐ FELLIBYLNUM KATRÍNU**



**GUÐMUNDUR R. GÍSLASON VEITINGAMAÐUR**

### *Ekki mestir og bestir*

„Þetta mikla mannfall og allur þessi mikli skaði kemur mér mjög á óvart í ljósi þess að Bandaríkjamenn segjast alltaf vera mestir og bestir í öllu, þar á meðal björgunaraðgerðum. Nú er kannski að koma í ljós að þeir eru ekki mestir og bestir,“ segir Guðmundur R. Gíslason, veitingamaður í Egilsbúð í Neskaupstað og söngvari hljómsveitarinnar Sú Ellen, spurður um afstöðu hans til viðbragða Bandaríkjastjórnar við fellibylnum Katrínu.

Guðmundur segir að eflaust hefðu Bandaríkjamenn gagnrýnt aðrar þjóðir ef staða sem þessi hefði komið upp annars staðar. „En kannski er þetta meira en menn bjuggust við og björgunarstarfið því ekki öflugra en raun ber vitni,“ segir Guðmundur.

# Þreifa sig áfram í kolniðamyrkri

**Reykkafarar slökkviliða leggja sig jafnan í mikla hættu þegar þeir fara inn í brennandi hús sem er fullt af hita, sóti og reyk. Á skömmum tíma þurfa þeir að ganga úr skugga um að enginn sé í húsinu, finna eldsupptök og hefja slökkvistarf. Líkamshiti reykkafara getur hækkað um þrjár gráður.**

„Við horfðum á húsið og reyndum að ímynda okkur hvernig það er að innan. Svo þreifuðum við okkur áfram með höndum og fótum,“ segir Sverrir B. Björnsson slökkviliðsmaður sem ásamt félögum sínum þurfti að kafa inn í reykjarkófið í Fiskislóð 45 í morgunsárið á sunnudag.

Sverrir var ekki á vakt þegar kallið kom heldur lá hann sofandi í rúminu sínu. Fáum mínútum eftir að síminn gall var hann kominn inn í brennandi húsið.

Reykköfun er með því erfiðara sem slökkviliðsmenn þurfa að kljást við í störfum sínum enda kolniðamyrkur og brennandi hiti. Og hætturnar leynast víða. „Menn geta dottið niður um göt í gólfum eða um hluti sem standa í gangveginum,“ segir Valgarður Sæmundsson slökkviliðsmaður en þannig var einmitt umhorfs í Fiskislóðinni.



**ÞORSTANUM SVALAÐ** Vökvatapið verður mikið eftir stuttan tíma í reykfylltu húsi.



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**DAGSLJÓS** Slökkviliðsmaður gengur út úr reykjarkófinu.

Þrátt fyrir góðan útbúnað slökkviliðsmanna segir hitinn fljótt til sín í brennandi húsi og líkamshiti reykkafara getur hækkað um tvær til þrjár gráður auk þess sem vökvatap er mikið. Búningur og búnaður vega um 25 kíló og af þessu má sjá að reykköfun kostar mikla orku. Sagt er að hálf klukkustund í reykfylltu húsi jafnist á við fjögurra tíma erfiðisvinnu. Hitinn uppi við loft getur verið 1.000 til 1.500 gráður en niðri við gólf er hann yfirleitt á bilinu 60 til 80 gráður. Og vart þarf að spyrja að leikslokum ef eldtunga teygir sig að slökkviliðsmanni.

„Þjálfun og reynsla er lykilatriði þegar reykköfun er annars vegar,“ segir Valgarður og félagar hans, Sverrir og Sigurjón Hendriksson, taka undir.

Eitt er að fikra sig áfram í þéttum reyknum, annað að vita ekki hvað stendur í gangveginum – eða yfirleitt vita hvert leiðin liggur. Og alltaf er unnið í kapphlaupi við tímann.

bjorn@frettabladid.is



**GULLIÐ GLÓIR** Að loknum störfum í Fiskislóð á sunnudagsmorgun.



**RÝNT Í REYKINN** Slökkviliðsmenn meta stöðuna á brunastað.




SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI
Svefn & heilsa
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Veldu það besta!
SOFÐU VEL - HEILSUNNAR VEGNA
ÚTSÖLUHORN
Dýnur • Rúm
Húsgögn
og fleira
ÓTRÚLEG VERÐ
Leðurhægindastólar
Svefnsófar
Verð frá 79.900.- stgr.
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
iq-care.com
Chiropractic
NO FLIP
2005
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Biflex
actilinea
WALLHUGGER
EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM
GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
REYKJAVÍK
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Verið velkomin
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

## SVONA ERUM VIÐ

**FJÖLDI FÓLKS SEM GREINDIST MEÐ LIFRARBÓLGU B Á ÁRUNUM 1997 TIL 2004**

Heimild: HAGSTOFAN

| ÁR | FJÖLDI FÓLKS |
|---|---|
| 1997 | 21 |
| 1998 | 15 |
| 1999 | 45 |
| 2000 | 49 |
| 2001 | 61 |
| 2002 | 39 |
| 2003 | 23 |
| 2004 | 39 |

**baksvið**

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** SÝKNUDÓMUR Í BRENNISTEINSSÝRUMÁLI

# *Var rannsóknarskyldu ekki sinnt?*

Athygli vakti þegar nýverið var kveðinn upp sýknudómur yfir litháískum manni sem tekinn var í tolli á Keflavíkurflugvelli með tvær áfengisflöskur sem innihéldu brennisteinssýru. Málið fékk skjóta afgreiðslu hjá Sýslumannsembættinu í Keflavík og ákært var fyrir innflutning efna til fíkniefnaframleiðslu. Höfð voru stór orð um málið í fjölmiðlum og rætt um fyrstu vísbendingu um tengsl erlendra glæpasamtaka við innlenda fíkniefnaframleiðslu.

**Hvað gerðist eiginlega?**

Í dómnum sem upp var kveðinn í Héraðsdómi Reykjaness var sýslumaður gagnrýndur fyrir að fara fram með málið án fullnægjandi sönnunargagna. Mistök í verkbeiðni virðist hafa orðið til þess að látið var hjá líða að sanna að í flöskunum hafi verið brennisteinssýra. Einungis var beðið um rannsókn með tilliti til fíkniefna.

Þá var gagnrýnt að ekki hafi farið fram rannsókn á fullyrðingum Litháans um að hann hafi í góðri trú keypt flöskurnar á útimarkaði í Póllandi og talið þær innihalda áfengi. Ekki voru lagðar fram upplýsingar úr sakaskrá mannsins, eða kannað hvort væri dýrara í Póllandi, brennisteinssýra eða brennivín. Þá þótti ekki hrakin saga hans um ástarfund á Íslandi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

**LITHÁINN** Maðurinn var sýknaður af ákæru um innflutning á efni til fíkniefnaframleiðslu.

**Af hverju var málið ekki rannsakað ytra?**

Fram kom í máli sýslumanns eftir dóminn að síðustu ár hafi dómstólar ekki lagt trúnað á framburð burðardýra fíkniefna sem ekki hafa viljað kannast við farm sinn. Ósvarað er hvort þetta hafi valdið óþarfa værukærð hjá embættinu, þegar þeir voru komnir með mál sem þeir töldu borðleggjandi að tengdist fíkniefnaframleiðslu. Eftir stendur að maðurinn var sýknaður og að lög kveða á um að lögregla rannsaki alla þætti mála, jafnt til sýknu eða sakfellingar grunaðra.

## SPURT & SVARAÐ

**RÍKISÚTVARPIÐ EHF?**



DAVÍÐ ODDSSON

### *Skynsamlegra en sameignarfélag*

Athugasemdir hafa borist frá ESA, Eftirlitstofnun EFTA, þar sem meinbugir eru taldir á því að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag. Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, svarar spurningum um málið.

**Hver er afstaða þín til að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi?** Ég heyrt umræður um afleiðingar athugasemda frá Brüssel. Um að það fyrirkomulag sem menn höfðu ætlað í frumvarpinu um Ríkisútvarpið feli í sér of mikil ríkisafskipti ef svo má segja. Það er auðvitað svolítið flókið að finna það að ekki megi vera með ríkisafskipti af ríkisfyrirtækjum. Það virðist nú vera þannig. Heimurinn er flókinn.

**Ertu þá hlynntur því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi?** Ég held nú reyndar að það sé skynsamlegri leið en sú sem við völdum í vor. Það er erfitt að rökstyðja það að félag sé í sameign sem er í einkaeign. Það er að segja í eign eins aðila. Það er hálfgert klúður.

# Erfitt að rannsaka íkveikjur

**Lögreglan í Reykjavík leitar brennuvargs eða -varga, eftir að kveikt var í fjórum sinnum um helgina, þar af tvisvar á sama stað með sólarhrings millibili. Íkveikjumál eru þó þung í rannsókn og nokkur stór hafa komið upp síðustu ár sem eru enn þá óupplýst.**

Frá því um helgina hafa orðið að minnsta kosti fimm brunar í Reykjavík og rökstuddur grunur um íkveikju í fjórum þeirra. Ekki er hægt að útiloka aðkomu brennuvargs eða brennuvarga, segir Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

„Á Fiskislóð bendir margt til þess að kveikt hafi verið í. Að minnsta kosti var það svo í fyrra skiptið að farið var þar inn og kveikt í bíl. Í Melabúðinni voru upptök eldsins í kyndikompu þar sem geymdir eru pappakassar og langlíklegast að einhver hafi kveikt í þeim. Þar var hins vegar lítil hætta því eldurinn var afmarkaður við kompuna. Svo var maður handtekinn grunaður um að kveikja í rusli í porti fyrir utan Pravda, en hann var tekinn dauðadrukkinn um það leyti og það mál í skoðun,“ segir Hörður, en bætir við að sá hafi verið í haldi lögreglu í gærmorgun þegar kviknaði í öðru sinni á sama stað á Fiskislóð. „Svo var líka bruni á Freyjugötu, en þar var um að ræða bilun í heimilistæki, en vissulega þarf að skoða þetta Fiskislóðarmál eitthvað. Þar er engin starfsemi og engin sérstök ástæða fyrir einhvern að vera ráðast þar inn.“

**ÓUPPLÝSTIR STÓRBRUNAR ÞAR SEM GRUNUR LEIKUR Á ÍKVEIKJU:**

*Desember 2000* – Ísfélagið, Vestmannaeyjum – tjón talið um milljarður króna

*Júní 2001* – Rækjuvinnslan Strýta, Akureyri – tjón talið 80 til 100 milljónir króna

*Ágúst 2002* – Fákafen, Reykjavík – tjón metið um 300 milljónir króna

*Október 2002* – Laugavegur, Reykjavík – tjón nálægt 200 milljónum króna

*September 2004* – Votmúli, Blönduósi – tjón metið á yfir 100 milljónir króna

**Brennuvargar á ferð**

Hörður segir sammerkt með eldsvoðunum við Fiskislóð, í Melabúðinni og við skemmtistaðinn Pravda að það séu mál sem öll komi upp seint að nóttu. „Þarna gæti einhver eða einhverjir verið á ferðinni sem kalla mætti brennuvarga. Það er ekki hægt að útloka það, en við erum að byrja að skoða málin.“

Hörður segir rannsókn á íkveikjum um margt erfiðari en rannsókn annarra mála hjá lögreglu og komi þar aðallega tvennt til. „Í fyrsta lagi að sanna eldsupptökin. En það er bara ekki nóg, því jafnvel þótt menn komist að þeirri niðurstöðu að kveikt hafi verið í, þá þarf líka að finna út hver gæti hafa haft hag af íkveikjunni og hver gæti svo hafa gert það. Síðan þarf að sanna sjálfa íkveikjuna.“ Á honum er þó að skilja að menn vilji ekki útiloka að einhvern tímann upplýsist um gamlar íkveikjur. „Það voru nú sterkar grunsemdir á Laugaveginum og maður í gæsluvarðhaldi um tíma. Alveg eins var það svo með Fákafenið að þar tókst ekki með óyggjandi hætti að sýna fram á annan möguleika á eldsupptökum heldur en íkveikju. Það kom hins vegar aldrei botn í það hver það hefði getað verið, eða hvaða hagsmuni hann hefði getað haft af því að kveikja í þar,“ segir hann og vísar með orðum sínum til tveggja stórra bruna sem áttu sér stað árið 2002 og eru enn óupplýstir. Í báðum tilvikum komst lögregla að þeirri niðurstöðu að kveikt hafi verið í.




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI S.JÖKUL

**Aðrir brunar óupplýstir**

Þá eru einnig óupplýstir stórir brunar úti á landi þar sem lögregla telur nokkuð ljóst að kveikt hafi verið í. Stærsta málið er trúlega Ísfélagsbruninn í Vestmannaeyjum í desemberbyrjun 2000. Þar nam tjón um milljarði króna og á þriðja tug manna yfirheyrðir án þess þó að nokkur hafi beinlínis verið grunaður um verknaðinn. Sömuleiðis hefur ekki verið upplýst um hver var valdur að eldsvoða í rækjuvinnslunni Strýtu á Akureyri í júníbyrjun 2001, en þar hljóp tjón á tugum milljóna króna. Rætt var um að unglingar kynnu að hafa kveikt í en aldrei neitt sannað. Lögreglan á Akureyri sagði rannsókn málsins erfiða,



**RÚSTIR EFTIR BRUNA Á LAUGAVEGI HAUSTIÐ 2003** Um tíma var maður í haldi lögreglu vegna brunans á Laugavegi, en sannanir voru ekki nægar á hendur honum til að málið færi lengra og telst því óupplýst hver var valdur að brunanum.



| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 6.24 | 13.26 | 20.26 |
| AKUREYRI | 6.05 | 13.11 | 20.15 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

heilsa o.fl.
**ORMAR**
Sníkjudýr geta nýst gegn ofnæmi. BLS 3



brúðkaup o.fl.
**ÞEMABRÚÐKAUP**
Hvernig væri að gifta sig í anda Friends? BLS 6





*Góðan dag!*
Í dag er þriðjudagur 6. september, 249. dagur ársins 2005.




SMÁAUGLÝSINGAR
Flokkar
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000
ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjólið er Kötlu kært og á því ferðast hún sér til ánægju og nytsemdar.

# Hjólar, sýnir og drekkur aloa vera

***Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona er ein af Stelpunum á Stöð tvö. Hún er að eigin sögn ekki mikil líkamsræktarstelpa en tekur tarnir í ræktinni og á hjólinu milli þess sem hún er límd við bílinn.***

„Ég gerði ekkert í sumar nema hjóla stundum en nú er ég að byrja aftur í ræktinni," segir Katla. Eins og hjá mörgum dettur líkamsræktardugnaður hennar niður milli þess sem hún fer reglulega í leikfimi. Spurð um hvað hún geri helst í líkamsræktarstöðvunum segir Katla að hún skemmti sér ekki svo vel í tækjasalnum. „Mér finnst bara gott að fara í góðan þrektíma og taka vel á því."

Katla fær líka dálítið út úr því að setjast á bak hjóli sínu. „Ég hjóla bæði mér til ánægju og líka til að komast á milli staða," segir hún, en bætir við að það fari eftir skapinu hverju sinni hvort hún nenni að nota hjólið til að komast milli staða. „Ég er kannski límd við bílinn í einhverja mánuði og svo fer ég aftur að hjóla."

Þegar maður vinnur sem leikari er kannski ekki svo nauðsynlegt að vera í reglulegri líkamsrækt. Katla jánkar því að í leikarastarfinu felist í raun mikil líkamsrækt. „Það fer rosaleg orka í að sýna kannski þrisvar til fjórum sinnum í viku. Þótt þú sért ekki á harðaspretti inni á sviðinu allan tímann þá ertu samt að nota mikla orku í þetta," segir hún.

Katla lætur ekki hvað sem er ofan í sig og tekur vítamín til að halda líkamanum góðum. Hún er vön að drekka aloa vera-drykk á hverjum morgni og finnst það gera sér mjög gott. Hún drekkur heldur ekki kaffi – hefur eiginlega gefist upp á því og drekkur grænt te í staðinn. „Ég hef drukkið það í þrjú ár og líður miklu betur. Þegar maður er undir miklu álagi kemur kaffið ekki sterkt inn. Þá er betra að drekka eitthvað róandi." ■

## LIGGUR Í LOFTINU

[ HEILSA - BRÚÐKAUP ]

**Fellibylurinn** Katrín skilur eftir sig mikla eyðileggingu og nú hafa menn verulegar áhyggjur af því að sjúkdómar kunni að breiðast út á svæðunum sem verst urðu úti. Ýmsar bakteríur ná að grassera við aðstæður sem þessar og smitsjúkdómar eru fljótir að berast. Þá hafa flóðin einnig mengað drykkjarvatn og uppskeru.

**Kóleru-faraldur** er að breiðast út í Vestur-Afríku. Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út formlega viðvörun og reyna nú að bregðast við af mætti við faraldirnum. Enn sem komið er hefur Gínea-Bissá orðið verst úti. Þar voru 9.047 tilfelli verið tilkynnt í júní, júlí og ágúst. Þar sem mikið hefur ringt í Vestur-Afríku uppi á síðkastið má búast við að faraldurinn berist til Nígeríu, Kamerún og Tsjad.

**Brúðarkjólaleiga** Katrínar hefur boðið upp á skemmtilegan afmælisleik fyrir brúðhjón í sumar. Leikurinn er þannig uppbyggður að þeir viðskiptavinir sem leigja eða kaupa brúðarkjól og ætla að gifta sig á árinu fara í lukkupott. Dregið er á tveggja mánaða fresti og eru vinningarnir veglegir, til dæmis leikhúsmiðar og gjafakort frá fyrirtækjum. Í síðasta útdrætti ársins verður dregið um ferðavinning til Evrópu sem er ekki amalegur glaðningur fyrir nýgift par.



**Brúðkaupsferðir** eru alltaf vinsælar. Nú hefur færst í aukana að brúðhjón kjósi að fara saman í ævintýraferð til framandi slóða í stað hefðbundinna brúðarferða. Ýmsir aðilar bjóða upp á skemmtilegar ævintýraferðir sem henta vel fyrir brúðhjón. Hjá Ferðaskrifstofu stúdenta er hægt að fá ýmsar upplýsingar um ævintýraferðir og þá hefur ferðaskrifstofan Embla líka verið dugleg við að bjóða upp á spennandi lúxusferðir til spennandi staða sem henta brúðhjónum vel.

SEPTEMBER
Kafbátur mánaðarins
Kalkúnsbringa og skinka ...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
Gildir í september 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli
6 tommu bátur kr. 299
12 tommu bátur kr. 499
SUBWAY



**Passaðu liðina**
Liðirnir eru viðkvæm svæði sem gera okkur kleift að hreyfa okkur. Skemmdir liðir lagast ekki og því er mjög nauðsynlegt að reyna ekki á þá ef þeir eru veikir fyrir. Ekki má horfa fram hjá því ef mann verkjar í liðina heldur binda um þá og hjúkra þeim.

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

14 milljarðar gerla / 8 tegundir gerla
PB8 er nú loksins fáanlegur en hann hefur verið vinsælasti asidófílus í Bandaríkjunum síðastliðin 8 ár. Til að byggja upp þarmaflóruna og bæta meltingu. Góður eftir neyslu fúkkalyfja og frábær félagi í ferðalagið. Glútein og mjólkurlaus.
**Útsölustaðir PB8:** Árbæjarapótek • Yggdrasill • Maður Lifandi • Laugarnesapótek
Rima Apótek • Apótek Ólafsvíkur • Heilsutek Hveragerði • Heilsubúðin Njálsgötu
hausverk / SÍA

Plokkfiskur
650 kr. / kg
Fiskbúðin Álfheimum
Álfheimum 4
553 8090
Fiskbúðin Reykjavíkurvegi
Reykjavíkurvegi 68
564 2783

Rope Yoga - Ármúla 44
Kennsla hefst fimmtudaginn 8. september
Kennari Emma Bjarnadóttir.
Nánari upplýsingar á **www.eger.is.**
Skráning í síma **8602173** og á *info@eger.is*
Rope Yoga • Ármúli 44, 3 hæð • 108 Reykjavík

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.-
SLENDERTONE FLEX 12.900.-
HREYSTI



Stefanía og Hrönn hafa reynslu af störfum á heilsugæslu og barnadeild.

# Gefa upplýsingar um heilsugæslu

***Hjúkrunarfræðingarnir Hrönn Håkansson og Stefanía Guðbergsdóttir svara þeim sem hringja í 1700 og leita eftir úrræðum innan heilbrigðiskerfisins.***

Upplýsingamiðstöð heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu var opnuð í byrjun maí og hefur hún símanúmerið 1700. Tveir hjúkrunarfræðingar svara í símann frá 8 til 17 á virkum dögum og veita ráðgjöf um almenn úrræði í heilbrigðiskerfinu, vegna veikinda, forvarna og réttinda sjúklinga. Þetta eru hjúkrunarfræðingarnir Hrönn Håkansson og Stefanía Guðbergsdóttir og þegar stund gefst frá skyldustörfunum veita þær Fréttablaðinu fúslega viðtal um þjónustuna. „Það er mjög sveiflukennt hversu mikið er að gera,“ segja þær. „Stundum kemur hvert símtalið á fætur öðru og í annan tíma koma eyður.“ Þær segja einkum hringt í þær ef um veikindi er að ræða. „Fólk er að leita ráða. Oft vill það fá aðstoð við að taka ákvörðun um hvort það eigi að fara til læknis eða ekki og margir hringja fyrir aðra, foreldra sína, börnin sín eða maka. Svo er annar hópur sem hringir af því hann veit ekki hvert hann á að leita með sín mál innan heilbrigðiskerfisins. Við höfum góð tengsl og aðstöðu til að finna út úr hlutunum fyrir fólk.“

Báðar hafa þær Hrönn og Stefanía unnið innan heilsugæslunnar áður og Hrönn einnig á barnadeild. Spurningu um hvort þær hafi bjargað mannslífum með upplýsingaþjónustunni vilja þær hvorki játa né neita, en leggja áherslu á að þetta sé ekki neyðarlína. „Við getum hinsvegar hjálpað fólki að taka ákvörðun um það hvort það þurfi að hringja í neyðarlínuna ef það er ekki visst,“ segja þær og taka líka fram að þjónustan sé ókeypis fyrir utan símakostnaðinn.

Sætt og sykurlaust
Náttúrulegt sætuefni

Sætt sem sykur
færri kaloríur
einnig fyrir sykursjúka
xylitol.is

GRÆNMETISNÁMSKEIÐ SOLLU
HIMNESK HOLLUSTA

**Á námskeiðinu kennum við:**
- að útbúa fljótlega, gómsæta & næringarríka rétti með heilsusamlegum eldunaraðferðum
- hráefnisfræðslu
- hvernig meðhöndla á grænmeti, ávexti, tófú, baunir, korn & annað heilsuhráefni
- heilsusamlega eftirrétti
- útbúa innkaupalista

**Kennari: Sólveig Eiríksdóttir**
Námskeiðið er eitt kvöld frá **kl 18.30 - 23.00.**
Námskeiðsdagar í boði:
**13. sept. / 15. sept. / 20. sept. / 22. sept. / 27. sept.**
**Verð kr. 5.900**
skráning:
**sími 821 4608**
**solla@himneskt.is**
**www.himneskt.is**

## Reykingar }

## Láttu starfsfólkið hætta að reykja

REYKLAUSIR STARFSMENN ERU VERÐMÆTARI.



Reykingar á vinnustöðum eru mikið vandamál enda hafa rannsóknir sýnt að reykjandi starfsfólk nýtist verr en reyklausir. Þess vegna býður Liðsinni-Sólarplexus upp á námskeið sem er sniðið að þörfum fyrirtækja sem vilja lækka hlutfall reykjandi einstaklinga innan þess. Námskeiðin eru þrír og hálfur til fimm mánuðir að lengd og er skipt upp í þrjá áfanga. Sá fyrsti er undirbúningur þar sem heilsufarskönnun fer meðal annars fram. Þá tekur við námskeið á vinnustaðnum þar sem er einn fundur í viku í sex til tólf vikur. Að því loknu er eftirfylgni í sex vikur þar sem hjúkrunarfræðingur hringir vikulega í þátttakanda og hvetur hann áfram.

# Ormar gegn ofnæmi

***Rannsóknir írskra vísindamanna benda til þess að innan tíðar verði hægt að nota sníkjudýr til góðs.***

Írskir vísindamenn við Trinity College í Dublin hafa náð að komast fyrir astma í músum með því að smita þær af sníkjuormum. Astma- og ofnæmissjúkdómar hafa næstum þrefaldast í vestrænum heimi síðastliðin þrjátíu ár. Vísindamennirnir telja ástæðuna vera þá að Vesturlandabúar búi í svo sótthreinsuðu umhverfi að ónæmiskerfið hafi ekkert merkilegra að kljást við en örverur og próteinagnir í loftinu. Rannsókn sem gerð var í Gabon í Afríku sýndi fram á að börn sem voru sýkt af ormum sýndu minni ofnæmisviðbrögð við rykmaurum en þau ósýktu. Þegar ormarnir voru fjarlægðir með lyfjum jukust ofnæmisviðbrögðin aftur. Vísindamennirnir telja að sníkjudýrin stjórni á vissan hátt viðbrögðum rauðu blóðkornanna í hýslunum við ofnæmisvöldum til að gera hýsilinn að lífvænlegra umhverfi fyrir sig. Næsta verkefni telja þeir vera að komast að því hvernig ormarnir gera þetta svo hægt sé að nýta þá þekkingu til þess að búa til ofnæmislyf og jafnvel lyf gegn sjálfsofnæmi.



Þetta litla sníkjudýr gæti stuðlað að vellíðan hjá mörgum ofnæmissjúklingum.



# Týndur í heilbrigðiskerfinu?

***Upplýsingar um réttindi sjúklinga á landlaeknir.is***

Það er nauðsynlegt fyrir hvern þann sem leitar sér þjónustu hjá sjúkrahúsum, heilsugæslu eða á einkastofum að þekkja rétt sinn innan heilbrigðiskerfisins.

Á heimasíðu Landlæknisembættisins www.landlaeknir.is má finna upplýsingabækling um réttindi sjúklinga. Þar er meðal annars fjallað um þátttöku sjúklinga í kostnaði, samþykki fyrir meðferð, réttindi barna og foreldra þeirra og hvernig skuli bera sig að við að koma fram kvörtunum eða kærum. Í upplýsingabæklingnum má einnig finna lista yfir félög sjúklinga og samtaka til stuðnings þeim. Mörg þessara félaga geta reynst stoð og stytta fyrir þá sem sjá fram á að þurfa að leita sér stöðugrar læknisþjónustu vegna sjúkdóms. Mörg þessara félaga hafa mikla reynslu og þekkingu af málefnum sem snerta sjúklinga og geta veitt aðstoð til þeirra sem þurfa á henni að halda.

Nú stefnir Landlæknisembættið á að safna upplýsingum um staðfestar kærur eða kvartanir og gera aðgengilegar almenningi á næstu misserum. Sé fólk kunnugt rétti sínum á það síður til að týnast innan kerfis heilbrigðisþjónustunnar.

# Von fyrir eyðnismitaða karlmenn

***Ný tækni gefur eyðnismituðum karlmönnum tækifæri til að eignast börn.***

Í framtíðinni eru miklir möguleikar á því að eyðnismitaðir karlmenn geti eignast börn án þess að eiga á hættu að smita barnið eða móðurina.

Verið er að þróa aðferð þar sem sæði karlmannsins er „þvegið“ á tilraunastofu og öll ummerki um HIV-vírusinn eru fjarlægð. Að þvotti loknum er sæðið rannsakað vel og sé það hreint má nota það til þess að frjóvga egg konunnar.



Þessi tækni er að ryðja sér til rúms víða um heim og nú vilja nokkrir læknar í Noregi fá leyfi til þess að framkvæma slíkar aðgerðir þar í landi. Þeir vilja að HIV-smitaðir foreldrar eigi jafna möguleika á barneignum og heilbrigt fólk. Þráin eftir börnum getur verið sterk og til eru mörg dæmi um að eyðnismitaðir foreldrar reyni að eignast börn á hefðbundinn hátt þótt þeir viti að með því stofni þeir lífi sínu og barnsins í mikla hættu.





HREYFI GREINING

- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstíls námskeið
- Frábær staðsetning

## Viltu laga línurnar?



Ástvaldur F Heiðarsson, þjálfari, á lokaári í KHÍ - íþr.k.
Haukur Guðmundsson, leiðbeinandi, á lokaári í Sj.þj.
Gígja Þórðardóttir, sjúkraþjálfari BSc
Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari BSc, MTc, MHSc.
Jakobína Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari BSc framkvæmdastjóri
Kolbrún Jónsdóttir, sjúkraþjálfari BSc
Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari BSc

)< **Bumban inn Karlaátak** Lokaðir tímar fyrir karla sem vilja ná árangri

**Tilboð: 3ja mán. kort kr. 14.900** til 10. september Opnir tímar, tækjasalur

**Barna fimi** fyrir 1-3 ára fyrir hádegi á laugardögum

**Í formi til framtíðar** Vegna frábærra undirtekta höfum við bætt við auka námskeiði fyrir konur

**Dæmi um lokuð námskeið í haust:**

| Námskeið | Vikur | Lengd tíma | Í viku | Markhópur | Kennari | Verð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Í formi til framtíðar | 8 | 60 mín | 3 | 5-10 kg yfirþyngd | Gígja Þórðardóttir | 22.900 |
| Í formi til framtíðar + | 16 | 60 mín | 3 | 15+ kg yfirþyngd | Gígja Þórðardóttir | 38.900 |
| Karlaátak | 8 | 60 mín | 3 | 15+ kg yfirþyngd | Haukur Guðmundsson | 22.900 |
| Móðir og barn | 4 | 60 mín | 2 | Móðir m. barn á 1 ári | Sandra Dögg Árnadóttir | 9.900 |

Næst

**Skoðið stundaskrá haustið 2005 á www.hreyfigreining.is**

HREYFI GREINING HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is




Eflum einbeitingu og þrek með kjarnmiklu fjörefni.

Fjörefni er ný bætiefnaformúla sem inniheldur auk vítamína og steinefna, öflugan skammt af ginkgo og ginseng. Fjörefni stuðlar að auknu þreki og betri einbeitingu.

KRAFTAVERK

Náttúrulega
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi




Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

FÆST Í APÓTEKUM, HAGKAUP, NETTÓ, SAMKAUP, SPARKAUP, NÓATÚNI, ÚRVALI OG STRAX

## Hvers vegna notar þú Rautt Eðal Ginseng?



**Lilja Valdimarsdóttir, hornaleikari:**
Til að vera frísk og svo er ég líka einbeittari.



**Sjöfn Har. myndlistarmaður:**
Það eykur hugmyndaflugið.



**Ragnhildur Sigurðardóttir, golfari:**
Keppnisgolf er mjög krefjandi, þess vegna nota ég Rautt Eðal Ginseng. Þannig kemst ég í andlegt jafnvægi, skerpi athyglina og eyk úthaldið.



**Ragnheiður Runólfsdóttir, sundþjálfari:**
Það er gott fyrir heilsuna og eflir mann í leik og starfi.



**Kogga, listakona:**
Það eykur einbeitingu og sköpun.

**Rautt Eðal Ginseng**
*Skerpir athygli og eykur þol*
**www.ginseng.is**

Futurebiotics
SÓLHATTUR + C-vítamín
Ótrúlega öflugur kvefbani. Bólgueyðandi og styrkir ónæmiskerfið
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI
Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum

Futurebiotics
GINKGO BILOBA
Bætir minnið og örvar blóðstreymið
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI
Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

VIÐSKIPTAVINIR ATHUGIÐ
BREYTTAN OPNUNARTÍMA
MÁN, ÞRIÐ, MIÐ 9:00 - 18:00 | FIM 9:00 - 20:00 | FÖS 9:00 - 18:00 | LAUG 11:00 - 14:00
SNYRTISTOFAN salon ritz
Laugavegur 66 • Sími 552 2460 • www.salonritz.is

Rammíslenskar Speltkökur og Kartöflukökur af Ströndum
100 ára hefð og ekkert nema hollusta
Þú borðar þær með uppáhalds álegginu, kannski ylvolgar úr ofninum, ristaðar, með hvítlauksolíu, stundum eins og pizzur ... eða eins og Strandamenn, glænýjar með íslensku smjöri.
Fáðu þér Speltköku og Kartöfluköku í næstu matvöruverslun.
Hollara brauð finnst varla.

..., barnvænleg og ...lduvæn heilsurækt
mömmu og pabba
...um fljótlega
Kíktu á
heimasíðu okkar
www.hreyfiland.is
HREYFILAND



Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir.

# Fræðsla og andleg einkaþjálfun

***Streituskólinn býður upp á námskeið alla miðvikudaga sem eru opin almenningi. Námið í skólanum er byggt upp á fræðslu annars vegar og persónulegri ráðgjöf hins vegar og er ætlað bæði sem forvörn og meðferð gegn of mikilli streitu.***

Streituskólinn hefur verið starfræktur í þrjú ár og hefur starfsfólk hans því mikla reynslu af því að kenna fólki að vinna með streitu. Hingað til hefur hann sérhæft sig í lausnum fyrir fyrirtæki og aðra hópa en í næsta mánuði er ætlunin að vera með opin námskeið alla miðvikudaga.

„Nýjungin hjá okkur í þessum skóla er að blanda saman fræðslu um streitu og einstaklingsráðgjöf,“ segir Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir og forsvarsmaður skólans. „Fyrir suma er nóg að fara í sund, læra að segja nei eða eitthvað þess háttar, en hjá öðrum er þetta dálítið flóknara og djúpstæðara og hefur að gera með samskipti og samspil einkalífs og atvinnu. Þá vilja sumir fara í viðtöl og byggja sig upp þannig og við bjóðum upp á það í skólanum. Því má segja að þetta sé sambland af fræðslu og andlegri einkaþjálfun.“



Nemendur Streituskólans læra að greina hvenær streita verður neikvæð.

Námskeiðin á miðvikudögum hafa hvert sína yfirskrift og þar má meðal annars finna námskeið eins og Hlutverkastreita nútímafjölskyldunnar og Streitutengt át. „Streita er eðlilegt fyrirbæri sem hjálpar manni að standast álag. En á einhverjum tímapunkti verður streitan neikvæð og þá getur maður þróað hjá sér einhvers konar sjúklegt ástand,“ segir Ólafur. „Eitt af kjarnaatriðnum í fræðslunni er að hver og einn finni hjá sér hvenær þetta verður neikvætt því það getur verðið svolítið mismunandi. Sumir þrífast á streitunni en aðrir gera það ekki.“ ■

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavefurinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

LAXA LÝSI
Mýkir og styrkir stirð liðamót.
Sendum í póstkröfu
Heilsuhornið
S: 462-1889 • Heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is
Útsölustaðir m.a: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Selfossi.

Gallerý fiskur
Í verslun
Úrval nýrra og góðra fiskrétta lagaða úr fersku grænmeti og nýjasta fiskinum m.a.:
Rauðspretta með mozzarella, tómötum og basil á risotto
Lúða í grænpiparsósu
Saltfiskréttir
auk mikils úrvals af ferskum fiski í flökum og steikum
Opið í veitingahúsi öll kvöld nema sunnudaga
Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00
Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is

# Streita minnkar ekki líkur á þungun

***Konur sem þjást af streitu eiga jafn mikla möguleika á að verða þungaðar.***

Því hefur oft verið haldið fram að streita minnki líkur á þungun. Oft er sagt að konur sem reyni án árangurs að eignast börn séu bara of stressaðar og þeim sagt að um leið og þær slaki á þá hljóti þetta að koma. Málið er hins vegar ekki svo einfalt og nú hefur ný sænsk rannsókn leitt í ljós að streita hefur lítil áhrif á frjósemina.

Tvær ljósmæður við Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsið í Gautaborg unnu að rannsókninni. Þær fylgdu eftir 166 konum sem voru að reyna að eignast börn með tæknifrjóvgun. Streita kvennanna var mæld í upphafi meðferðar og einnig eftir að henni lauk. Frjóvguðu eggi var komið fyrir í legi 139 kvenna og þar af urðu 58 þungaðar. Streita virtist engin áhrif hafa og þær konur sem mældust stressaðar áttu alveg jafn miklar líkur á að verða þungaðar eins og þær rólegu.

Þessar niðurstöður eru fróðlegar fyrir þau pör sem eiga í erfiðleikum með að eignast börn og hafa tengt ófrjósemina við streitu og vinnuálag.



# Hættu að reykja

HEILSUSTOFNUNIN Í HVERAGERÐI BÝÐUR UPP Á NÁMSKEIÐ Í FALLEGU UMHVERFI.



Heilsustofnunin hefur sérhæft sig í vatnsmeðferð.

Vikuna 23. til 30. október býður Heilsustofnun NLFÍ upp á námskeið gegn reykingum. Rannsóknir hafa sýnt að hreyfing, fræðsla, umræður, slökun og útivist hefur jákvæð áhrif á fólk og hjálpar því í baráttunni við tóbaksdjöfulinn. Heilsustofnunin býður upp á dvöl í friðsælu umhverfi fjarri hversdagslegum vandamálum svo fólk geti einbeitt sér að því að losna við fíknina í eitt skipti fyrir öll. Í stofnuninni er boðið upp á alls konar heilsutyrkjandi meðferð. Frekari upplýsingar eru á heimasíðu Heilsustofnunarinnar www.hnlfi.is.

**SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ**

## Hið „ljúfa“ líf?

**Sófakartöflur?**
Það er ljúft að liggja í sófanum heima og hafa allan heiminn í kassa fyrir framan sig, þjóta heimshorna á milli með hraða ljóssins, með því einu að þrýsta á hnapp. Fylgjast með öllu amstrinu í kringum sig, árangri annarra í íþróttum og fleiru. Það er gott að borða, ýmiss konar „snarla“ meðan maður horfir á sjónvarpið. Mörgum finnst „toppurinn“ að teygja sig eftir bjórnum og snakkinu og njóta sælunnar sem fylgir þessu letilífi.

**Þungur, þyngri...**
Með árunum verður hins vegar alltaf erfiðara og erfiðara að rísa upp úr sófanum eftir meiri birgðum eða til þess að losa sig við þær. Það gerist einfaldlega vegna þess að „birgðirnar“ hafa tilhneigingu til þess að setjast utan á okkur og safnast fyrir í líkamanum með tímanum.

**Kominn tími á breytingar?**
Það er lítil lífsfylling í því að fylgjast með árangri annarra, í það minnsta minni en að ná árangri sjálfur, og óhjákvæmilega leitar sú hugsun á mann hvort ekki sé kominn tími til að gera eitthvað í sínum málum. Jafnvel vinna eigin sigra, sigrast á kyrrsetulífinu og ört vaxandi fyrirferð eigin líkama. Hvernig væri að fara að rækta eigin líkama og sál?

**Heilsan**
Samkvæmt minni reynslu sem heilsuráðgjafi, sem spannar nú vel rúman áratug, má segja að flestir, sem eru ekki þegar byrjaðir að rækta líkama og sál, séu einungis að bíða eftir ástæðu og tækifæri til þess að byrja. Það er margt sem vinnur á móti okkur. Eitt af því sem við óttumst hvað mest í lífinu, er að standast ekki raunina, hver svo sem hún er, og þess vegna finnst okkur oft betur heima setið en af stað farið. Þannig eru flest áramótaheitin nú gleymd og grafin og sömu leið fór hjá mörgum að hefja líkamsræktarátak og betra líf, ekki satt?

En hvað ef það væri til leið sem því sem næst tryggir árangur í líkamsrækt? Sú leið er reyndar til og mun ég fjalla um hana og ýmsar aðferðir til að ná hámarksárangri í næstu pistlum mínum.
Sjáumst í næstu viku!

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.






**ÞÓREY EDDA**
Norðurlandamethafi í stangarstökki

„Í stangarstökki reynir mikið á liðina. Ég hef lengi verið með brjóskvandamál í baki og verki í puttum. Ég finn alveg gríðarlegan mun á mér þegar ég tek inn Lið-Aktín en þá hverfa þrautirnar. Nú nota ég Lið-Aktín að staðaldri til að viðhalda heilbrigðum liðum og koma í veg fyrir slit. Lið-Aktín gerir mér kleift að stunda íþróttir af fullum krafti, þrautalaust“

„Lið-Aktín gerir mér kleift að stunda íþrótt mína af fullum krafti, laus við þrautir“




KRAFTAVERK

náttúrulega heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi



**Ekki sulla!**
Ekkert er meira svekkjandi en að sulla niður á skjannahvít brúðarklæðin. Það getur jafnvel verið best að sleppa því að borða mat í fljótandi formi þangað til eftir athöfnina og drekka litaðan vökva með röri.

## Brúðkaup sem bragð er að

ÞEMABRÚÐKAUP FÆRAST Í VÖXT OG HÉR ERU NOKKRAR AÐFERÐIR TIL ÞESS AÐ GERA BRÚÐKAUPIÐ ENN EFTIRMINNILEGRA.

Það færist í vöxt að brúðkaup séu haldin með einhverja ákveðna grunnhugmynd eða „þema“ að leiðarljósi. Þannig eru brúðhjónin kannski klædd í kántríföt og farið fram á að gestirnir klæðist í þeim stíl líka, veislan haldin í hlöðu og dansaður línudans fram eftir nóttu. Hugmyndir að þemabrúðkaupum eru óþrjótandi og hér eru nokkrar sem ekki ætti að vera of flókið að gera að raunveruleika.





### Friends

Brúðhjónin eru klædd eftir langnýjustu tísku. Besti vinur þeirra giftir þau og heldur langa ræðu um að gefa og þiggja, skipta með sér og elskast. Brúðguminn segir vitlaust nafn við altarið, helst nafn gamallar kærustu sem er einmitt stödd í kirkjunni. Brúðurin lokar sig inni á klósetti og skríður út um gluggann.

***Lag:*** I'll be there for you

**Veitingar:** Pitsa, brúðarflan og kjúklingabringur.



### Tóga

Allir gestirnir mæta í hvítum lökum og brúðurin og brúðguminn líka. Þau eru hins vegar eina fólkið með lárviðarkransa. Skemmtiatriðin eru magadans, eldgleypar og dansandi geitur. Gjarna má athuga hvort gæludýr eða eftirlætis hestur getur framkvæmt athöfnina.

**Lag:** That's amore

**Veitingar:** Innbakaðir gíraffahálsliðir með hunangi, einn obbolítill villigöltur og auðvitað vínber eins og hver getur í sig látið.



### Hryllingsmyndir

Brúðurin er með hvítar rendur í hárinu og brúðguminn með skrúfu á hálsinum. Drakúla greifi leikur á orgelið og Varúlfakórinn spangólar brúðarmarsana. Allir gestirnir koma sem uppáhalds hryllingsmyndahetjan sín og taka eitt tíðhnitið enn.

**Lag:** Damn it Janet og öll hin lögin úr Rocky Horror Picture Show

**Veitingar:** Grilluð innyfli, lifrarkæfa, rauðvín, blóðmör.



Gunnar Gunnarsson organisti hefur leikið brúðarmarsana tvo oftar en hann getur mögulega rifjað upp.

# Allir vilja að athöfnin sé falleg

***Gunnar Gunnarsson, organisti í Laugarneskirkju, hefur leikið við fleiri brúðkaup en hann getur mögulega rifjað upp í fljótu bragði.***

Flestir eiga erfitt með að hugsa sér kirkjubrúðkaup án þess að brúðarmarsinn sé leikinn á orgel þannig að undir taki í kirkjunni.

Gunnar Gunnarsson, organisti í Laugarneskirkju, hefur leikið þessa tvo hefðbundnu brúðarmarsa, marsinn úr Lohengrin eftir Wagner í upphafinu og Mendelson í lokin, oftar en hann getur mögulega rifjað upp. Svo hefur hann leikið kynstrin öll af öðrum lögum líka enda einn færasti píanóleikari landsins. Hvert brúðkaup er þó sérstakt og hann á erfitt með að benda á einhver lög sem ganga eins og rauður þráður gegnum brúðkaup landsins.

„Það er rosalega erfitt að benda á eitt lag eða tvö sem eru vinsælli en önnur, en það sem ég hef mest spilað er brúðarsálmur númer 263, Vor guð í Jesú nafni nú,“ segir Gunnar. „Mér finnst eðlilegt að kirkjutónlistin fari með eitthvert hlutverk í kirkjulegum athöfnum, fólk er að sækja ákveðna þjónustu af kirkjunni og sumir prestar vilja gjarna hafa í það minnsta einn sálm í athöfninni. En við erum líka að koma til móts við fólk og þjóna því.“

Gunnar segist spila mest ástarlög enda séu brúðkaup frekar eðlilegur staður til að syngja um ástina. „Ýmis dægurlög eru algeng, til dæmis Kannski er ástin sem þeir Eyjólfur Kristjánsson og Bergþór Pálsson gerðu vinsælt fyrir mörgum árum. Ást með Ragnheiði Gröndal er vinsælt núna, en það hefur frekar trúarlegan undirtón og á vel við kirkjuathafnir.“

Gunnar segir starf organistans vera svolítið eins og tónlistarstjóra, hann þurfi að spila á píanó, útsetja fyrir kór og strengi og ýmislegt í þeim dúr. „Fólk er oftast mjög smekkvíst og ég hef aldrei lent í því að þurfa að neita lagi vegna þess að það var óviðeigandi.“ Hann neitar því þó ekki að tískubólur komi og fari. „Það hefur verið smátískubóla að spila kvikmyndastef sem útgöngulag en ef fólk hefur heyrt kraftinn í Mendelson-útgöngumarsinum þá bliknar flest annað. Stundum hef ég fengið óskir um að það sé bara djass eða bara klassík spiluð í brúðkaupinu. Ég reyni að gera það sem brúðhjónin biðja um, en því er alltaf vel tekið ef ég kynni aðrar hugmyndir fyrir þeim. Allir vilja auðvitað að athöfnin sé falleg.“

Nuddbað nýrrar aldar

Tölvustýrt



Sidney
170x100x68 sm





Öllu fjarstýrt

Melbourne
150x150x62 sm



Með fjarstýringu og stjórnborði með LCD skjá á baðkarinu er hægt að stýra vatns- og hljóðkerfi og öllu því sem baðkarið hefur upp á að bjóða:

- 19 nuddstútar
- Hreinsibúnaður
- Útvarp og tenging við CD
- Hitastýrt blöndunartæki m. brunaöryggi
- Ljós undir vatnsborði
- Nuddkerfi
- Tengjanlegt við síma
- Jafnhitabúnaður



www.design.is © 2005

INNRÉTTINGAR & TÆKI

Ármúla 31 • 108 Reykjavík • S. 588 7332 • www.i-t.is • jensen@i-t.is
Opið: Virka daga frá kl. 9-18, Laugardaga 10-14

www.i-t.is



Honda Civic árg. ‘94, ssk., 5 dyra, 1500, ek. 156 þús., sk. ‘06, smurbók frá upphafi, vetrardekk fylgja, toppbíll. Verð 275 þús. S. 892 7852.

Hyundai Coupe árg. ‘97 sk. ‘06, gulur. Ásett verð 400 þús. Tilboð 290 þús. S. 691 9374.

Til sölu Toyota Corolla Z ‘96, sjálfsk. ek. 119 þús. Nýleg tímareim og nýir demparar, v. 300 þús. staðgr. Uppl. í s: 864 1523.

## 500-999 þús.



Enduro - Husqvarna TE250 2004 4-stroke til sölu mjög vel farið Husqvarna TE250 2004 lítið keyrt, flutt inn ónotað í júní . Verð 550 þús. engin skipti. S. 895 7029.

VW Golf 1.6 Comfl., 5 g., 5 d., sk. ‘06, þjv., ek. 135, gott viðhald. Albert 821 0626. Verð 560 þ. kr.

Sparneytinn bíll, Toyota Avensis árg. 2000, ek. 102 þ. Verð 950 þ. S. 699 8523.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl, helst ekki eldri en ‘93 á 0-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 691 9374.

## Jeppar



Isuzu Rodeo 3.2 1995, ek. 170 þ. km, ssk., 4x4, glertopplluga ofl. Verð 690.000. Uppl. í s. 896 4024.



Nýr Dodge Durango, Limited Hemi. 7 manna lúxusjeppi. Verð 4.900 þ. Uppl. í s. 699 8082.




Splúnkunýjir Jeep Grand Cherokee á tilboði þessa viku frá kr. 2.999.000. Fyrstir koma fyrstir fá. Hægt að velja um liti og aukabúnað Grand Cherokee Laredo, Limited og Limited HEMI á ótrúlega hagstæðu verði á meðan birgðir endast. Hringdu strax til að tryggja þér bíl á útsöluverði. Nánari upplýsingar í síma 552 2000 og á www.islandus.com

## Pallbílar




Ford og Toyota pallbílar á tilboðsverði. Splúnkunýjir Ford pallbílar í öllum stærðum og gerðum á tilboði þessa viku frá kr. 1.795.000. Hægt að velja um fjölda lita og aukabúnað, Explorer SportTrack, F150 RegularCab,Supercab og CrewCab á ótrúlega hagstæðu verði á meðan birgðir endast. Hringdu strax til að tryggja þér bíl á útsöluverði. Nánari upplýsingar í síma 552 2000 og á www.islandus.com

## Sendibílar



Iveco Daily 35S 11V túrbó dísel, ek. 50 þ., nýskr. 14.12.99, uppsett gott hillukerfi, stærð kassa l. 300, b. 170, h. 190. 5 dyra, 1 rennihurð, 2 hlerahurðar að aftan. Burðargeta 1.650 kg. Tilboð óskast. S. 663 4112.

## Húsbílar



Elnagh-SLIM 1 árg 2005 með skyggni, sólarsellu útvarpi ekinn um 4000 km er til sölu af sérstöum ástæðum. Mjög goður húsbíll verð. 3.890.000 kostaði 4.600.000. Upplýsingar gefur Kristín hjá Víkurverk sími 557 7720 www.vikurverk.is

## Kerrur




**Aukahlutir**
á vagna og kerrur, kerrufætur, hjólastopparar, kerrutengi, beisli, dráttarkrókar og kúlur, bremsutjakkar, lamir og lokur, ljós og glitaugu o.fl. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F, 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

## Hjólhýsi

**Leiguhúsnæði**
Erum með húsnæði fyrir hjólhýsi, ferðabíla, fellihýsi og tjaldvagna í Garði á Suðurnesjum. Uppl. í s. 893 6867, 422 7169 & 422 7149.

## Fellihýsi



Til sölu TrailManor 2720 fellihýsi,árgerð 1999. Útv/Geislaspilari, 2 rafgeymar, tenging fyrir rafmagn, öflug sólarrafhlaða, wc, kæliskápur, eldavél með ofni, heitt og kalt vatn, upphækkað. Verð: Tilboð. Uppl. í s. 892 2530.

Palomino Colt ‘01. Fortjald og fl. Lítið notaður. Uppl. í s. 895 0543.

**Palimino Yerling ‘04**
Mjög gott hýsi lítið notað. Er 12 feta og er með hornsófa 2 borðum, fortjaldi, motta í fortjaldi. Gott svefnpláss og allir komast fyrir. Einnig fylgir með 2 gaskútar og ísskápur og eldavél. Sjón er sögu ríkari verð aðeins. 1280 þús. uppl. í s. 866 7691 & 895 3534.

## Vinnuvélar




**John Deere hágæðaolíur;**
Smurolíur, vökvakerfisolía, koppafeiti og frostlögur. 50% lengri endingatími. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414-8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464-8600



Trjákurlari til sölu, hakkar allt að 15 cm trjástofna. Uppl. í síma 437 1200.






Til sölu Ford 4600 árg. 1977 í mjög góðu standi. Upplýsingar í s. 892 5299.

## Lyftarar




**Lyftaravarahlutir**
í flestar tegundir lyftara, keðjur, masturslegur, dekk, gafflar ofl. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F, 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.







**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573

## Bátar




## Bílaþjónusta




## Aukahlutir í bíla



Glæsilegt armbandsúr fylgir öllum Hyundai aukahlutum. Skoðaðu úrvalið hjá okkur og sjáðu hvernig þú getur gert bílinn þinn enn betri. Tilboðið gildir meðan birgðir endast. B & L. S. 575 1230.




**Aukahlutir B&L Grjóthálsi 1**
**110 Reykjavík Sími 575 1240.**



Borbet CA álfelgur 16” 4x100 13.950 kr. 16” 5x114,3 13.950 kr. 15” 4x100 11.500 kr. 15” 5x114,3 11.500 kr. 14” 4x100 9.500kr. Láttu gæði og verð fara saman.



18” Matrix álfelgur 4x100 með “flip” áferð. Felgan skiptir litum eftir því hvernig birtan fellur á hana. Rauð, græn og brún. Sjón er sögu ríkari!

## Varahlutir




Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX ‘03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 ‘95, Lancer Golf. Opið 8-18 Lau. 10-15.

**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Bens, VW, Musso, Skoda og fl. Opið mán.-föst. 9-18.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris ‘98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**S. 555 3560**
Bílapartar og Þjónusta. Eigum varahluti í flestar gerðir bíla. Dalshrauni 20.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Á varahluti í Charade ‘88/’93, Civic ‘91, Lancer Colt ‘92/’93, Galant ‘90, Corolla ‘92, ‘97, Touring ‘92, Sunny ‘92, Micra ‘91, Swift ‘90, Subaru ‘90, Justy, L300 ‘90, Primera ‘93, Escort ‘88. Hyundai Coupe Turbo ‘93. Sonata ‘92. S. 896 8568.

## Viðgerðir

KK Bílaverkstæði Skemmuvegi 22 Kópavogi, bremsuviðgerðir. Almennar viðgerðir fyrir fólksbíla og jeppa, s. 861 3790 & 555 3755.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Full búð af nýjum vörum frá Austurlöndum. Frábært úrval. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.




**Comet háþrýstidælur**
margar gerðir, verð frá kr. 10.347- m/vsk. (mynd 26.390- Comet 1350 classic) Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

## TIL SÖLU









**Ítalía - veitingahús**
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir þjónum í fullt starf, á hótelvaktir 11-23.
Um er að ræða framtíðarstörf, ekki yngri en 18 ára.
Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.
**Veitingahúsið Ítalía**
**Laugavegi 11**

**Prikið auglýsir.**
Vantar aðstoðarmann í eldhús í hlutastarf strax. Góð laun fyrir rétt fólk.
**Áhugasamir hafið samband við Ragnar í síma 868 3587.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Símadömur! Símaþjónusta Rauða Torgsins leitar samstarfs við spennandi símadömur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is, og í s. 552 3349 og 899 7987.

Hafnarfjörður - verkamenn. Verkamenn óskast, framtíðarvinna, fríar ferðir og fæði. Uppl. í s. 892 5388.

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Sími 892 9660.

**Red chili**
Viljum bæta við okkur hressu og duglegu starfsfólki í sal. Vegna mikilla anna í vakta og kvöldvinnu. Umsóknir og upplýsingar á staðnum eða í s. 660 1855. Laugavegur 176.

Ísl./Svissn. hjón í Þýskal. vantar trausta, reyklausa au-pair strax. Frítt þýskunámssk. Uppl. í s. 0049 2205 907102, gerdur@puntin.de

Söluturn á Grensásvegi óskar eftir starfskrafti, 18 ára eða eldri. Kvöld og helgarvinna. Uppl. í síma 846 1797.

**X HÚS**
**FASTEIGNASALA**
Opið mánudaga til föstudaga 08:30 til 17:00

Jón Magnússon
Hrl. lögg. fasteigna og skipasali

Skeifunni 19
108 Reykjavík
sími: 533-1060
fax: 533-1069
xhus@xhus.is www.xhus.is

**Lindarflöt glæsilegt endurbyggt einbýlishús ásamt bílskúr á frábærum stað á jaðarlóð við hraunið og Hraunholtslækinn í Garðarbæ.**
Fallegur arkitekúr og gott skipulag einkennir húsið ásamt einstakri stórri og fallegri jaðarlóð. Öll vinna og efnisval eru mjög vönduð og ekkert hefur verið til sparað til að gera húsið hið glæsilegasta. Eign í algjörum sérflokki hvað varðar staðsetningu og glæsilega hönnun.
**Verð 64,0 millj.**





**Skeifan 19 • 108 Reykjavík • Sími 533 1060 • Fax 533 1069 • www.xhus.is • xhus@xhus.is**

**FASTEIGNA MIÐLUN**
**575 8500**
**Fax 575 8505**
Félag Fasteignasala
**Síðumúla 11 • 2. hæð • 108 Reykjavík**
**Jón Ellert Lárusson, löggiltur fasteignasali**
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 09.00 - 18.00


Brynjar Fransson
lögg. fasteignasali
samn./skjalagerð
sími 575 8503


Jón Ellert Lárusson
viðskiptafræðingur
sölumaður
lögg. fasteignasali


Örn Helgason
sölumaður
sími 696-7070


Þór Þorgeirsson
lögg. fasteignasali
sölumaður
sími 866 2020


Brynjar Baldursson
sölumaður
sími 698 6919


Sverrir Kristjánsson
löggiltur
fasteignasali
sími 896 4489


Gunnar Borg,
sölumaður,
sími 897-0988

## RAÐ- OG PARHÚS



**KRUMMAHÓLAR** Gott 85 fm. endaraðhús á einni hæð. Húsið skiptist í forstofu með fataskáp, tvö svefnherb., þvottaherb. / geymslu, eldhús með ágætri innréttingu og tækjum, rúmgóða parketlagða stofu með útgang út í garð og baðherb. með baðkari. Yfir húsinu er rúmgott geymsluloft. Hús málað að utan fyrir tveimur árum. V. 23,9 m.

## 5 TIL 7 HERBERGJA



**SKIPHOLT - BÍLSKÚR** Góð 5 herb. 117,5 fm íbúð á 3.h. ásamt íbúðarherb. í kjallara. Eignin skiptist þannig að gengið er inn á gang með skápum 3 parketlögð svefnherb., flísalagt baðherb. með baðkari og tengingu fyrir þvottavél, eldhús með snyrtilegri eldri innréttingu og borðplássi, parketlagt hol sem notað er sem borðstofa og tvær stofur en vel má nýta aðra þeirra sem fjórða herbergið. Leigja má út herbergi í kjallara. Bílskúr er 22 fm. Verið er að klára að gera við og mála hús að utan. Þak hússins er nýtt. V. 20,9 m.

## 4RA HERBERGJA



**FUNALIND** 116 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi á þessum vinsæla stað í Lindahverfi. Íbúðin er m.a. stofa, borðstofa, sjónvarpshol, þrjú svefnherb., eldhús með sprautulakkaðri innréttingu, flísalagt baðhergi í hólf og gólf. Þvottaherbergi í íbúð. Suðursvalir. Parket og flísar á gólfum. Stutt í alla þjónustu. Verð 23,5 millj.

## 3JA HERBERGJA



**ÁLFTAMÝRI** Falleg og töluvert endurnýjuð 3ja herb. 74 fm. íbúð á 4.h. Það er nýtt plast-parket (hlynur) á flestum gólfum íbúðarinnar sem skiptist annars í hol, tvö herbergi með nýjum skápum, rúmgóða stofu með útgangi út á suður-svalir, baðherbergi með baðkari og glugga og rúmgott eldhús með eldri innréttingu og tækjum. Sérgeymsla og sam. þvottaherbergi í kjallara. V. 15,4 m.



**KAPLASKJÓLSVEGUR** Góð 3ja herb. 83 fm. endaíbúð á 1.h. á þessum vinsæla stað í vesturbænum. Íbúðin skiptist í hol með fataskáp, 2 herbergi með skápum, nýlega uppgert baðherb. með baðkari og glugga, rúmgóða stofu með yfirbyggðum suður-svölum út af og nýlegt eldhús með flísum á gólfi, fallegri innréttingu og borðplássi. Geymsla og þvottaherb. í kjallara. V. 17,5 m.



**SÓLHEIMAR - ÚTSÝNI** Góð 3ja herb. 85 fm. íbúð á 5.h. í lyftuhúsi við Sólheima í Reykjavík. Íbúðin skiptist í parketlagðan gang með skápum, 2 herb. með skápum, tvennar svalir með frábæru útsýni, baðherb. með flísum á gólfi og baðkari, rúmgóða parketlagða stofu og eldhús sem er opið í stofu. Sérgeymsla á hæðinni og í kjallara. Sameiginlegt þvottaherb. með vélum og sauna. Áhv. 11,4 m. V. 17,5 m.



**SÓLVALLAGATA** Góð 3ja herb. tæplega 60 fm. íbúð á jarðhæð í nýmáluðu steinhúsi á þessum vinsæla stað í vesturbænum. Sérinngangur er í íbúðina sem skiptist í flísalagða forstofu, eldhús með flísum á gólfi, innréttingu og borðplássi, 2 svefnherb. með plast-parketi á gólfi, bjarta stofu, baðherbergi með flísum á gólfi og sturtubotn og geymsla innan íbúðar. Sam. þvottaherb. við hlið íbúðar. Þak nýmálað og skólplagnir nýjar. V. 12,8 m.

## 2JA HERBERGJA



**AUSTURBRÚN - ÚTSÝNI** 47 fm 2ja herb. íbúð í lyftuhúsi á 9. hæð með glæslegu útsýni yfir borgina. Íbúðin er stofa með suðvestursvölum út af, eldhús, svefnherb., baðherb. o.fl. Áhv. 2,8 millj. húsbréf. Verð 11,9 millj.



**ORRAHÓLAR - ÚTSÝNI** 2ja herb. 74 fm íbúð á 6 .hæð í lyftuhúsi. Íbúðin er stofa með mjög rúmgóðum suðursvölum út af, svefnherb., eldhús og baðherb. Þvottaaðstaða í íbúð. Húsvörður. Verð 14,5 millj. Íbúðin er laus.

## EINBÝLISHÚS

### SÓLVALLAGATA – HEIL HÚSEIGN



Á þessum eftirsótta stað í Borginni höfum við til sölumeðferðar 291,80 fm húseign með aukaíbúð ásamt bílskúr og geymsluskúr. Aðalíbúðin er m.a. þrjár samliggjandi stofur, fimm svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, snyrting o.fl. Í kjallara er 2ja herb. íbúð. Húsið stendur á hornlóð. Húsið er teiknað af Erlendi Einarssyni. Verð: Tilboð.

## SÉRHÆÐ

### MELGERÐI – SÉRHÆÐ – VESTURBÆR KÓPAVOGS



Ca 140 fm. sérhæð við Melgerði í Kópavogi. Húsið er þríbýli, tvær hæðir og kjallari og er íbúðin á 1. hæð. Íbúðin skiptist m.a. í stofu , borðstofu, fjögur svefnherb., eldhús, baðherbergi, gestasnyrting o.fl. Þvottaherbergi í íbúð. Garður er vel gróinn. Þak og þakkantur eru nýir. Hús var lagað að utan og málað fyrir þremur árum. Verð 27,9 millj.

## 4RA HERBERGJA

### ROÐASALIR - BÍLSKÚR



Skemmtileg ný 122 fm. (TVÍDÁLKUR) neðri sérhæð í tvíbýli ásamt 27 fm. bílskúr sem stendur í lokaðri götu gengt golfvellinum. Eignin skiptist í forstofu, rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með fallegri innréttingu og góðum tækjum, 3 svefnherb., fallegt flísalagt baðherbergi og þvottaherb. Bílskúr stendur við hlið íbúðar. Hiti í bílaplani framan við hús. Mjög góð staðsetning. V. 30,9 m.

## LANDSBYGGÐIN



**ÖLDUBAKKI - HVOLSVELLI** Til sölu tvö ný parhús við Öldubakka á Hvolsvelli. Hver íbúð er 4ra herb. 105 fm. með innbyggðum 28 fm. bílskúr. Húsin eru bárujárnsklædd timburhús á einni hæð og er skilað fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð um næstu áramót. Húsin skilast fokheld að innan eða lengra komin eftir nánara samkomulagi. V. 9,9 m. Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofu

## ATVINNUHÚSNÆÐI

**LÁGMÚLI - 108 RVK** Vorum að fá til sölu eða leigu bjart 1.598 m≤ atvinnuhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík. Húsnæðið er á jarðhæð með 3 innkeysludyrum, malbikuðu plani, góðri lofthæð skrifstofum og kaffistofu.



**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU** Vorum að fá til leigu í stærri eða smærri einingum í glæsilegt fimm hæða 3503,6 m≤ skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Smáralind í Kópavogi. Húsið er með glæsilegu útsýni, nægum bílastæðum, svölum, góðri aðkomu, opnum og björtum stigagangi. Húsið er einangrað að utan og klætt með stálklæðningu og steinplötum. Teikningar á skrifstofu og allar nánari uppl. gefur Örn Helgason á skrifstofu Fasteignamiðlunar eða í síma 575-8509.



**TIL LEIGU EÐA SÖLU Í HAFNAF.** Erum með til leigu eða sölu ca. 460 m≤ atvinnuhúsnæði með allt að 4,5 metra lofthæð við Hafnarfjarðarhöfn og nálægt miðbænum. Húsnæðið er að mestu einn opin salur með gluggum á einni hlið, 4 metra hárri innkeyrsludyr. Góð aðkoma er að húsinu og malbikað plan.



**GISTIHÚS - AKRANESI** Vorum að fá í sölu 870,8 m≤ veitinga og gistihús á þremur hæðum miðsvæðis á Akranesi, við einu af helstu verslunargötu bæjarins. Gistihúsið er með 13 herbergi ýmist með eða án baðs. Á jarðhæð er matsalur, bar og veitingastaður.

## HESTHÚS.



**HESTHÚS - VÍÐIDAL** Gott 6 hesta hús við Faxaból í Víðidal. Í húsinu eru auk hestageymslu, rúmgóð spónargeymsla með nýju gólfi, hkaða fyrir 4-5 bagga, snyrtileg kaffistofa með ísskáp sem fylgir og klósett. Húsið er snyrtilegt jafnt að innan sem utan. V. 5,4 m.

Skráaskipti gerð útlæg í Ástralíu:

# Slegið á fingur Kazaa

**UPPLÝSINGATÆKNI** Eigendum Kazaa hefur verið gert að breyta forriti sínu til að koma í veg fyrir höfundarréttarbrot, en Kazaa er eitt vinsælasta skráaskiptaforrit heims. Fjallað var um dóminn á öllum helstu tæknivefjum heimsins í gær.

Dómstóll í New South Wales í Ástralíu kvað í gær upp þann dóm að Kazaa bryti í bága við áströlsk höfundarréttarlög og fékk Sharman Networks, sem á Kazaa og er með rekstur sinn í Ástralíu, tveggja mánaða frest til að gera viðeigandi breytingar. Talsmenn tónlistarframleiðenda og samtök höfundarrétthafa hafa fagnað dómnum og kalla hann sigur sem hafi áhrif um heim allan. Óvíst er þó um áhrif dómsins, því fólk sem skiptist á skrám á netinu notast einnig við fjölda annarra forrita.

Í dómnum segir að honum sé ekki beint gegn tækninni, heldur til verndar höfundarrétti og komst að þeirri niðurstöðu að Sharman Networks hefði ekki á nokkurn hátt reynt að sporna við ólöglegri notkun forritsins, þrátt fyrir að á vef fyrirtækisins séu auglýsingar þar sem notendur Kazaa eru beðnir um að deila ekki með sér höfundarréttarvörðu efni.

- óká



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MARY STILL LÖGFRÆÐINGUR KAZAA** Lögmaður skráaskiptanetsins Kazaa ræðir við blaðamenn fyrir utan dómstólinn í New South Wales í Ástralíu, eftir að dómurinn komst að raun um að Kazaa-forritið væri brotlegt við höfundarréttarlög í landinu.



**SLÖKKVISTARF VIÐ KLAPPARSTÍG** Seinni partinn á sunnudag varð vegfarandi var við að kviknað hafði í skemmtistaðnum Sirkus við Klapparstíg í Reykjavík. Um nóttina var svo kveikt í ruslageymslu við skemmtistaðinn Pravda í Lækjargötu og um morguninn logaði í annað sinn á sólarhring í iðnaðarhúsnæði við Fiskislóð.

þar sem hvorki hafi verið á vettvangi ummerki sem gæfu vísbendingar um hver, eða hverjir gætu hafa verið þar á ferð, né heldur hafi verið nokkur vitni af atburðum.

Á Blönduósi er svo enn óupplýstur bruni Votmúla, atvinnuhúsnæðis sem brann til kaldra kola aðfaranótt þriðjudagsins 28. september í fyrra. Ummerki á vettvangi bentu sterklega til þess að kveikt hafi verið í, en eldurinn kom upp í skilrúmi milli matvælaverksmiðjunnar Vilkó og pakkhúss kaupfélagsins. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að kveikifimum vökna hafði verið skvett upp um veggi hússins, en Votmúli brann nánast til kaldra kola. Tjón í þeim bruna var talið nema yfir hundrað milljónum króna.



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is



Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Tekist á um einkavæðingu ríkisfyrirtækja í kosningabaráttunni.

## Stórþingskosningar eftir viku í Noregi

Spennan fyrir kosningarnar til Stórþingsins í Noregi á mánudag er nú að ná hámarki. Í norskum fjölmiðlum birtast nú skoðanakannanir á hverjum degi, bæði almennt um stöðu stjórnmálaflokkanna í landinu öllu og svo staðbundnar kannanir og kannanir um einstök mál kosningabaráttunnar. Samkvæmt þeim könnunum sem birtar voru í gær er alls ekki fullljóst hvers konar ríkisstjórn verður mynduð að loknum kosningum. Rauðgrænu flokkarnir svokölluðu með Jens Stoltenberg, leiðtoga Verkamannaflokksins, sem forsætisráðherraefni hafa fram undir þetta virst nokkuð öruggir um sigur í kosningunum, en nú þegar nær dregur kjördegi hefur heldur dregið úr fylgi við Miðflokkinn, sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir flokkana þrjá á vinstri vængnum. Jafnframt hefur Kristilegi þjóðarflokurinn, flokkur Bondeviks forsætisráðherra, sótt í sig veðrið og það sama er að segja um tvo aðra flokka sem tilheyra borgaraflokkunum, Hægriflokkinn og Framfaraflokkinn.

Það er eins með flokkana í Noregi og hér á landi, að sumir þeirra koma betur út í skoðanakönnunum en í kosningunum sjálfum, og aðrir sýna betri árangur í kosningunum en í könnunum fyrir þær.

Þeir leiðtogar sem mest hefur borið á í kosningabaráttunni í Noregi eru Bondevik forsætisráðherra og Stoltenberg, leiðtogi jafnaðarmanna, sem líka hefur gegnt starfi forsætisráðherra, þótt stutt væri.

Meðal þess sem þessir tveir leiðtogar hafa tekist á um í kosningabaráttunni er einkavæðing ríkisfyrirtækja. Jafnaðarmenn hafa mjög varað við frekari einkavæðingu ríkisfyrirtækja í Noregi en Bondevik hefur á móti bent á að Verkamannaflokkurinn hafi selt hlut í mörgum ríkisfyrirtækjum á stuttri valdatíð sinni fyrir nokkrum árum. Þeir benda á að á valdatíma þeirra hafi bæði ríkisolíufyrirtækið Statoil verið sett á markað auk norska símans og hlutur ríkisins í einum öflugasta banka landsins verið seldur og hann sé nú í sænskum höndum. Þrátt fyrir að norska ríkið hafi selt stóran hluta fyrirtækja sem það átti í, er enn af nógu að taka hvað varðar sölu ríkisfyrirtækja í Noregi. Þannig á ríkið enn stóran hlut í Statoil og Norsk Hydro, auk áburðar- og gasframleiðslufyrirtækja, og er stærsti einstaki hluthafinn í stærsta banka Noregs.

Umræða um aðild Norðmanna að Evrópusambandinu er ekki áberandi í norskum fjölmiðlum nú þegar vika er til kosninga. Verkamannaflokkurinn er hlynntur því að Norðmenn gangi í Evrópusambandið og tala um að undirbúa aðildarviðræður á næsta kjörtímabili nái þeir völdum. Væntanlegur samstarfsflokkur þeirra, Sósíalíski vinstriflokkurinn, er hins vegar ekki sömu skoðunar og gæti þetta atriði því orðið ásteytingarsteinn í stjórnarmyndunarviðræðum. Kristilegi þjóðarflokkurinn er á móti aðild og Framfaraflokkurinn vill bera málið undir þjóðina áður en nokkuð verður aðhafst. Hægri flokkurinn er hlynntur aðild. Afstaða Norðmanna til Evrópusambandsins getur haft mikil áhrif hér á landi og því verður fróðlegt að fylgjast með hvað gerist í þessum málum að loknum Stórþingskosningunum í Noregi á mánudag, þar sem 3,4 milljónir manna hafa kosningarétt. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Deyfð og drungi

Einkennilegt er hve margir alþingismenn okkar eru þreyttir og framtakslausir við að birta kjósendum skoðanir sínar og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Af 63 þingmönnum halda aðeins 25 úti heimasíðum á netinu. Vantar þó ekki að þingið borgar allan kostnað við slíkar síður, útvegar til dæmis tölvur og greiðir afnotagjöld af nettengingum. En jafnvel þótt 25 þingmenn séu skráðir fyrir heimasíðum eru nokkrar þeirra algjörlega óvirkar. Sex þessara þingmanna hafa ekki sett staf á síðu sína svo mánuðum skiptir; sumir hafa ekki gert það í nokkur ár! Er von nema sú spurning vakni hjá einhverjum hvort þetta blessaða fólk ætti ekki að fara að leita sér að annarri vinnu?



### Þrettán virkir

Samkvæmt könnun sem þessi dálkur gerði í gær hafa þrettán þingmenn sett efni inn á heimasíður sínar í þessum mánuði. Við hrósum þeim fyrir framtakið með því að birta nöfn þeirra í stafrófsröð: Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Björn Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Sigurjón Þórðarson, Sturla Böðvarsson , Siv Friðleifsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ögmundur Jónasson og Össur Skarphéðinsson. Sá síðastnefndi er virkastur – og skrifar yfirleitt læsilegustu pistlana.

### Ólík afstaða

Athyglisvert er að fylgjast með því hve fjölmiðlar í Bandaríkjunum gera andláti Williams H. Rehnquist, forseta Hæstaréttar góð skil. Fréttir af því skyggðu um tíma á frásagnir af hörmungum á flóðasvæðunum við Mexíkóflóa og er þá mikið sagt. Þetta stafar af þeirri virðingu og stöðu sem dómsvaldið hefur vestanhafs. Litið er svo á að það sé jafnsett framkvæmdavaldinu og löggjafarvaldinu. Nú þarf Bush forseti að tilnefna nýjan dómara í réttinn, en hann verður þó ekki skipaður í embætti nema að fengnu samþykki þingsins. Í Bandaríkjunum þykir það fráleit hugmynd, sem hér er siðvenja, að dómsmálaráðherra geti upp á sitt eindæmi ráðið því hver er dómari í Hæstarétti.

gm@frettabladid.is

## Að virða skoðanir annarra

Í DAG
SKOÐANASKIPTI



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*Skárra væri það nú að skipta aldrei um skoðun, taka aldrei sinnaskiptum, hanga bara eins og hundur á roði á einhverju viðhorfi af því að við höfðum það einu sinni, hvaða breytingar sem orðið hafa og hvað sem við höfum lært og fræðst um síðan.*

Það er vandaverk að vera ósammála. En jafnframt afskaplega mikilvægt. Það væri aldeilis afleitt ef allir væru alltaf sammála. Þá yrði lítil þróun, engin skoðanaskipti og engin tækifæri til þess að þróa hugmyndir og velta vöngum. Heimurinn væri einsleitur og líklega heldur leiðinlegur. Þess vegna er svo mikilvægt að við höfum ólíkar skoðanir og tækifæri til að koma þeim á framfæri og viðra þær. Jafnframt er mikilvægt að við höfum leyfi til að skipta um skoðun. Það er svolítið undarlegt að heyra fólk álasa öðrum fyrir að skipta um skoðun. „Hann/hún sagði nú annað í gær eða í fyrra eða einhvern tíma.“ Skárra væri það nú að skipta aldrei um skoðun, taka aldrei sinnaskiptum, hanga bara eins og hundur á roði á einhverju viðhorfi af því að við höfðum það einu sinni, hvaða breytingar sem orðið hafa og hvað sem við höfum lært og fræðst um síðan.

Það hefur reynst töluvert á skoðanaskipti að undanförnu. Skoðanir á virkjun við Kárahnjúka hafa verið afar skiptar og nú nýlega hafa kirkjunnar mál í Garðasókn kallað fram ólíkar skoðanir. Staðsetning þjónustu við innanlandsflug er langvarandi tilefni til skoðanaskipta og strætisvagnasamgöngur á höfuðborgarsvæðinu hafa valdið miklum hughrifum hjá fólki svo fátt eitt sé nefnt af nýlegum dæmum. Þetta er hið besta mál meðan við minnumst þess að við deilum um skoðanir en ekki einstaklinga. Verra er þegar fólk persónugerir slíkar deilur og þær valda vinslitum og jafnvel sundrung innan fjölskyldna. Slíks eru því miður fjölmörg dæmi. Rétturinn til að vera ósammála og hafa frjálsar skoðanir á ýmsum málefnum er einn okkar helgasti réttur. Á honum byggir lýðræðið, hvorki meira né minna. Okkur ber að virða skoðanir annarra, hversu vitlausar sem okkur sjálfum finnst þær vera. Framtíðin ein leiðir í ljós hver hefur rétt fyrir sér, ef það kemur í ljós á annað borð. Allir hafa rétt til að hafa sína skoðun og það er afar mikilvægt að við leyfum og virðum mótmæli gegn gjörðum hins opinbera svo dæmi sé tekið. Það hefur verið nokkuð undarlegt að fylgjast með fréttaflutningi af viðbrögðum við mótmælum fárra einstaklinga við virkjun við Kárahnjúka. Á sama tíma og íbúar Fljótsdalshéraðs, flestir ef ekki allir, hafa umtalsverðar áhyggjur af umferðarmálum á ofanverðu Héraði gátu lögreglumenn varið tíma og kröftum í eftirlit og áhyggjur af nokkrum mótmælendur í tjaldútilegu. Að sama skapi var undarlegt að fylgjast með fréttum af athöfnum þessara mótmælenda. Alveg eins og þeir hafa rétt til sinna skoðana og leyfi til að tjá þær hefur löggjafinn rétt til að ætlast til þess að þeir fari að lögum. Það er engum til framdráttar að brjóta lög, jafnvel þótt við séum á stundum ósammála lögunum.

Að vísu geymir sagan fjölmörg dæmi af lögbrjótum, sem mótmæltu lögum sem þeir töldu vera lögleysu en reyndust síðar hafa rétt fyrir sér. Slíkum lögbrjótum þökkum við af einlægni. Sjálfur frelsarinn var ekki hátt skrifaður hjá yfirvöldum síns tíma. Stundum eru lögin nefnilega ekki réttlát, jafnvel ekki rétt og stundum hefur mótmælendum tekist að færa heiminn í réttlátari átt með lögbrotum. Sagan ein getur kennt okkur hvenær það gerist og aldrei fyrr en síðar, jafnvel löngu síðar en atburðirnir eiga sér stað. Eftir sem áður hljótum við að ætlast til þess að allir virði lög annars vegar og hins vegar að allir virði rétt-inn til andmæla.

Skoðanaskipti eiga sér stöðugt stað og það er mikilvægt að kunna að skiptast á skoðunum. Þetta er eitt af fjölmörgu sem við þurfum að kenna börnunum okkar, að skiptast á skoðunum án þess að rífast, hafa ólíkar skoðanir og rökstyðja þær án þess að persónugera ólíka afstöðu þannig að allt fari í bál og brand. Fullorðna fólkið er ekki alltaf góð fyrirmynd að þessu leyti, né reyndar svo mörgu öðru. Við verðum reið og æst, höfum jafnvel uppi skammir og vammir og notum ljót orð þegar við þurfum að rökstyðja mál okkar á málefnalegan hátt og virða þá sem eru okkur ósammála. Vettvangur skoðanaskipta er víða; í fjölmiðlum, á fundum, í heimahúsum og á samkomum ýmiss konar. Og við leyfum okkur að fjúka upp, jafnvel opinberlega og sumt af því sem er skrifað og sagt er ekki eftir hafandi. En samt eftir haft, ekki síst af börnunum. Oft er í holti heyrandi nær og börnin hlusta grannt eftir því sem fullorðna fólkið segir. Það er til lítils að banna börnum að leysa ágreiningsmál með slagsmálum ef fullorðna fólkið gerir það sjálft, jafnvel þótt þau slagsmál séu frekar munnleg en líkamleg. Börnin eru nefnilega þannig gerð að þau taka frekar mark á gjörðum okkar en fyrirmælum. ■

Góðir hálsar!
Óperukórinn í Reykjavík getur bætt við söngfólki

Kórinn æfir á mánudags- og miðvikudagskvöldum og stjórnandi er Garðar Cortes.

Verkefni vetrarins eru bæði fjölbreytt og krefjandi.
Þó kunnátta í nótnalestri sé kostur er hún ekki skilyrði.
Fyrst og fremst erum við að leita að fólki með góðar raddir og söngreynslu.

Áhugasamir hafi samband við **Garðar Cortes** í síma 892 2497 eða **Soffíu Bjarnleifsdóttur** í síma 552 7366.

Óperukórinn í Reykjavík

!
Talstöðin
Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.665,96 **+0,56%**

**Fjöldi viðskipta:** 340
**Velta:** 1.856 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Og Vodafone** | +1,89% | **Jarðboranir** | -0,97% |
| **Landsbankinn** | +1,77% | **Flaga** | -0,74% |
| **Burðarás** | +1,68% | **Fl Group** | -0,66% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,30 +0,00% ... Bakkavör 43,70 +0,23%... Burðarás 18,20 +1,68% ... FL Group 15,10 -0,66% ... Flaga 4,00 -0,74% ... HB Grandi 9,00 +0,00% ... Íslandsbanki 15,20 +0,00% ... Jarðboranir 20,50 -0,97% ... KB banki 600,00 +0,67% ... Kögun 56,40 +0,53% ... Landsbankinn 23,00 +1,77% ... Marel 62,80 +0,00% ... SÍF 4,80 -0,62% ...Straumur 13,25 +0,00% ... Össur 87,50 -0,57%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kaupa evrópskt verðbréfafyrirtæki

### Landsbankinn hefur keypt verðbréfafyrirtækið Kepler í París fyrir 7,2 milljarða króna. Kepler er með starfsstöðvar í sjö Evrópulöndum.

„Við lítum svo á að við séum að kaupa grunn, sem hægt er að bæta ofan á, stækka og gera mjög verðmætan," sagði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, þegar hann kynnti kaup bankans á verðbréfafyrirtækinu Kepler Equities í París í gær.

Til að byrja með kaupir Landsbankinn 81 prósent í fyrirtækinu á 5,8 milljarða króna, en mun eignast afganginn af hlutabréfunum á næstu fimm árum. Verðmæti Kepler miðað við kaupverðið er um 7,2 milljarðar króna og eigið fé tæpar 60 milljónir evra. Áætlar Landsbankinn að tekjur Kepler á næsta ári verði 7,2 milljarðar og hagnaður 615 milljónir.

Kepler er hefðbundið verðbréfafyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og miðlun hlutabréfa til fagfjárfesta. Greining fyrirtækja er einnig viðamikill þáttur í rekstrinum. Félagið er með höfuðstöðvar í París auk starfsemi í Amsterdam, Frankfurt, Madríd, Mílanó, París og Zürich. Hjá því vinna 241 starfsmaður. Um 40 prósent tekna verða til í Frakklandi.

Seljendur hlutabréfanna eru bandaríska fjárfestingarfyrirtækið Lightyear og svissneski bankinn Julius Bär. Starfsmenn eiga 25 prósent í fyrirtækinu en selja einungis sex prósent til að byrja með.

Í máli bankastjóranna, Halldórs J. Kristjánssonar og Sigurjóns, kom fram að starfsemi Kepler falli mjög vel að Landsbankanum. Sögðu þeir meðal annars hægt að bjóða viðskiptavinum Kepler fyrirtækjaráðgjöf, fjármálaþjónustu og lán til viðbótar við núverandi þjónustu.

**bjorgvin@frettabladid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGVIN

Halldór J. Kristjánsson, Sigurjón Árnason, Stéphane Michel og Arnaud Michel eftir undirritun samninga um kaup Landsbankans á Kepler.

# Mazda fer til Brimborgar

### Brimborg tekur við Mazda-umboðinu af Ræsi.

Brimborg hefur fengið umboð fyrir Mazda-bifreiðar. Ræsir var fyrir með umboðið, en þetta er annað umboð fyrirtækisins sem fer til annarra bílainnflytjenda. Askja tók við Benz-umboðinu fyrr á þessu ári.

Kostnaður við uppbyggingu Brimborgar á nýju umboði Mazda er áætlaður rúmur hálfur milljarður króna við húsnæði og lóð, birgðir bíla og varahluta og fjárfestingu í tækjabúnaði og þjálfun starfsmanna. Brimborg tekur formlega við sem umboðsaðili Mazda á Íslandi 1. október næstkomandi.

**- hh**

# Mikill halli á vöruskiptum

Halli á vöruskiptum við útlönd nam 65 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins samanborið við 33 milljarða halla á sama tíma í fyrra.

Hallinn er í samræmi við spár þess efnis að methalli verði á vöruskiptum í ár. Hagstofan mun í næstu viku birta tölur um landsframleiðslu og mun þá verða ljóst hvert hlutfall hallans er af landsframleiðslu. Þensla á fasteignamarkaði, stóriðjuframkvæmdir og mikil einkaneysla eru helstu ástæður viðskiptahallans.

**- hh**

# Baugur með í Merlin-kaupum

### Fyrrverandi forstjóri Dags Group fer fyrir hópi fjárfesta sem á í viðræðum um kaup á danskri raftækjakeðju.

Íslenskir fjárfestar undir forystu Sverris Berg Steinarssonar, fyrrverandi forstjóra Dags Group, eiga í viðræðum um kaup á dönsku raftækjakeðjunni Merlin af danska fyrirtækinu FDP. Sverrir vildi ekki tjá sig um þessi kaup að öðru leyti en því að hann ásamt hópi fjárfesta væru að skoða fyrirtækin. Kaupin munu ekki vera frágengin. Hann vildi að svo stöddu ekki gefa upp hvaða fjárfestar yrðu með honum í kaupunum ef af þeim yrði.

Samkvæmt heimildum er þó líklegast að Baugur muni koma að þessum kaupum og hugsanlega Milestone sem er í eigu Karls Wernerssonar og Róbert Melax, eigandi Dags Group. Milestone hefur verið að hasla sér völl í fjárfestingum og var aðili að kaupum á Iceland-keðjunni, auk þess sem félagið fjárfesti nýlega í ilmvatnsdreifingarfyrirtæki í Bretlandi.

Rekstur Merlin hefur gengið illa að undanförnu og var tap síðasta árs 1,3 milljarðar króna. Merlin er þekkt vörumerki í raftækjum og þvottavélum en hefur ekki gengið vel í samkeppni á markaði. Þeir þykja seinir til nýjunga og ætlun Íslendinganna verði af kaupum er að færa búðirnar í nútímalegra horf. Íslensku fjárfestarnir hafa komið að rekstri BT-verslananna á Íslandi og hyggjast nýta sér þá þekkingu við uppbyggingu Merlin-verslananna sem eru margar hverjar vel staðsettar í Danmörku.

**- hh**




FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

**MIKILL TAPREKSTUR** Verslanir raftækjaverslunarkeðjunnar Merlin þykja vel staðsettar en reksturinn gengur illa. Íslenskir fjárfestar hyggjast freista þess að snúa við rekstri keðjunnar.


## Hluthafafundur Straums Fjárfestingarbanka

Stjórn Straums Fjárfestingarbanka hf. boðar til hluthafafundar fimmtudaginn 15. september 2005 næstkomandi kl. 15.00 í Ársölum á Hótel Sögu, Reykjavík.

DAGSKRÁ:

1. Tillaga um að skiptingar- og samrunaáætlun sem undirrituð var af stjórnum Straums Fjárfestingarbanka hf., Burðaráss hf. og Landsbanka Íslands hf. þann 1. ágúst 2005 verði samþykkt. Í því felst að hlutafé í Straumi Fjárfestingarbanka hf. mun hækka um kr. 4.575.747.810 að nafnverði, eða úr kr. 6.100.000.000 í kr. 10.675.747.810 , og verður sú hækkun innt af hendi til hluthafa Burðaráss hf. sem hluti endurgjalds fyrir hluti sína í því félagi. Jafnframt leiðir af tillögunni að hluthafar í Straumi Fjárfestingarbanka hf. eiga ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum.
2. Tillaga um breytingu á 1. gr. samþykkta félagsins um að nafni félagsins verði breytt í Straumur – Burðarás Fjárfestingabanki hf.
3. Kosning stjórnar.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Boðað er til hluthafafundar þessa með fyrirvara um að hluthafafundur í Burðarási hf. sem fram fer kl. 13.00 þennan sama dag samþykki fyrirliggjandi skiptingar- og samrunaáætlun og tengdar tillögur.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 15.00 eftir hádegi föstudaginn 9. september 2005. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums Fjárfestingarbanka, Borgartúni 25, 7. hæð, Reykjavík fyrir þann tíma.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á upp á hluthafafundi, skulu vera komnar skriflega í hendur stjórnar félagsins að Borgartúni 25, 7. hæð, eigi síðar en fimmtudaginn 8. september 2005.

Skiptingar- og samrunaáætlun, ásamt ársreikningum Straums Fjárfestingarbanka hf., Burðaráss hf. og Landsbanka Íslands hf. síðustu þrjú árin, endurskoðuðum efnahags- og rekstrarreikningum þeirra fyrir fyrri hluta ársins 2005, greinargerðum stjórna félaganna, sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningum Burðaráss og Landsbanka Íslands annars vegar og Burðaráss og Straums Fjárfestingarbanka hins vegar, sem og skýrsla matsmanna og yfirlýsing samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, liggja frammi á skrifstofu Straums Fjárfestingarbanka hf., Borgartúni 25, 7. hæð. Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á sama stað viku fyrir fundinn hið skemmsta og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Ennfremur er hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu félagsins, www.straumur.net. Fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14:00 á fundardegi. Umboðsmenn eru beðnir um að framvísa gildu umboði við hluthafaskrá á fundarstað.

Reykjavík, 5. september 2005
Stjórn Straums Fjárfestingarbanka hf.

Straumur FJÁRFESTINGARBANKI

AKIRA KUROSAWA(1910-1998)
lést þennan dag.



*„Í brjáluðum heimi eru aðeins þeir brjáluðu heilir á geði.“*

***Akira Kurosawa var þekktur japanskur kvikmyndaleikstjóri.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 6. SEPTEMBER 1965

# *Indverjar ráðast inn í Vestur-Pakistan*



Á þessum degi árið 1965 réðust indverskir hermenn inn í Vestur-Pakistan. Indversk yfirvöld sögðu að árásin væri til að fyrirbyggja árás Pakistana á Indland. Þótt stöku skærur hefðu átt sér stað þar í gegnum tíðina var fyrsta opinbera stríðsaðgerðin á svæðinu, síðan svokölluðu friðarbelti var komið upp milli Indlands og Pakistan, árið 1949. Styrinn stóð að mestu um yfirráð í héraðinu Kasmír.
Pakistanar svöruðu í sömu mynt og bardagar stóðu næstu þrjár vikurnar þar til Sameinuðu þjóðirnar komu á vopnahléi. Í janúar árið 1966 undirrituðu indversk og vestur-pakistönsk yfirvöld samkomulag um að leysa deiluna friðsamlega og draga herafla sinn til baka. Pakistanar héldu því stjórn yfir þriðjungi Kasmír í norðri en Indverjar höfðu tögl og hagldir í suður- og austurhluta héraðsins.
Deilan hefur þó fráleitt verið til lykta leidd og togstreita milli ríkjanna er mikil vegna þessa.
Árið 1989 gerðu íbúar Kasmír uppreisn gegn Indverjum. Pakistanar studdu uppreisnarmenn sem leiddi til enn frekari spennu milli landanna. Margar uppreisnir voru gerðar á tíunda áratugnum og árið 1999 var allt við suðupunkt þegar indverski herinn gerði loftárásir á uppreisnarmenn sem studdir voru af Pakistönum.
Yfirvöld ríkjanna tóku upp friðsamlegar samningaumleitanir fyrir ári, en enn er langt í land.

## MERKISATBURÐIR

**1522** Fyrsta skip úr flota Magellans kemst til hafnar á Spáni og lýkur þar með fyrstu hringferð um hnöttinn.
**1901** Bandaríski forsetinn McKinley skotinn í New York. Hann lést viku síðar.
**1928** Bandalag íslenskra listamanna er stofnað til að styðja vöxt og viðgang íslenskra lista.
**1943** Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness kemur út.
**1944** Annar burðarstrengur Ölfusárbrúar slitnar. Tveir bílar falla í ánna en bílstjórarnir bjargast.
**1952** Iðnsýning er opnuð í Reykjavík. Hana sækir annar hver Íslendingur.
**1952** Fjöldi áhorfenda lætur lífið þegar flugvél steypist í mannhaf á flugsýningu í Englandi.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Maren Níelsdóttir Kiernan**

lést á dvalarheimilinu Hrafnistu Reykjavík, föstudaginn 26. ágúst. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 7. september kl. 15.00.

**Edward, Erla, Elsa, Stella, Jóhann, Victor Pétur, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Hafdís Matthíasdóttir**
Leirubakka 14, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum laugardaginn 3. september.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Bjarki Friðgeirsson**
**Friðgeir Bjarkason** — **Ingibjörg Zoëga**
**Ísabella Björk Bjarkadóttir** — **Reynir Þorsteinsson**
**Viktor Elvar Bjarkason**
**Magnús Bjarkason** — **Þorbjörg Traustadóttir.**
**og barnabörn.**



†

*Kærar þakkir færum við öllum þeim, sem auðsýndu okkur vinarhug við andlát og útför sonar míns, bróður, mágs og föðurbróður,*

**Þorsteins Gylfasonar**
prófessors

**Guðrún Vilmundardóttir**
**Þorvaldur Gylfason og Anna Karitas Bjarnadóttir**
**Guðrún Vilmundardóttir og Gunnlaugur Torfi Stefánsson**
**Baldur Hrafn Vilmundarson**
**Gylfi Þorsteinn og Eyja Sigríður Gunnlaugsbörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Baldvinsdóttir**
síðast til heimilis að Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést föstudaginn 2. september.
Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 10. september kl. 14.00.

**Guðni Ólafsson** — **Ásdís Pálmadóttir**
**Ægir Ólafsson** — **Guðný Ágústsdóttir**
**Sigurður Ólafsson** — **Áslaug Sigurjónsdóttir**
**Jóakim Ólafsson** — **Sæbjörg Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

ÁSA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR VAR VÍGÐ TIL PRESTS, SETT Í EMBÆTTI OG GIFT SAMA DAG

# Spilað Pönk í messukaffinu

„Ég var í svo mörgum hlutverkum að þetta var eins og margar vikur og mánuðir í lífi einnar manneskju,“ segir Ása Björk Ólafsdóttir guðfræðingur, en sunnudagurinn var stór dagur í lífi hennar. Fyrir utan það að vera vígð til prests ásamt tveimur öðrum konum var hún sett í embætti annars prests Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík. Hún hélt sína jómfrúrpredikun og kom síðan öllum á óvart með því að giftast unnusta sínum Óskari Þórissyni.

„Börnin okkar vissu þetta samdægurs,“ segir Ása Björk glaðlega, en þau eiga fjögur börn frá fyrri samböndum. „Ekkert foreldra okkar vissi þetta og ég held að mamma hafi komið mest af fjöllum,“ segir Ása Björk hlæjandi, en hún hefur ásamt móður sinni aðstoðað við undirbúning brúðkaups systur sinnar sem ætlar að gifta sig í París eftir rúma viku. „Þannig að það var enginn að hugsa um okkur,“ segir hún kímin.

Um nítíu safnaðargestir mættu til veislu eftir athöfnina en kvenfélagið hafði, að sögn Ásu, skipulagt glæsilegt messukaffi. Auk þess hafði Ása ásamt svarakonu sinni laumast til að búa til kransaköku daginn áður. Mikil stemning myndaðist í veislunni enda steig hljómsveitin Taugadeildin á svið, en það er gömul pönkgrúppa sem maður Ásu syngur í. „Það má kallast ansi frjálslynd kirkja sem hefur pönkhljómsveit í messukaffi,“ segir Ása Björk hlæjandi, en dansinn dunaði í veislunni.

Ásu Björk finnst yndislegt að safnaðarfélagar séu gerðir virkir þátttakendur. Hjá Fríkirkjunni tíðkast til dæmis að bæði skírnir og fermingar séu gerðar í almennri messu og því þótti henni viðeigandi að bjóða öllum söfnuðinum í brúðkaup sitt með sama hætti.

Hveitibrauðsdögunum munu þau Ása Björk og Óskar verja í París þangað sem þau fara í brúðkaup systur hennar. „Við pöntuðum okkur hótel og ætlum að hafa þetta svolítið notalegt,“ segir Ása Björk og hlær smitandi hlátri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**PRESTUR Í HJÓNABAND** Sunnudagurinn var viðburðaríkur í lífi Ásu Bjarkar Ólafsdóttur. Hún var vígð til prests, sett í embætti sem annar prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík og kom svo öllum á óvart með því að ganga að eiga unnusta sinn, Óskar Þórisson.



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Ragnar Karlsson**
málarameistari, Núpalind 8, Kópavogi,

lést á Landakotsspítala aðfaranótt sunnudagsins 4. september.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Hrefna Einarsdóttir.**



†

*Móðir okkar*

**Inga Hanna Ólafsdóttir**
Kópavogsbraut 86, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 3. september sl.

**Hulda Björg Sigurðardóttir**
**Haukur Sigurðsson**
**Anna Margrét Sigurðardóttir**
**Ólafur Atli Sigurðsson**
**og fjölskyldur**

## ANDLÁT

**Hafdís Matthíasdóttir**, Leirubakka 14, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum laugardaginn 3. september.
**Ólafur Ragnar Karlsson** málarameistari, Núpalind 8, Kópavogi, lést á Landakotsspítala sunnudaginn 4. september.
**Helga Eiríksdóttir** Eskihlíð 14a, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 3. september.
**Margrét Gísladóttir** Hólmgarði 12, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi 3. september.

## JARÐARFARIR

11.00 **Þyri Þorláksdóttir Myers** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.
13.00 **Unnur Einarsdóttir**, Nesbala 70, Seltjarnarnesi, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.
14.00 **Halldóra Ólafsdóttir** frá Mýrarhúsum, Akranesi, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Höfða, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.
14.00 **Þorsteinn Lúðvík Þorsteinsson**, Hagatúni 12, Höfn, Hornafirði, verður jarðsunginn frá Kálfafellsstaðarkirkju.
15.00 **Kristjana Stefánsdóttir**, Meðalholti 10, Reykjavík, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

# Skólastyrkur
## - fyrir alla!




**V16 extra light**
**Ótakmarkað niðurhal!**
**3.890 kr.**
*á mánuði allt innifalið auk bíókorts og áskrift af tónlist.is!*

- líka fyrir þá sem eru í skóla lífsins.

M.v. 12 mánaðar samning. Gildir ekki með öðrum tilboðum

## Skólastyrkur BTnet!

*BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:*

- **Frítt niðurhal** (endalaust eins og þig lystir).
- **Frítt í bíó** (gildir í sex mánuði).
- **Frí tónlist** (gildir í sex mánuði á tónlist.is).

**Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift!**



# Við hjálpum þér í gegnum námið á fullum hraða!

**Nánar á www.btnet.is!**

BTNET
www.btnet.is.

BT | TONLIST.IS | SMÁRABÍÓ | REGNBOGINN | Borgarbíó



## Heyrst hefur ...

... að Borgnesingar séu að skoða sjö feta Kana til að spila með liðinu í úrvalsdeildinni í vetur. Skallagrímsmenn hafa þegar samið við tvo sterka Makedóna og verða ekki árennilegir ef samningar nást við miðherja sem er yfir 2,13 metra. Skallagrímur er eitt fárra liða sem eiga enn eftir að ráða sér Bandaríkjamenn en nú styttist óðum í Íslandsmótið.

**sport**

sport@frettabladid.is

**KNATTSPYRNUKONAN FREYDÍS JÓNSDÓTTIR:** FÓTBROTNAÐI ILLA Í ÚRSLITALEIK GEGN FYLKI

# *Þjálfarinn æfur vegna slakrar dómgæslu*

Jónas Sigursteinsson, þjálfari Þór/KA/KS í knattspyrnu kvenna, var afar ósáttur með Marínó Þorsteinsson, dómara í úrslitaleiknum við Fylki í 1.deild kvenna, en honum lauk með 3-2 sigri Fylkis og vann Árbæjarliðið sér með því sæti í efstu deild á næsta keppnistímabili. Jónas skrifar pistil á heimasíðu Þórs þar sem hann segir dómarann ekki hæfan til þess að sinna starfi sínu.

Freydís Jónsdóttir, sóknarmaður Þór/KA/KS, fótbrotnaði illa í leiknum eftir að hafa lent í samstuði við markvörð Fylkis en Marínó Þorsteinsson, dómari leiksins, dæmdi ekki á markvörðinn og er ákveðinn í því að ekki hafi verið um leikbrot að ræða. „Sóknarmaður Þór/KA/KS kemst í gegnum vörnina og er í miklu kapphlaupi við markvörð Fylkis um boltann. Þær renna sér eftir boltanum og skella síðan saman með þessum leiðu afleiðingum. Reyndar nær sóknarmaðurinn að komast á undan í boltann. Aðstoðardómarinn var mér sammála í því að ekki hefði verið um neitt leikbrot að ræða heldur einungis slys.“



Jónas er ekki sammála Marinó í þessu og segir hann einfaldlega ekki starfi sínu vaxinn.

„Það var óskiljanleg ákvörðun hjá dómaranum að dæma ekki leikbrot á markvörðinn því þetta var harkalegt brot, þó ekki hafi verið um að neitt viljaverk að ræða. Það eru svona atvik sem knattspyrnudómarar verða að hafa á hreinu ef þeir ætla sér að hafa tök á leiknum. Það er einfaldlega hættulegt að hafa ekki þor til þess að grípa inn í þegar svona gerist. Það býður hættunni heim.“ Freydís er í gifsi en vonast til þess að losna úr því sem fyrst. „Ég verð að sætta mig við þetta en ég mun ekki spila fótbolta á næstunni. Vonandi næ ég að jafna mig á mettíma.“

## > Við finnum til með ...

... Akureyringnum Freydísi Önnu Jónsdóttur sem varð fyrir því óhappi að fótbrotna í úrslitaleik 1. deild kvenna um helgina. Freydís hafði áður komið sínu liði í 2–0 í leiknum en varð að fara út af fótbrotin í upphafi seinni hálfleiks. Við vonum að hún ná sér sem allra fyrst af meiðslunum.



## > Við hrósum ...

.... kvennastarfi Breiðabliks í knattspyrnunni en Blikar hafa eignast þrjá Íslandsmeistara í yngri flokkum í sumar auk titilsins sem meistaraflokkur félagsins vann. Það er því ljóst að verið er að vinna frábært starf sem aldrei fyrir í kvennafótboltanum í Kópavogi.

Ari Gunnarsson, Ármanni:

# Sundmaður féll á lyfjaprófi

**LYFJAMÁL** Sundmaðurinn Ari Gunnarsson, í sunddeild Glímufélagsins Ármanns, kolféll á lyfjaprófi sem tekið var 3. júlí síðastliðinn að lokinni Bikarkeppni Sundsambands Íslands. Í kjölfarið var hann dæmdur í tveggja ára æfinga- og keppnisbann. Ari er fyrsti íslenski sundmaðurinn sem fellur á lyfjaprófi.

Í sýni Ara greindust sterarnir testosteron og nandrolone auk efederíns. Hlutfall testosterons í sýni Ara reyndist vera 26.6 en viðmiðunarmörkin eru 4 og mældist hann því langt yfir leyfilegum mörkum.

Við framkvæmd lyfjaprófsins viðurkenndi Ari að hann hefði neytt efni af bannlista og ákvað hann að skila ekki inn greinargerð vegna málsins. Þá mætti hann heldur ekki fyrir dóm þegar málið var tekið fyrir.



**SÁ FYRSTI FALLINN** Íslenskur sundmaður hefur nú fallið á lyfjaprófi.

Í yfirlýsingu harmar Sundsamband Íslands þetta mál og ætlar að endurskoða upplýsingaferli um lyfjamál innan sambandsins.

Sunddeild Ármanns keppti í 2. deild Bikarkeppni Sundsambandsins þegar lyfjaprófið var tekið. Ari varð þar meðal annars í 4. sæti í 100 metra bringusundi, sjöundi í 100 m skriðsundi, áttundi í 200 m skriðsundi.

**ÞoGu**

# Hættir við að kæra Guðjón

**Knattspyrnudeild Keflavíkur ætlar ekki að kæra Guðjón Þórðarson fyrir brot á samningi þar sem ekkert sé að sækja á Guðjón.**

**FÓTBOLTI** Stjórn knattspyrnudeildar Keflavíkur mun ekki kæra Guðjón Þórðarson fyrir samningsrof eins og talað var um að gera þegar Guðjón sagði starfi sínu lausu þrem dögum fyrir fyrsta leik í Landsbankadeildinni.

„Það er ekki búið að taka formlega ákvörðun en ég á ekki von á því að við kærum,“ sagði Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, við Fréttablaðið í gær. „Lögfræðingar okkar telja að við séum með unnið mál í höndunum en það er ekkert að sækja á kallinn.“

Með því á Rúnar við að ekki sé hægt að lögsækja einstaklinginn Guðjón Þórðarson heldur verða þeir að kæra eignarhaldsfélagið G.Þ. ráðgjöf, þar sem Guðjón er stjórnarformaður, en þeir sömdu við það „fyrirtæki“ til þess að stýra liði sínu.



**VEL FÓR Á MEÐ ÞEIM** Hér sést mynd af þeim félögum þegar Guðjón Þórðarson skrifaði undir þjálfarasamning við Landsbankadeildarlið Keflavíkur.

### Varð ævareiður við Guðjón

Rúnar varð ævareiður þegar Guðjón sagði upp enda taldi Rúnar að ástæða uppsagnarinnar væri sú að Guðjón væri búinn að semja við enskt félag. Guðjón sagði aftur á móti að Keflavík hefði ekki staðið við fjárhagslegar skuldbindingar samningsins og því hefði hann ákveðið að segja honum upp.

„Guðjón lýgur algjörlega. Þetta er lygi og óþverraskapur. Maðurinn fer bara með tóma steypu og þetta eru allt rakalaus ósannindi hjá honum. Þetta er bara skrípaleikur,“ sagði Rúnar meðal annars eftir að Guðjón hafði sagt upp og hann er enn sár í dag. „Ég hefði viljað hjóla í kallinn en félagið gengur fyrir og við getum ekki farið út í dýr málaferli sem síðan skila okkur engu.“

**henry@frettabladid.is**

Nokkrir leikmenn úr króatíska knattspyrnulandsliðinu sem var hér á landi:

# Lentu í árekstri á Reykjanesbrautinni

**FÓTBOLTI** Nokkrir úr föruneyti króatíska knattspyrnulandsliðsins lentu í kröppum dansi nú á sunnudag er þeir voru í fólksbíl á leiðinni í flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Þrír leikmenn voru í bílnum en tveir þeirra, Robert Kovac og Josip Simunic, fengu gult spjald í leiknum gegn Íslandi og verða því í banni er landslið Króatíu mætir Möltu á miðvikudag. Sá þriðji, markvörðurinn Tomislav Butina, er með lungnabólgu og verður af þeim sökum ekki með gegn Möltu. Þessir þrír voru því að halda heim á leið til Króatíu er keyrt var inn í hlið bifreiðar þeirra á Reykjanesbrautinni en ökumaður bílsins, Sigurður Sveinn Þórðarson, segir að engan hafi sakað í árekstrinum.

„Þeir voru þó greinilega í uppnámi því þeir helltu sér yfir greyið stelpuna sem ók hinum bílnum,“ sagði Sigurður.

„Sérstaklega Robert Kovac, hann var alveg brjálaður.“

Kovac hefur lengst af leikið í Þýskalandi en hann gekk í raðir Juventus á Ítalíu nú í sumar.

**esá**



**ROBERT KOVAC** Robert eltir hér Gunnar Heiðar Þorvaldsson í landsleik Íslands og Króatíu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spútniklið síðasta árs fær til sín topp varnarmann:

# Fjölnismenn komnir með Kana

**KÖRFUBOLTI** Fjölnismenn eru búnir að ná sér í bandarískan leikmann fyrir komandi leiktíð í úrvalsdeildinni en sá heitir Jason Clark og spilaði með Virginia-háskólanum í 1. deild bandaríska háskólaboltans.

Jason er 203 sm framherji sem skoraði 6,8 stig og tók 5,2 fráköst að meðaltali á lokaári sínu í skólanum en hann fékk mikið lof fyrir baráttuþrek og varnarleik hjá þjálfurum sínum í skólanum. Clark nýtti færin sín vel (61,7% skotnýting síðasta árið) og þá varði hann 112 skot á tíma sínum hjá Virginia sem er fimmta mesta í sögu skólans. „Þetta er hörku varnarmaður og kemur til með að hjálpa okkur mikið þótt hann sé ekki mikill skorari. Clark kemur til með að binda saman vörnina og þetta er örugglega öðruvísi leikmaður en liðin hafa verið að taka í þessu eins Kana kerfi,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari spútnikliðs síðasta tímabils sem komst í bikarúrslitaleikinn og undanúrslit úrslitakeppni í fyrsta sinn í sögu félagsins.

**óój**



**NÝR KANI Í GRAFARVOG** Benedikt Guðmundsson er búinn að krækja í nýjan Bandaríkjamann fyrir komandi tímabil.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

3 4 5 **6** 7 8 9

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til 09.00 og svo aftur klukkan 17.00.
- 17.30 **Deutsche Bank PGA-meistaramótið í golfi** á Sýn.
- 20.30 **Toyota-mótaröðin í golfi 2005** á Sýn.
- 21.30 **Mótorsport 2005** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.30 **Strandblak** á Sýn.
- 23.40 **Leikur Tyrkja og Dana í undankeppni fyrir HM 2006** á Sýn.

Hjálparsveit skáta Kópavogi



Er starf í Björgunarsveit fyrir þig?

Kynningarfundur fyrir nýliða miðvikudaginn 7. september nk. kl. 20.00 að Bryggjuvör 2 við Kópavogshöfn. Uppl. í síma 894-0501 og á vefnum www.hssk.is

Frá Blakdeild Fylkis

Konur og karlar

Æfingatímar í vetur í Fylkishöll

á **fimmtudögum kl. 20:40 - 22:20**

og á **sunnudögum kl. 19:40 - 21:10**

Karlar eru sérstaklega hvattir til að mæta til að efla nýhafið karlastarf blakdeildarinnar.

Sérstakir byrjendatímar með sér þjálfara (fyrir konur og karla) verða samhliða æfingunum og eru allir sem áhuga hafa á að byrja i blaki en hafa ekki eða lítið spilað fyrr hvattir til að koma og nýta sér þá.

Fyrirspurnir hjá Andreu í síma 8491769 eða á fylkir@fylkir.org

Byrjendur eru teknir inn í september en eðli málsins samkvæmt er erfitt að fólk byrji á miðju tímabili.

Bendum líka á að barnastarfið er hafið í Fylkishöll og Ingunnarskóla.


SÝN TIL ÁRAMÓTA OG ÞÚ FÆRÐ EINN MÁNUÐ FRÍAN
515 6100 I OG VODAFONE I SKÍFAN I SYN.IS
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
LIVERPOOL
28. SEPT.
CHELSEA
SÚPER SEPTEMBER
STERKASTA DEILD Í HEIMI – MEISTARADEILD EVRÓPU
13. sept. // REAL BETIS - LIVERPOOL / CHELSEA - ANDERLECHT
14. sept. // VILLARREAL - MAN. UTD. / WERDER BREMEN - BARCELONA
27. sept. // AJAX - ARSENAL / MAN. UTD. - BENFICA
28. sept. // LIVERPOOL - CHELSEA / SCHALKE - AC MILAN
ÚTILEIKUR ÍSLANDS Í UNDANKEPPNI HM
7. sept. // BÚLGARÍA - ÍSLAND
HEIMSBIKARINN Í FORMÚLU – NÝTT Í BEINNI Á SÝN
24.-25. sept. // A1 GRAND PRIX
GOLF – BANDARÍKIN GEGN HEIMINUM
22.-25. sept. // PRESIDENTS CUP Í BEINNI
Stórmót með Tiger Woods, Vijay Singh, Retief Goosen og Phil Mickelson
ROY JONES SNÝR AFTUR – BOX Í BEINNI
10. sept. // ERIK MORALES - RAHEEM
17. sept. // MA BARRERA - PEDEN
1. okt. // ROY JONES JR. - ANTONIO TARVER
LANDSBANKADEILDIN Í BEINNI
Hverjir falla?
GOTT FÓLK McCANN
sýn
besta sætið




## STUÐ MILLI STRÍÐA | Verkstæðiskarlar vs. strætókerfið

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** ÆTLAR AÐ FARA Í STRÆTÓ.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Á erfitt með að ákveða mig hvort betra sé að taka strætó eða eiga bíl. Bíllinn krefst ferlega mikilla útgjalda af minni hálfu og þykir mér það aldrei góð tíðindi. Sérstaklega þegar peningunum sem fara í bensín gæti verið eytt í aðra þarfa hluti eins og ný föt. Hins vegar á ég ósköp erfitt með að sætta mig við strætókerfið. Hélt það hefði breyst til hins betra nú þegar stundum er hægt að taka strætó á tíu mínútna fresti. En nei það er víst ekkert hægt að stóla á það því voða fáir vilja vera strætóbílstjórar í dag. Um daginn beið ég í hálftíma eftir strætó sem átti að koma á tíu mínútna fresti. Var ekkert sérlega glöð.

Á hinn bóginn myndi ég sleppa við að fara á verkstæði með bílinn ef ég sem sagt ætti engan bíl og tæki strætó. Þegar ég hugsa til þess að fara á verkstæði þá fæ ég sama hroll og þegar ég hugsa um að fara á spítala eða til tannlæknis. Allir þessir karlar sem eru að skoða bílinn og tala við mann eins og maður sé algjör kjáni.

Svo segja þeir stórkarlalega: „Heyrðu hann er bara bilaður, þú verður að láta tékka á honum reglulega!" Horfa á mig með ásakandi augnaráði og allt í einu líður mér eins og ég sé komin aftur í leikskóla og fóstran sé að skamma mig fyrir að krota á borðið. Eins og manni finnist ekki nógu leiðinlegt að bíllinn sé bilaður. Svo fara þeir að hlæja þegar ég segist ekki vita hvað spindilkúlur eru. Leiðinlegu karlar.

Sem sagt eina leiðin til þess að ég geti sleppt því að fara og hitta verkstæðiskarla í nánustu framtíð er að ég taki strætó og sætti mig við strætókerfið. Þá sem sagt á ég meiri pening, þarf ekki að fara á verkstæði, þarf ekki að vera stressuð í umferðinni og ekki að hafa áhyggjur af nagladekkjum, olíu, vatnstanki, spindilkúlum og fleira álíka óáhugaverðu. Best að fara að kaupa rauða kortið. Og föt. ■







## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott




## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | 7 | | | 2 | 1 | |
| 9 | 8 | | 6 | 5 | | | 3 | |
| 6 | | | | | 4 | | | 9 |
| | | 2 | 8 | | 1 | | 7 | 4 |
| | 7 | | | 2 | | | 6 | |
| 5 | 1 | | 4 | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 2 | | | | | 3 |
| | 6 | | | 1 | 5 | | 4 | 8 |
| | 4 | 9 | | | 8 | 6 | | |

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom



# Losaðu þig við kílóin

fyrir full og allt!

**Viltu komast í þína kjörþyngd varanlega og hætta í „jó-jó" ferlinu að fitna og grennast á víxl?**

**Viltu lesa skemmtilega bók sem kennir þér að ná tökum á líkamsþyngdinni fyrir fullt og allt?**

**Viltu læra hvernig þú átt að takast á við þau augnablik í lífinu þar sem þú lætur undan freistingunum sem koma í veg fyrir að þér takist að grennast?**

**Bókin "Lögmálin 9 um megrun" er einstök bók sem þú ættir ekki að láta framhjá þér fara ef þú vilt stuðla að bættri heilsu þinni og losna við aukakíló.**

Ágústa Johnson




HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*

*Fimmtudagskvöldið 8. september verður opnuð sýning á verki myndlistarmannsins Finns Arnars í Epal, Skeifunni 6. Verkið „Stígur“ er innsetning en í því er gestum boðið í stuttan göngutúr „úti í ósnortinni náttúrunni“.*
*Samhliða myndlistinni hefur Finnur starfað sem leikmynda- og sýningahönnuður.*
*Sýningin er opin á opnunartíma verslunarinnar og stendur í þrjár vikur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Hádegissprengja í Hafnarborg

Frá því í ágúst árið 2002 hefur Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, staðið fyrir hádegistónleikum einu sinni í mánuði. Nú á fimmtudaginn 8. ágúst verða haldnir fyrstu tónleikarnir í hádegistónleikaröð vetrarins, en tónleikarnir hefjast klukkan tólf og standa yfir í hálfa klukkustund. Hádegistónleikarnir eru sérstaklega hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til þess að njóta góðrar tónlistar í hádegishléinu.
Að þessu tilefni hefur Hafnarborg fengið til samstarfs píanóleikarann Antoníu Hevesi sem listrænan stjórnanda tónleikaraðarinnar en Antonía er organisti við Hafnarfjarðarkirkju. Á tónleika septembermánaðar valdi Antonía óperusöngkonuna Elínu Ósk Óskarsdóttur sem fyrsta hádegissöngvarann, en tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar, ókeypis og öllum opnir meðan húsrúm leyfir.



**ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR ÓPERUSÖNGKONA** Elín verður fyrsti gestasöngvari Hafnarborgar á hádegistónleikum septembermánaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN

### > Ekki missa af ...



...hinni rammíslensku bíómynd Strákunum okkar eftir Róbert Douglas. Drepfyndið hommasport með grátbroslegu ívafi.

...af sýningunni Meistari Kjarval 120 ára, sem opnaði í Gerðasafni á laugardaginn. Þar má sjá lífshlaup Kjarvals frá 1905 til 1966.

...Banners Bright eftir Malcolm Green og Cosmosis-tauþrykki þeirra Godds, Ómars Stefánssonar og Bjarna H. Þórarinssonar í Kling og Bang gallerí til 25. september.

# Skoðaði taflborð Fischers og Spasskís

Bandaríska söngkonan Patti Smith var gerð að heiðursfélaga í taflfélaginu Hróknum í gær eftir mót sem félagið hélt henni til heiðurs í Þjóðmenningarhúsinu.
Að sögn Hrafns Jökulssonar, formanns Hróksins, er Smith, sem heldur tónleika á Nasa í kvöld, mikil skákáhugakona. Hafði hún óskað eftir því við tónleikahaldara að sjá taflborðið sem Bobby Fischer og Boris Spasskí notuðu í heimsmeistaraeinvígi sínu hér á landi árið 1972. Í framhaldi af því ákvað Hrafn að slá upp stuttu móti fyrir unga skákmenn í lestrarsal Þjóðmenningarhússins, þar sem taflið er geymt. Einnig voru Patti sýndar myndir frá Grænlandsferð Hróksins sem var farin á dögunum auk þess sem Andrea Gylfadóttir sæmdi hana Silfurhróknum, sem gerir söngkonuna þar með að heiðursfélaga í Hróknum.
„Hún var stórhrifin af þessu öllu. Henni fannst gaman að sjá borðið og tók myndir af því í bak og fyrir,“ segir Hrafn. „Henni fannst æðislegt að hitta krakkana líka og síðan ákvað hún að koma í næstu Grænlandsferð með okkur. Hún er greinilega mjög áhugasöm um skák og þekkir vel til skáklistarinnar. Hún talaði um hvað skákin væri góð fyrir rökhugsun, ímyndunaraflið og sköpunargáfuna.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VIÐ TAFLBORÐIÐ** Söngkonan goðsagnakennda hafði gaman af heimsókn sinni í Þjóðmenningarhúsið í gær.

Patti fékk einnig forláta taflborð að gjöf frá Hróknum svo að hún gæti þjálfað sig fyrir Grænlandsferðina, en að sögn Hrafns er hún mjög hógvær þegar kemur að eigin taflmennsku. Alls tóku fimmtán krakkar þátt í mótinu og urðu þær Júlía Rós Hafþórsdóttir og Sigríður B. Helgadóttir jafnar í efsta sætinu.
Patti Smith er talinn einn áhrifamesti kvenrokkari og textasmiður allra tíma. Á meðal frægustu laga hennar er dúettinn Because the Night sem hún söng með Bruce Springsteen og Dancing Barefoot sem hljómsveitin U2 setti á lagalista sinn um miðjan síðasta áratug við miklar vinsældir. **freyr@frettabladid.is**

# Fullur af mótsögnum

**Hver er Barði? sýnd á Atlantic Film Festival.**

Stuttmyndinni *Who's Barði?*, eða *Hver er Barði?*, eftir Ragnar Bragason hefur verið boðið til keppni á hinni virtu, alþjóðlegu kvikmyndahátíð Atlantic Film Festival, sem haldin er árlega í Halifax í Nova Scotia. Að þessu sinni stendur kvikmyndahátíðin yfir frá 15. til 24. september, en þar tekur myndin þátt í flokknum International Perspectives, sem sýnir það besta í alþjóðlegri kvikmyndagerð síðastliðið ár.
Á síðustu árum hefur Atlantic Film Festival orðið ein stærsta og virtasta kvikmyndahátíð Norður-Ameríku, en aðalmynd hátíðarinnar í ár er nýjasta kvikmynd sænska leikstjórans Lasse Hallström, sem ber titilinn *An Unfinished Life* og skartar þeim Robert Redford, Morgan Freeman og Jennifer Lopez í aðalhlutverkum.
Myndin *Who's Barði?* hefur ferðast víða um heim undanfarin misseri og vakið athygli á fjölda kvikmyndahátíða; þeirra á meðal Nordisk Panorama, Tekfestival Rome og Paris Tout Court.
*Who's Barði?* fjallar um tónlistarmanninn Barða Jóhannsson sem skipar hljómsveitina Bang Gang. Hópur kvikmyndagerðarmanna fylgir Barða eftir við upptökur á nýrri plötu, þar sem tónlistarmaðurinn gefur þá mynd af sér að hann sé algjört heilsufrík með óbilandi áhuga á andlegum málefnum og íþróttum, en kvikmyndagerðarmennina grunar fljótt að ekki sé allt með felldu. Þeir fara því að fylgjast með Barða án hans vitneskju og uppgötva heim sem er fullur af mótsögnum, sérvisku og undarlegri notkun á mjólkurvörum.
Sjá nánar á http://www.atlanticfilm.com.



FRÉTTABLAÐIÐ/RAGNAR BRAGASON

**HVER ER HANN EIGINLEGA ÞESSI BARÐI?** Myndin er fengin að láni úr kvikmynd Ragnars Bragasonar, *Who's Barði*, sem sýnd verður á hinni virtu Atlantic Film Festival síðar í mánuðinum. Í myndinni eru sýndar óvæntar senur úr lífi hins dularfulla Barða.






FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**EIRÍKUR SMITH** Ferill hans sem listmálara spannar meira en hálfa öld.

# Fetar nýjar slóðir

Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar í Hafnarborg opnaði sýningu á málverkum Eiríks Smith 27. ágúst, í tilefni áttræðisafmælis Eiríks 9. ágúst síðastliðinn. Á sýningunni eru ný verk eftir listamanninn, bæði olíu- og vatnslitamálverk.
Ferill Eiríks sem listmálara spannar meira en hálfa öld og í verkum hans speglast mörg helstu viðfangsefni í listasögu þess tíma, enda hefur Eiríkur aldrei verið hræddur við að feta nýjar slóðir í list sinni.
Í sýningarskrá segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur meðal annars: „Myndlist Eiríks hefur alla tíð verið trú þeim markmiðum sem flestir góðir listamenn setja sér, leynt eða ljóst, nefnilega að brjóta til mergjar grundvallaratriði á borð við tilvist manns í síbreytilegum heimi, samskipti hans við náttúruna, hlutverk tilfinningalífsins í öllu því tilvistar-og samskiptamynstri og síðast en ekki síst tæpir listamaðurinn óhræddur á helsta feimnismáli samtímamyndlistar, eilífðarspursmálinu.“
Safnið er opið alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17 og sýningunni lýkur 26. september.

# Gífurleg ánægja með gospeltónleika

Alls sáu um 2700 manns tónleika Gospelkórs Reykjavíkur í Laugardalshöll sem haldnir voru síðastliðið laugardagskvöld. Tónleikarnir gengu eins og í sögu og var mikil ánægja með frammistöðu kórsins, sem söng undir leiðsögn Óskars Einarssonar.

Kórinn var stofnaður í tilefni Kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000. Síðan þá hefur hann sungið víða við góðar undirtektir. Uppselt var á tónleikana í Laugardalshöll en hvar sem kórinn hefur spilað síðan hann var stofnaður hefur verið uppselt. Allur ágóði sem kórinn vinnur sér inn rennur til góðgerðarmála. Hann hefur meðal annars styrkt Samhjálp, ABC hjálparstarf og fleiri.


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR** Tónleikarnir í Laugardalshöllinni þóttu heppnast afar vel. Páll Rósinkrans var á meðal gestasöngvara.

# Miðasala á fimmtudag



Miðasala á tvær sýningar gríndvaldsins Sailesh, tvenn námskeið sem hann heldur ásamt fimm einkatímum hefst á fimmtudag klukkan 10.00.

Báðar sýningarnar verða haldnar laugardaginn 5. nóvember í Háskólabíói, námskeiðin daginn eftir og einkatímarnir verða mánudaginn 7. nóvember. Miðasala á viðburðina fer fram á event.is, í verslunum Skífunnar og hjá BT á Akureyri og á Selfossi.

Alls voru 111 þúsund heimsóknir skráðar á heimasíðu Event í síðasta mánuði þar sem sýnd eru atriði frá sýningum Sailesh hér á landi. Það er því greinilegt að uppátæki Sailesh njóta mikilla vinsælda bæði hérlendis og úti í heimi.


## Eldri borgarar
## Ferðaklúbbur eldri borgara

***Haustlitaferð í Borgarfjörð 16.september kl.13:00***

Ekið um Svínadal, Skorradal og Reykholtsdal
Kvöldverður skemmtiatriði og dans í
Munaðarnesi verð 5,400.- kr.
Allir eldri borgarar velkomnir
15 ára reynsla
**Upplýsingar í síma. 892-3011**









**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00 Kirsuberjagarðurinn - gestasýning** fim. 8/9, fös. 9/9 **Að eilífu - gestasýning** lau. 10/9, sun. 11/9 **Velkomin í Þjóðleikhúsið!** fös. 16/9, lau. 17/9, **Klaufar og kóngsdætur** sun. 18/9 kl. 14:00, **Edith Piaf** sun. 18/9. **LITLA SVIÐIÐ KL. 20:00 Koddamaðurinn** fim. 8/9, fös. 9/9, lau. 10/9. **SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00 Rambó 7** fös. 9/9.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Miðasalan** er opin kl. 12:30-18:00 mánudaga og þriðjudaga. Aðra daga kl.12:30- 20:00. **Símapantanir** frá kl. 10:00 virka daga. midasala@leikhusid.is. **Sími 551-1200. Miðasala á netinu:**
**www.leikhusid.is**

# BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
Su 11/9 kl 14, Su 18/9 kl 14,
Lau 24/9 kl 14, Su 25/9 kl 14

**HÖRÐUR TORFA LENGI LIFI**
**Ýmsir listamenn leika lög eftir Hörð í tilefni 60 ára afmælis listamannsins.**
Lau 10/9 kl. 21

**KYNNING LEIKÁRSINS**
Leikur, söngur, dans og léttar veigar
Su 11/9 kl 20
***Opið hús og allir velkomnir***

**HÖRÐUR TORFA HAUSTTÓNLEIKAR**
Fös 16/9 kl. 19:30, Fös 16/9 kl 22:30

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudag**

**WOYZECK - 5 FORSÝNINGAR Í SEPT.**
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. Su 18/9 kl. 21, Fö 23/9 kl 20, Fi 29/9 kl 20 **UPPSELT**, Fö 30/9 kl 20, Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku)

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**MANNTAFL**
Su 18/9 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**
Su 25/9 kl. 20, 2/10 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fi 8/9 kl. 20, Fö 9/9 kl 20, Lau 10/9 kl 20, Su 11/9 kl 20 **UPPSELT,** Fi 15/9 kl. 20, Lau 17/9 kl 20

**Endurnýjun áskriftarkorta er hafin!**
Ef þú gerist áskrifandi fyrir 20. september færð þú frítt gjafakort í Borgarleikhúsið
**- Það borgar sig að vera áskrifandi -**






# AÐEINS Í SEPTEMBER!

Vegna fjölda áskorana verða örfáar sýningar í Borgarleikhúsinu í september. *Alveg brilljant skilnaður* var ein fimm sýninga sem hlutu flest atkvæði sem sýning ársins í netkosningu fyrir Grímuna sl. vor.

Sýningin gekk fyrir fullu húsi í 60 skipti í vor.
Ekki missa af þessu – Tryggðu þér miða!

alveg BRILLJANT SKILNAÐUR

20% afsláttur
fyrir Vörðufélaga!

Einleikur
Eddu Björgvinsdóttur

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala Borgarleikhússins 5688000 og á netinu www.borgarleikhus.is











**KIRSTEN DUNST** Neitar staðfastlega orðrómi um samband við Orlando Bloom.

# Engin rómantík

Leikkonan Kirsten Dunst neitar því staðfastlega að hún og Orlando Bloom hafi verið meira en bara vinir þegar upptökur á myndinni Elizabethtown stóðu yfir fyrir stuttu. Leikkonan viðurkennir að hafa tengst Bloom tilfinningalegum böndum þegar þau unnu saman á síðasta ári en að það hafi aldrei orðið að rómantísku ástarsambandi eins og fjölmiðlar vilji vera láta. Dunst segist vel skilja það að leikarar falli hvor fyrir öðrum við upptökur. Ekki sé hægt að neita því að mikið er um aðlaðandi fólk í bransanum þannig að ekki er ólíklegt að það geti þróast út í eitthvað örlítið alvarlegra. ■




## FRÉTTIR AF FÓLKI



**M**illjarðamæringurinn **Andrey Melnichenko** gifti sig á dögunum. Hann fékk söngkonuna **Christinu Aguilera** til þess að syngja í brúðkaupsveislunni hjá sér sem haldin var í suðurhluta Frakklands. Upphæðin var engu lík og fólk talaði um að söngkonan hefði nánast unnið í lottóinu. **Aguilera** söng tvö lög í veislunni og gestirnir táruðust. Meðal annarra stjarna sem heiðruðu hjónin með söng sínum, voru feðgarnir **Enrique** og **Julio Iglesias** og engin önnur en **Whitney Houston**.



**Britney Spears** er ekki nógu ánægð með giftingarhringinn sinn og hefur ákveðið að láta búa til annan handa sér. Hún vill hafa demantinn flatari og ekki eins algengan. Eitthvað sem færri eiga. Hún og maður hennar **Kevin Federline** eiga von á sínu fyrsta barni seinna í þessum mánuði.

**Jerry Hall**, fyrrverandi eiginkona **Micks Jagger**, bauð núverandi kærustu hans **L'Wren Scott** heim til sín í te. **Jerry** sagðist einfaldlega vilja bjóða henni í heimsókn til þess að kynnast henni örlítið betur fyrst hún var farin að umgangast börnin hennar. „**L'Wren** er mjög fín kona þannig að það var alls ekki erfitt að kynnast henni,“ sagði **Jerry**. **Mick Jagger** og **Jerry Hall** voru gift í 25 ár en skildu árið 1999.

# Prefab Sprout lifir!

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Þessir bresku pörupiltar punguðu út fyrir tölvu og upptökugræjum í fyrra og tóku upp þessa frumraun sína inni í bílskúr. Þessa dagana eru þeir að túra um Bandaríkin auk þess sem þeir fengu þær fréttir fyrir skemmstu að þeir séu ásamt öðrum listamönnum tilnefndir til hinna virtu Mercury-tónlistarverðlauna. Enn ein sönnun þess að sveitir þurfa hvorki útgáfufyrirtæki né peninga í dag til þess að búa til plötur í hæsta gæðaflokki.

Þetta er líka svo sem ágætis sveit. Blessunarlega laus við að stæla Coldplay eða önnur meginstraumsklón. Tónlist Hard Fi er þá frekar í ætt við Kaiser Chiefs, þótt hún sé hvergi eins hressandi. Af einhverjum undarlegum ástæðum minnir hún mig á bresku sveitina Prefab Sprout sem átti meðal annars slagarann King of Rock N'Roll árið 1988. Þessi sveit hljómar svolítið eins og litli indí-bróðir hennar. Undarlegt en satt. Held að það liggi í lagasmíðum og rödd söngvarans. Áhrifin frá The Clash og The Specials leyna sér heldur ekki. Á sama tíma og ég er virkilega ánægður með að loksins skuli vera kominn gróska í breska rokkið er ég enn þá að bíða eftir því að vera rifinn upp frá rótum og hristur almennilega. Þessi frumraun Hard Fi er þó nokkuð yfir meðal lagi en samt virðist þessi sveit, eins og svo margar aðrar, uppteknari af því að elta eitthvað sem áður hefur verið borið á borð. Eins konar endurvinnsla á gömlum stílbrigðum og minni metnaður lagður í að reyna að skapa sinn eigin stíl. Vonandi fyllast þeir auknu sjálfstrausti með velgengni þessarar plötu, til þess að stíga skrefið til fulls næst. Ef þeir öðlast hugrekki til þess þá gæti næsta plata orðið meistaraverk. Því þessi er það ekki og verður bara að teljast þokkalegasta frumraun.

**Birgir Örn Steinarsson**




**HARD FI:**

STARS OF CCTV

**NIÐURSTAÐA:** Stjarna bresku sveitarinnar Hard Fi rís hratt í heimalandi sínu með þessari heimabrugguðu frumraun sinni. Þokkalegasta plata, en smá ferskleika vantar til þess að hún verði virkilega eftirminnileg.



HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 4-6-8-10.10 | |
| STRÁKARNIR OKKAR VIP | KL. 6-8-10.10 | |
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 8.15-10.30 | |
| RACING STRIPES enskt tal | KL. 3.50-6-8.15-10.30 | |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 3.50-6 | B.I. 16 |
| THE SKELETON KEY | KL. 8.15-10.30 | |
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 3.50-6 | |
| THE ISLAND | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| THE ISLAND VIP | KL. 3.30 | |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 6 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4 | |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 8-10 |
| RACING STRIPES | KL. 8 |
| HOSTAGE | KL. 10 |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 8-10 |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 6 |
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 6-8 |
| THE SKELETON KEY | KL. 10 |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 6.30-8.30-10.30 | |
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 6.30-8.30-10.40 | |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 6.30 | |
| DECK DOGZ | KL. 8.30 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 10.30 | B.I. 12 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 6.15-8.15-10.20 | |
| RACING STRIPES enskt tal | KL. 5.50-8-10.10 | |
| HEAD IN THE CLOUDS | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 16 ára |
| HERBIE FULLY LOADED | KL. 6 | |
| THE SKELETON KEY | KL. 8-10.10 | B.I. 16 ára |
| THE ISLAND | KL. 8-10.30 | B.I. 16 ára |
| BATMAN BEGINS | KL. 5.30 | B.I. 12 ára |

Háskólabíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**M**óðir **Melanie Griffith** sem heitir **Tippi Hedren** er mikill dýraunnandi. Hún er miður sín þessa dagana yfir dauða fíls sem hún átti og bar heitið **Timbo**. Árið 1972 bjargaði leikkonan þessum afríska fíl, sem nú er dáinn af völdum hjartabilunar.



**M**atthew **Perry**, fyrrverandi *Friends*-stjarna er búinn að eignast nýjan nágranna, en það er enginn annar en leikkonan **Lindsey Lohan**. Hún keypti sér þriggja herbergja íbúð en **Matthew Perry** á tveggja herbergja íbúð í sömu byggingu sem hann keypti í maí á þessu ári. Í húsinu má meðal annars finna sundlaug, gufubað og einkabílastæði.**Tobey Maguire**, **Cameron Diaz** og **Leonardo Dicaprio eiga einnig íbúðir í sama hverfi.**



**S**öngkonan Beyoncé Knowles varð 24 ára á dögunum og fékk veglega afmælisgjöf frá kærasta sínum **Jay-Z**. Hann gaf henni fokdýran demants- og rúbínhring og úr í stíl. Parið ástfangna er víst að fara að gifta sig í næsta mánuði. Það verður forvitnilegt að sjá skartgripina hjá þeim þann daginn.

# Frábærir Franz-menn

**[ TÓNLEIKAR ]**

UMFJÖLLUN

Það var greinilega mikill spenningur í loftinu fyrir tónleika Franz Ferdinand í Kaplakrika enda meðlimir sveitarinnar nýbúnir að ljúka við sína aðra plötu og rétt að byrja á tónleikaferð á nýjan leik.

Fyrri platan sló rækilega í gegn. Hún var margverðlaunuð í heimalandinu og ýmsar stjörnur, þar á meðal Bono úr U2, hafa keppst við að hlaða Franz Ferdinand lofi. Það er skemmst frá því að segja að hljómsveitin kom, sá og sigraði á tónleikunum í Kaplakrika. Nýju lögin hljómuðu hreint út sagt frábærlega og lofa þau mjög góðu fyrir næstu plötu, þar á meðal lagið þar sem Paul Thomson fékk hjálp frá tveimur öðrum við trommuleikinn. Útkoman var feikigóð og hljómaði trommuslátturinn eins og hríðskotabyssa.

Söngvarinn og gítarleikarinn Alexander Kapranos og gítarleikarinn Nicolas McCarthy náðu strax góðum tengslum við áheyrendur með líflegri sviðsframkomu og mikilli spilagleði. Minna fór fyrir Robert Hardy bassaleikara og Thomson, þótt þeir hafi staðið fyllilega fyrir sínu.

Þegar Kapranos hristi hausinn minnti hann helst á Bítlana þegar þeir voru og hétu. Kannski Franz Ferdinand verði bara næstu Bítlar? Þeir eru virkilega alúðlegir, ná góðum tengslum við áheyrendur, semja grípandi popplög og hafa gaman að því sem þeir eru að gera. Það er í það minnsta ljóst að sveitin á eftir að ná enn þá lengra og getur maður ekki annað en þakkað fyrir að hafa séð þá í toppformi hér á litla Íslandi. Tvímælalaust bestu tónleikar ársins.



FRÉTTABLAÐIÐ/PALLI

**FRANZ FERDINAND** HLJÓMSVEITIN BRESKA FÓR Á KOSTUM Í KAPLAKRIKA 2. SEPTEMBER

**NIÐURSTAÐA:** Frábærir tónleikar hjá stórskemmtilegri hljómsveit. Sannarlega bestu tónleikar ársins hingað til.

Freyr Bjarnason

Skóútsala
ÁRSINS
Allir skór á
Kr. 500.-
Meira úrval í öllum tegundum !!!!




Virka daga
Kl. 12-18
Laugardag
Kl. 11-16
Sunnudag
Kl. 13-16
UN - SKÓR
Fiskislóð 18 • Grandagarði • Sími 899 3725

Áttu eitthvað til að lina verki og hressa mig við?






GERIMAX
Gerimax fjölvítamín, steinefni og ginseng.
Eykur orku og vellíðan.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm gonna make him an offer he can't refuse."**

**Svar:**
Don Corleone í Guðföðurnum.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR ER SPENNT FYRIR HAUSTDAGSKRÁNNI EN SPENNTARI FYRIR HAUSTINU

## *Úthverfakóngur eða kampavín?*

Hvort hefði ég átt að miða gærkvöldið út frá því að ná Lost eða biðja kærastann að kenna mér mannganginn og tefla pínu djarft eftir að hafa æft mig í að fullkomna heimagerðar koníakstrufflur eftir kvöldverðinn? Ætti ég að slaufa námskeiðinu í töfrabragðaskólanum í kvöld til að vera örugglega heima þegar nýi Innlit-Útlit þátturinn hefst á Skjá einum? Trúlega er best að segja pass við rómantískri sundferð í Laugaskarð annað kvöld. Oprah byrjar klukkan níu. Og á fimmtudagskvöldið er afmæli hjá bestu vinkonunni. Er þess virði að sleppa King of Queens fyrir franska súkkulaðiköku með kórónu af hindberjum og dísætu kampavíni? Meina, þátturinn varir í hálftíma. Tertusneiðin aðeins mínútu í munni og heila mannsævi á mjöðmum.
Haustið er komið í töfrandi mynd meðan tælandi vetrardagskráin hellist yfir eyru og augu. En er það mín dagskrá eða það sem dagskrárstjórar sjónvarpsstöðvanna hafa reiknað með að ég vilji sjá þegar náttúran skartar sínu fegursta og kvöldin heima eru ómótstæðilega kósí? Er í lagi að Stelpurnar steli af mér hálftíma á laugardagskvöldi eða ætti ég frekar að plana tímann til frekari þroska, afkasta eða samverustunda með ástvinum? On/Off-takki sjónvarpsins er þar af ástæðu. Þú hefur val. Gerðu kröfur til sjónvarpsefnis. Þannig að þú verðir ríkari en ekki tómari á eftir. Bandarísk börn eyða 28 klukkustundum á viku fyrir framan sjónvarpið. Um sjötugt hafa þau eytt áratug ævi sinnar í sjónvarpsgláp og mötun sem ekki alltaf endurspeglar lífið eins og það raunverulega er. Galdurinn er að lifa með sjónvarpinu á eigin forsendum. Með því móti stjórnar þú sjónvarpinu, en ekki sjónvarpið þér.



KING OF QUEENS



22.20 *Drama*

ROSE OG MALONEY



22.00 *Spenna*

LAX



21.00 *Raunveruleiki*

THE CUT



21.00 *Nýtt*

INNLIT/ÚTLIT



21.30 *Bílar*

MÓTORSPORT

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Músasjónvarpið (8:13)

**18.30 Allt um dýrin (2:25)** (All About Animals)
**19.00 Fréttir og íþróttir**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Everwood (21:22)** (Everwood II)
**20.45 Út og suður** Gísli Einarsson fer um landið og heilsar upp á forvitnilegt fólk.
**21.05 Stríðsárin á Íslandi (6:6)** 10. maí síðastliðinn voru liðin 65 ár frá því að breski herinn gekk á land á Íslandi. Sjónvarpið endursýnir nú flokk heimildamynda sem gerður var árið 1990.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Rose og Maloney (7:8)** (Rose and Maloney) Bresk þáttaröð um rannsóknarlögreglukonuna Rose og félaga hennar Maloney sem glíma við dularfull sakamál.

**23.10** Málsvörn (27:29) **23.55** Kastljósið **0.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Married to the Kellys (e) **13.50** Kóngur um stund **14.15** Extreme Makeover (e) **15.00** Monk **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons (16:25) (e)** (
**20.00 Strákarnir** Sveppi, Auddi og Pétur halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr.
**20.30 Amazing Race 7 (1:15)** (Kapphlaupið mikla) Ellefu lið eru mætt galvösk til leiks, reiðubúin til þátttöku í sjöunda Kapphlaupinu.
**21.15 Eyes (9:12)** (Á gráu svæði) Dramatískur myndaflokkur.
**22.00 LAX (6:13)** (Unscheduled Arrivals) Hörkuspennandi myndaflokkur sem gerist á alþjóðlega flugvellinum í Los Angeles, LAX.
**22.45 Crossing Jordan (2:21)** (Réttarlæknirinn)

**23.30** Trois 2: Pandora's Box (Stranglega bönnuð börnum) **1.10** Training Day (Stranglega bönnuð börnum) **3.10** Fréttir og Ísland í dag **4.30** Ísland í bítið **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Veggfóður** Hönnunar- og lífsstílsþátturinn Veggfóður sem er undir stjórn arkitektsins og sjónvarpskonunar vinsælu Völu Matt og sjónvarpsmannsins Hálfdáns Steinþórssonar.
**20.00 Joan Of Arcadia (10:23)**
**20.45 Byrjaðu aldrei að reykja** (Gerð myndbandsins 1)
**21.00 The Cut (2:13)** (If I don't Win, The World Will Suffer For It) Það er enginn annar en Tommy Hilfiger sem er hönnuðurinn að þessum raunveruleikaþætti en Hilfiger er eitt þekktasta vörumerkið í tískuheiminum í dag.
**22.00 Kvöldþátturinn**
**22.40 David Letterman**

**23.30** Rescue Me (10:13) **0.15** Friends 3 (1:25) **0.40** Seinfeld (9:24) **1.05** Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

**17.50** Cheers **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið**
**19.30 According to Jim (e)**
**20.00 The Restaurant 2** Stórgóður raunveruleikaþáttur og framhald á þáttaröðinni sem sýnd var síðasta sumar.
**21.00 Innlit/útlit ñ NÝTT!** Innlit/útlit hefur göngu sína á ný á SkjáEinum en þetta er sjöunda þáttaröðin enda á þátturinn miklum vinsældum að fagna og ekkert lát virðist þar á. Áhorfendur geta átt von á ýmsum breytingum þar sem nýir og frískir einstaklingar taka að sér að stýra þættinum í vetur. Þetta eru þau Þórunn Högnadóttir, Arnar Gauti Sverrisson og Nadia Katrín Banine.

**22.00 Judging Amy – NÝTT!**
**23.00** Jay Leno **23.45** The Contender (e) **0.40** Cheers (e) **1.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.00** Olíssport **17.30** US PGA DB Championship

**20.30 Toyota-mótaröðin í golfi** (Flugfélag Íslands mótið)
**21.30 Mótorsport 2005** Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir.
**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina.
**22.30 2005 AVP Pro Beach Volleyball** (Strandblak) Strandblak kvenna og karla er íþróttagrein sem nýtur vaxandi vinsælda og dregur að sér fjölda áhorfenda. Keppnisfólkið er það fremsta í sinni röð en í strandblaki fer saman tækni, snerpa og gott úthald. Fylgst verður með skemmtilegum töktum á ströndinni á næstu vikum.

**23.40** HM 2006

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.15** Iceage **8.00** Deliver Us from Eva **10.00** Swept Away **12.00** Titanic **15.10** Iceage **16.30** Deliver Us from Eva **18.30 Swept Away.** Rómantísk gamanmynd um fertuga frekjudós. **20.00 Titanic.** Aðalhlutverk: Kate Winslet og Leonardo Di Caprio. **23.10** The Man in The Moon **0.50** Deeply (Bönnuð börnum) **2.35** Chasing Beauties (Bönnuð börnum) **4.00** The Man in The Moon

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.30** Fashion Police **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** E! Entertainment Specials **18.00** R.E.M. When in Rome **18.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **21.00** The Soup **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** The Soup **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bæjarstjórnarfundur **23.15**Korter

### ENSKI BOLTINN

**20.30 Upphitun (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum Willum Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni.
**22.00 Chelsea - WBA frá 24.08** Leikur sem fram fór síðastliðinn miðvikudag.

**0.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **1.00** Dagskrárlok



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!

THE AMAZING RACE

Kapphlaupið mikla hefst í kvöld kl. 20:30





## HRÓSIÐ

*...fær Magga Stína fyrir að taka það verkefni að sér að skemmta þjóðinni á laugardagskvöldum í vetur.*

## DÓTAKASSINN SIMPC SMÁTÖLVA

# Örsmá en kná



### SEM ER?

SimPC er micro PC-tölva sem er á stærð við venjulega vídeóspólu. Það er hægt að nota internetið, senda tölvupóst, það má fara inn á netbanka, koma myndum af stafrænni myndavél yfir á tölvuna og prenta þær út. Það er einnig hægt að hringja í gegnum netið, horfa á myndir, hlusta á tónlist og spila leiki.

*Nánari upplýsingar er að finna á www.simpc.com*

### GALLAR?

Það er ekki hægt að brenna geisladiska eða dvd-diska á þessari tölvu og það er ekki hægt að setja upp forrit í tölvunni upp á eigin spýtur. Það er einnig frekar flókið að laga til myndir á þessari litlu tölvu.

### KOSTIR?

Tölvan er auðveld í notkun vegna þess hve lítil hún er. Hún er samt sem áður örugg og laus við vandamál af flestu tagi. Hún er hljóðlát og notar litla orku. Líklega er þessi tölva góð fyrir ömmu gömlu sem þarf ekki að kljást við flóknar aðgerðir. Að öðru leyti munu líklega flestir þurfa á öflugri PC-tölvu að halda. Þær eru til betri á markaðnum en þessi. SimPC kostar um 30 þúsund krónur.



**Lárétt:** 2 land, 6 í röð, 8 keyra, 9 traust, 11 kringum, 12 fémunir, 14 samfestingur, 16 einnig, 17 gæfa, 18 óðagot, 20 ónefndur, 21 þjappa.
**Lóðrétt:** 1 rífa upp með rótum, 3 samtök, 4 lán á himinháum vöxtum, 5 forskeyti, 7 traustur, 10 háma, 13 hár, 15 heimili, 16 margsinnis, 19 dýrahljóð.

**Lausn**

**Lárétt:** 2 Laos, 6 æö, 8 aka, 9 trú, 11 um, 12 auður, 14 gallí, 16 og, 17 lán, 18 fum, 20 nn, 21 treð.
**Lóðrétt:** 1 ræta, 3 aa, 4 okurlán, 5 sam, 7 öruggur, 10 úða, 13 ull, 15 inni, 16 oft, 19 me.








FRÉTTABLAÐIÐ/GRÍMUR BJARNASON

**EFST Á SPAUGI** Sigurður Sigurjónsson, Karl Ágúst Úlfsson og Örn Árnason ætla að skemmta landsmönnum í Súlnasal Hótels Sögu.

KABARETTINN EFST Á SPAUGI: HEFST Í SÚLNASALNUM 1. OKTÓBER

# Dagskrá fyrir góða Íslendinga

Félagarnir úr Spaugstofunni, Sigurður Sigurjónsson, Karl Ágúst Úlfsson og Örn Árnason, ætla 1. október að fara af stað með sýninguna Efst á spaugi í Súlnasal Hótel Sögu.

Um verður að ræða klukkutíma langa skemmtidagskrá þar sem gestir geta snætt þríréttaða kvöldmáltíð og farið síðan á dansleik með hljómsveitinni Saga Class.

„Við höfum ekki verið með svona sýningu í töluverðan tíma," segir Örn Árnason. „Við vorum með kabaretta í Súlnasalnum sem lögðust af um tíma. Núna hafa hlutirnir þróast svo mikið að sum fyrirtæki eru orðin svo stór að það er erfitt að fá inni fyrir smærri fyrirtæki. Þannig að við ákváðum að reyna að búa til góða stemningu fyrir þessa smærri hópa í notalegu umhverfi. Þetta verður góður og gamaldags kabarett með gleðilegri dagskrá fyrir góða Íslendinga."

Örn tók síðast þátt í kabarett sem þessum undir lok tíunda áratugarins ásamt Karli Ágústi og Ladda, en lengra er síðan Sigurður spreytti sig á svona löguðu. Að sögn Arnar mun Efst á spaugi reyna að spegla samtímann að einhverju leyti, rétt eins og Spaugstofan hefur gert í gegnum árin. „Það hafa komið ýmsar hugmyndir, meðal annars að nota persónur úr Spaugstofunni, en við eigum eftir að vinsa úr þeim. Síðan er ein hugmynd að nota vídeótökuvél í salnum eins og er gert í beinum útsendingum í sjónvarpinu," segir hann. „Við ætlum að nota fólk í salnum, því maður er manns gaman. Við ætlum að fá fólk með okkur því við viljum fyrst og fremst að fólk skemmti sér."

Örn játar að þetta verði spennandi verkefni og skemmtileg tilbreyting. „Þetta er gjörólíkt því sem við erum að gera í sjónvarpi og leikhúsi. Ef þetta virkar ekki færðu að vita það strax. Þú þarft ekki að bíða eftir því að fá einhverja gagnrýni í fjölmiðlum."

Þess má geta að 17. september hefst Spaugstofan á nýjan leik í Ríkissjónvarpinu, væntanlega við mikinn fögnuð fjölmargra Íslendinga. freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bandaríska söngkonan Patti Smith, sem heldur tónleika á Nasa í kvöld, hefur tekið ástfóstri við land og þjóð síðan hún kom í fyrrakvöld. Hún ákvað að fara í Bláa lónið í gær eftir að tónlistarmaðurinn Lou Reed hafði gefið staðnum bestu meðmæli. Sagði hann Patti að lónið væri besti staður í heimi og að allir sem í það færu myndu yngjast um tíu ár. Patti skoðaði sig einnig um í miðbænum og lýsti skömmu síðar yfir miklum áhuga á að kaupa þar hús.

Söngvarinn Joe Cocker, sem hélt vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll á dögunum, hafði einkakokk með í förinni hingað til lands. Cocker borðar spaghetti bolognese fyrir hverja tónleika og treystir greinilega engum öðrum til þess að matreiða þessa orkuríku máltíð á réttan hátt en sínum eigin kokki. Miðað við kraftinn í Cocker í Höllinni er ljóst að kokkurinn vann fyllilega fyrir kaupinu sínu.



Nú styttist í að tökum ljúki á stórmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers, hér á landi. Eastwood og félagar eru hæstánægðir með land og þjóð. Helst hafa tæknimenn myndarinnar kvartað yfir breytilegum vindi á tökustað en annars hafa menn verið mjög sáttir. Þriðjungur myndarinnar er tekinn upp hér á landi, sem er mun stærri hluti en hefur verið notaður í flestum öðrum myndum sem hafa verið teknar upp hérlendis, þar á meðal Batman Begins og Tomb Raider.








# Vitlaust eintak af Strákunum okkar

Vitlaust eintak af kvikmyndinni Strákarnir okkar hefur verið notað til sýninga á myndinni hérlendis síðan hún var frumsýnd síðastliðinn föstudag.

Að sögn Róberts Douglas, leikstjóra Strákanna okkar, varð hann að fara með þetta eintak í umferð, því ellegar hefði hann þurft að seinka frumsýningu myndarinnar um mánuð. Hefði það komið sér afar illa, sérstaklega vegna auglýsingaherferðar sem hafði verið í gangi. „Þetta var klikk hjá þeim í London sem gera eftirvinnsluna," segir Róbert. „Englendingar neita að vinna um helgar og hefðu getað náð réttu eintaki á laugardeginum. Þeir voru bara búnir að litgreina tvo kafla í myndinni og voru ekki búnir með hljóðvinnsluna, þannig að á fyrstu fimmtán mínútunum eru vandræði með hljóðið. Síðan týndu þeir tveimur atriðum og myndin var líka of dökk. En núna eru allir þessi punktar komnir í lag og rétta eintakið verður sýnt á morgun [í dag]," segir Róbert, sem vissi ekki af vandræðunum með hljóðið fyrr en hann sá myndina á frumsýningu í Háskólabíói. „Hefðum við vitað nákvæmlega hvernig þetta eintak var hefðum við líklega boðið gagnrýnendum seinna á sýninguna því það er stór munur á fyrsta eintakinu og þessu nýja, sérstaklega í hljóð- og myndvinnslu. En maður getur víst ekki annað gert en að segja fall er fararheill."



**STRÁKARNIR OKKAR** Kvikmynd Róberts Douglas, Strákarnir okkar, var frumsýnd síðastliðinn föstudag.


ÝN TIL ÁRAMÓTA OG ÞÚ FÆRÐ EINN MÁNUÐ FRÍAN
515 6100 I OG VODAFONE I SKÍFAN I SYN.IS
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
LIVERPOOL
28. SEPT.
CHELSEA
SÚPER SEPTEMBER
STERKASTA DEILD Í HEIMI – MEISTARADEILD EVRÓPU
13. sept. // REAL BETIS - LIVERPOOL / CHELSEA - ANDERLECHT
14. sept. // VILLARREAL - MAN. UTD. / WERDER BREMEN - BARCELONA
27. sept. // AJAX - ARSENAL / MAN. UTD. - BENFICA
28. sept. // LIVERPOOL - CHELSEA / SCHALKE - AC MILAN
ÚTILEIKUR ÍSLANDS Í UNDANKEPPNI HM
7. sept. // BÚLGARÍA - ÍSLAND
HEIMSBIKARINN Í FORMÚLU – NÝTT Í BEINNI Á SÝN
24.-25. sept. // A1 GRAND PRIX
GOLF – BANDARÍKIN GEGN HEIMINUM
22.-25. sept. // PRESIDENTS CUP Í BEINNI
Stórmót með Tiger Woods, Vijay Singh, Retief Goosen og Phil Mickelson
ROY JONES SNÝR AFTUR – BOX Í BEINNI
10. sept. // ERIK MORALES - RAHEEM
17. sept. // MA BARRERA - PEDEN
1. okt. // ROY JONES JR. - ANTONIO TARVER
LANDSBANKADEILDIN Í BEINNI
Hverjir falla?
sýn
besta sætið


30
HÆGÐU Á ÞÉR
BÖRN AÐ LEIK
Skilaboð sem varða líf og heilsu barnanna okkar tökum við öll alvarlega. Hámarkshraði í flestum íbúðahverfum er 30 km á klukkustund.
UMFERÐARSTOFA
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UFS 25842 09/2004

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



! 90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30




BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Tilkynningar og tilfinningar*

Auglýsingar lýsa tíðaranda og geta sagt svo ótal margt um ástand og líðan þjóðar hverju sinni. Þannig gleymist hún seint tilkynningin sem birtist sjónvarpsáhorfendum á áttunda áratugnum um að auminginn hún Alda væri loks hætt að þvo í höndunum með bretti – hún hefði verið leyst af hólmi með forláta þvottavél með sama nafni. Skammt er liðið frá því súkkulaðisjúki gæinn lét sig dreyma um risavaxnar, berrassaðar og olíubornar ljóskur. Einhverjar auglýsingar hitta okkur beint í hjartastað og aðrar kitla hláturtaugarnar.

**VIRÐULEGUR** og heimilislegur þulur las eitt sinn á góðu Gufunni: Pallíettujakkar, pallíettujakkar, tveggja tonna pallíettujakkar? Hik kom á þulinn og þögn ríkti í örfáar sekúndur, en svo tók hann til máls á ný: Þulur les þetta aftur. Pallettutjakkar, Pallettutjakkar, tveggja tonna pallettutjakkar, sagði hann svo með bros í röddinni.
Og einhvern veginn svona hljómuðu útvarpsauglýsingar á öldum ljósvakans nú fyrir helgina: Öryrkjar, öryrkjar! Astmalyfin ókeypis í dag. Meðöl og máttur. Ellilífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar! Astmalyfin ókeypis í dag. Meðöl og máttur. Lyfseðilsskyld lyf hefur hingað til ekki mátt auglýsa fyrir almenning og astmalyf ku jú vera lyfseðilsskyld. Þarna má því ef til vill skynja breyttar áherslur.

**NÚ ER** um að gera að vera vakandi og leggja við hlustir ef maður er sjúklingur því hver vill missa af ókeypis lyfjum sem þarf á þeim að halda alla sína ævidaga? Hver veit nema þessi markaðssetning nái nýjum hæðum. Þá má ef til vill heyra auglýsingar á þessum nótum: Krakkaormar, krakkaormar! Hegðunarlyfin ókeypis í dag. Meðöl og máttur. Exemsjúklingar, exemsjúklingar! Sterakremin ókeypis í dag. Meðöl og máttur. Hjartveikir,hjartveikir! Sprengitöflur ókeypis í dag, Meðöl og máttur. Þunglyndir, þunglyndir! Ókeypis gleðipillur, aðeins í dag. Meðöl og máttur.

**EINHVERJIR** munu áreiðanlega hlusta grannt eftir tilkynningum um ókeypis lyf á næstunni. Það munar um minna þar sem lyf á landinu bláa eru ekki þau ódýrustu í álfunni. Stöku lyfsalar virðast fikra sig út á sama hála ísinn og áfengissalar og geta þeir nú leiðst hönd í hönd á ótryggri ísbreiðunni. ■





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sorento** er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, hraðastilli, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

**KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins**
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.

KIA MOTORS

HEKLA *KIA umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000

100% veðsetningarhlutfall

Frjáls íbúðalán

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Lágmúla 6, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Himinn og haf/SÍA